allt

Þóra Tómasdóttir:

*Sjúk í leðurjakka*

• heimili • tíska • ferðir

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Jón Gnarr:

*Fékk nafnið sitt samþykkt*

• fólk á að fá að ráða þessu sjálft

SÍÐA 34 ▶






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

31. mars 2005 – 85. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

## FIMMTUDAGUR



**AUÐUN GEORG TEKUR STARFIÐ** Auðun Georg Ólafsson kveðst munu taka að sér starf fréttastjóra á fréttastofu Útvarps. Hann vonast til að málið leysist farsællega. Fréttamenn ræða vinnustöðvun ef hann sest í stólinn. Starfsmannasamtök RÚV funda í dag. **Sjá síðu 2**

**EVRAN VERÐUR TIL SKOÐUNAR** Halldór Ásgrímsson segir evruna hljóta að koma til skoðunar þegar sveiflur gengisins eru brotnar til mergjar. **Sjá síðu 2**

**UNGT FÓLK NEIKVÆÐARA Í GARÐ INNFLYTJENDA** Fjórðungur stráka 14-16 ára segir að innflytjendur eigi ekki að njóta sömu réttinda og aðrir Íslendingar. Helmingur telur þá of marga. Félagslegar aðstæður og námsárangur hafa áhrif á afstöðu drengjanna en enginn munur er milli höfuðborgar og landsbyggðar. **Sjá síðu 4**

**NOKKUR STÓR ATRIÐI ÓFRÁGENGIN** Ákvörðun um hvernig staðið verður að sölu Símans verður tekin á allra næstu dögum, að sögn Davíðs Oddssonar. Eftir á að ákveða hve stór hluti verði seldur til kjölfestufjárfesta og hvort bjóða eigi stofnanafjárfestum hlut eða hvort þeir eigi að kaupa á almennum markaði. **Sjá síðu 4**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**RIGNING I BORGINNI** Annars verður rigning sunnan og vestan til en úrkomulítið á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 3-9 stig í dag. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**ALÞJÓÐLEGUR SKATTARÉTTUR Í ÖRRI ÞRÓUN** Lagadeild Viðskiptaháskólans á Bifröst efnir til málþings um alþjóðlegan skattarétt klukkan 13.00 á Bifröst. Verður rætt um ýmis tækifæri alþjóðavæðingarinnar, en einnig ýmis álitamál, meðal annars í skattalegu tilliti. Frítt inn og allir velkomnir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 30 | Myndlist | 30 |
| Tónlist | 28 | Íþróttir | 20 |
| Leikhús | 30 | Sjónvarp | 32 |

**Fjöldi lesenda á fimmtudögum***




*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, feb. 2005.

# Milliríkjadeilur í miðborginni

**Utanríkisráðuneytið hefur þurft að hafa milligöngu vegna deilna milli borgaryfirvalda og rússneska sendiráðsins vegna 400 fermetra sprengjuhelds húss sem rússneski sendiherrann er að láta reisa í bakgarði sendiráðsins í Garðastræti.**

**SENDIRÁÐ** Rússneski sendiherrann hefur virt að vettugi tilmæli borgaryfirvalda um að stöðva umfangsmiklar framkvæmdir á lóð sendiráðsins við Garðastræti í miðborg Reykjavíkur. Sendiráðið er að reisa sjö metra hátt 400 fermetra hús, með sprengjuheldri viðbyggingu sem nota á til að opna póst.

Magnús Sædal Svavarsson, byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar, staðfesti að borgaryfirvöld hefðu fengið vitneskju um framkvæmdirnar eftir ábendingar frá nágrönnum í desember. „Rússarnir byrjuðu á verkinu í óleyfi því þeir töldu sig ekki þurfa að fara að íslenskum lögum, sem er ekki rétt hjá þeim. Þeir höfðu ekki sótt um byggingarleyfi og því fór ég fram á að framkvæmdir yrðu stöðvaðar,“ segir Magnús. Hann staðfestir að Rússarnir hafi ekki orðið við þeirri beiðni.

Lóð sendiráðsins er rússneskt yfirráðasvæði og því hafa íslensk yfirvöld ekki leyfi til að fara inn á lóðina. „Utanríkismálaráðuneytið hefur haft milligöngu í málinu og fylgst með því ef til vandræða kemur, en það getur alveg orðið,“ segir Magnús.

Nágrannar sendiráðsins eru ósáttir við bygginguna og telja húsið svo stórt og fyrirferðarmikið að það muni fylla upp í baklóðina. Fjallað verður um málið á fundi skipulags- og byggingarnefndar á miðvikudag. „Ef byggingarleyfi verður ekki veitt verða Rússarnir að fjarlægja það sem þegar hefur verið reist. Þetta er rússneskt yfirráðasvæði og mun utanríkisráðuneytið því þurfa að taka þátt í að leysa málið,“ segir Magnús.

Ef byggingarleyfi verður hins vegar veitt og nágrannar kæra það til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála er ekki líklegt að nefndin telji sér fært að úrskurða í málinu. „Ekki miðað við fyrri úrskurði nefndarinnar,“ segir Magnús. „Áður hafa þrjú mál komið til kasta nefndarinnar, tvö vegna bandaríska sendiráðsins og eitt vegna hins kínverska. Nefndin vísaði málunum frá á grundvelli svokallaðs úrlendisréttar, sem þýðir að nefndin telur sig ekki hafa lögsögu yfir lóðunum,“ segir hann.

**- sda/jss**



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**UNGAR MÆÐUR Í GÖNGUTÚR** Það var létt yfir þeim Anítu, Brynju, Katý, Svanhvíti, Brynhildi og Jónu Guðnýju þar sem þær spókuðu sig með börnin sín í Keflavík í gær. Þrátt fyrir að annað mætti halda fer fæðingartíðni lækkandi í Keflavík. Fæðingar á síðasta ári voru 209 og fækkaði um fjórtán frá fyrra ári. Það sem af er árinu hafa 42 konur orðið léttari á fæðingardeild Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Þar fengust einnig þær upplýsingar að frumbyrjur í Keflavík væru yfirleitt yngri en gengur og gerist í Reykjavík.

Starfsfólk dóms- og kirkjumálaráðuneytisins:

# Braut lög um skjaldarmerkið

**LÖGREGLUMÁL** „Strangt til tekið er þarna um brot á lögum um skjaldarmerkið að ræða og ráðuneytisstjóri hefði að mínu mati átt að taka fram fyrir hendurnar á fólkinu,“ segir Sigurður Líndal lagaprófessor. Í fyrsta bindi bókar um sögu Stjórnarráðsins sem nýlega kom út má sjá hópmynd af starfsfólki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í bolum merktum skjaldarmerki Íslands en slíkt er bannað samkvæmt lögum.



**LÖGBROT**
Ströng lög gilda um skjaldarmerkið og engum heimilt að nota það nema stjórnvöldum.

Sigurður Líndal segir ósmekklegt að slíkt líðist enda séu lögin skýr um skjaldarmerkið og engar undantekningar leyfðar. „Í tólftu grein fánalaganna er skýrlega kveðið á um að notkun ríkisskjaldarmerkisins sé einkenni stjórnvalda ríkisins og notkun þess þeim einum heimil. Ég sé ekki að starfsfólkið falli undir þessa skilgreiningu og finnst lítil virðing sýnd með þessu tiltæki.“

Brot á lögum um íslenska fánann eða skjaldarmerki varða sektum eða allt að eins árs fangelsi.

**- aöe**



**VOR Í LOFTI**
Hunangsflugur eru nú komnar á stjá.

Hunangsflugur:

# Vaknaðar úr vetrardvala

**DÝRALÍF** Hunangsflugur eru komnar á kreik en þær hafa sést á Húsavík, Laugum, Hornafirði og í Breiðdal. Erling Ólafsson, skordýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, segir mjög óvanalegt að flugurnar vakni úr vetrardvala svo snemma. „Hingað til hefur verið hægt að stilla dagatalið eftir því hvenær þær fara á kreik en það hefur verið 19. eða 20. apríl,“ segir Erling.

Lengi vel var aðeins til ein tegund hunangsfluga á Íslandi en 1959 nam önnur land og sú þriðja 1979. Yfir vetrarmánuðina grafa flugurnar sig í jörð, eða finna annað afdrep, til að leggjast í dvala.

**- kk**

Fækkun í Kauphöll:

# Samherji yfirtekinn

**VIÐSKIPTI** Samherji, stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins, verður yfirtekinn á næstunni ef hluthafar félagsins ganga að tilboði frá hópi fjárfesta. Að hópnum standa stærstu hluthafar Samherja, þar á meðal Þorsteinn Már Baldvinsson, Kristján Vilhelmsson og Tryggingamiðstöðin.

Yfirtaka Samherja gæti orðið ein sú stærsta sem fram hefur farið á íslenskum hlutabréfamarkaði en fjárfestarnir greiða um níu milljarða króna fyrir aðra hluti. Þetta hefur í för með sér að Samherji verður ekki lengur skráður í Kauphöllina og bætist í hóp margra félaga sem hafa yfirgefið markaðinn á undanförnum misserum.

**- eþa**

**Sjá síðu 16**





## SPURNING DAGSINS

*Alfreð, eru stjórnmálin ekki óttalegur sandkassaleikur?*

**"Fyrir barnafjölskyldur getur sandkassaleikur stundum verið lífsins alvara."**

Borgaryfirvöld kynntu á dögunum hugmyndir sínar um gjaldfrjálsan leikskóla. Sjálfstæðismenn hafa fundið þeim ýmislegt til foráttu og hefur meðal annars komið til orðaskaks á milli fjármálaráðherra og Alfreðs Þorsteinssonar, formanns borgarráðs.

Forsætisráðherra um sveiflur krónunnar:

# Evran verður til skoðunar

**EFNAHAGSMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segir aðstæður einstakar í efnahagslífinu nú meðan stóriðjuframkvæmdir standa yfir. Þær eigi sér ekki fordæmi og ekki séu til töfraformúlur til að leysa þau vandamál sem upp kunni að koma, hvort sem litið sé til almennrar hagstjórnar eða þrengri þátta eins og vinnumarkaðar. Þetta kom fram í ræðu forsætisráðherra á ársfundi Seðlabankans.

Halldór gerði einnig gjaldmiðilinn að viðfangsefni sínu. Hann sagði okkur gjalda þess að fjármagnsmarkaðurinn væri lítill. „Tiltölulega litlar fjármagnshreyfingar inn og út úr landinu geta skapað miklar sveiflur í gengi okkar litlu íslensku krónu. Ég held að þetta sé staða sem við verðum að búa við á meðan við höfum okkar eigin gjaldmiðil," sagði Halldór og bætti því við að með þessu væri hann ekki að segja að upptaka evru myndi leysa öll vandamál. „En þetta er eitt þeirra atriða sem hljóta að koma til skoðunar þegar sveiflur gengisins eru brotnar til mergjar."

Halldór lagði áherslu á að umræða um vandamál í hagstjórn væri nú af öðrum toga en hefði verið fyrr á tímum þegar glíman var við verðbólgu og kaupmáttarrýrnun almennings. Hann sagðist kunna betur við umræðu um þau vandamál hagstjórnar sem nú þyrfti að glíma við. **- hh**



**LÍTILL GJALDMIÐILL**
Halldór Ásgrímsson segir sveiflur fylgja því að við erum með eigin gjaldmiðil. Þegar sveiflur gengis séu brotnar til mergjar hljóti evran að vera eitt af því sem koma hljóti til skoðunar.

Halldór um evruna:

# Össuri þykir lítið til koma

**EFNAHAGSMÁL** Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, gefur lítið fyrir ummæli Halldórs um evruna. „Þetta er svona dæmigerð framsóknarmennska. Auðvitað hljóta Íslendingar að skoða alla möguleika og margsinnis hefur verið sýnt fram á að ákveðnir kostir fylgja evrusamstarfinu." Hann bendir máli sínu til stuðnings á loðnar Evrópuyfirlýsingar framsóknarmanna á flokksþingi á dögunum.

Össur aftekur að flokkarnir tveir hafi færst nær í þessum málum. „Það er ekkert daður á milli Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar." **- shg**

Wolfowitz:

# Rétti fram sáttahönd

**BRUSSEL, AP** Fátt virðist geta komið í veg fyrir að Paul Wolfowitz verði bankastjóri Alþjóðabankans. Hann ræddi við fjármála- og þróunarmálaráðherra Evrópusambandsríkjanna í Brussel í gær og þótti komast vel frá þeim fundi. Margir evrópskir stjórnmálamenn höfðu gagnrýnt skipun hans mjög.



**DÚFUKURR Í HAUKNUM**
Paul Wolfowitz komst vel frá fundinum í Brussel en fá dæmi eru um að ráðherraráðið kalli menn á sinn fund með þessum hætti.

Þrátt fyrir herskáa fortíð sína lofaði Wolfowitz virkri samvinnu í baráttunni gegn fátækt. Ráðherrarnir voru á einu máli um að Wolfowitz hefði góðan skilning á ástandi þróunarlandanna og leist þeim vel á framhaldið. ■

Danska morðið:

# Tveir menn eftirlýstir

**DANMÖRK** Danska lögreglan hefur lýst eftir tveimur mönnum í tengslum við morðið á leigubílstjóranum Torben Vagn Knudsen. Líkið af honum fannst í pörtum um páskahelgina.

Sjónarvottar segjast hafa séð Knudsen að morgni föstudagsins langa í fylgd með dönskumælandi manni af asísku bergi brotnu og öðrum sem talinn er vera Bandaríkjamaður.

Þá kveðst lögreglan hafa fundið íbúð þar sem ummerki um voðaverkið voru sjáanleg. Íbúðin er í götunni þar sem höfuð og búkur Knudsen fundust á páskadag. ■

# Auðun Georg tekur starfið

**Auðun Georg Ólafsson kveðst munu taka að sér starf fréttastjóra á fréttastofu Útvarps. Hann vonast til að málið leysist farsællega. Fréttamenn ræða vinnustöðvun ef hann sest í stólinn. Starfsmannasamtök RÚV funda í dag.**

**RÍKISÚTVARPIÐ** „Ég vona að þetta mál leysist farsællega og þá innan húss en ekki í gegnum fjölmiðla," sagði Auðun Georg Ólafsson, nýráðinn fréttastjóri Útvarps, við Fréttablaðið í gær. Hann kvaðst að sjálfsögðu myndu taka við fréttastjórastarfinu, en kvaðst ekki vilja tjá sig frekar um málið. „Þetta er innanhússmál," sagði hann, „sem ég vil að verði leyst á þeim vettvangi og með þeim hætti að menn ræði saman."

Fréttamenn fréttastofa Útvarps og Sjónvarps settust á fund í hádeginu í gær til að ræða hugsanlegar aðgerðir ef og þegar Auðun Georg tæki við fréttastjórn. Þeir ræddu meðal annars vinnustöðvun eða hægagang við fréttaöflun. Jafnvel yrði gripið til „faglegra fundahalda" í vinnutíma. Fréttamenn Ríkisútvarpsins hafa tvívegis lýst yfir vantrausti á Markús Örn Antonsson útvarpsstjóra vegna ráðningarinnar. Almennur fundur starfsmanna Ríkisútvarpsins hefur hvatt hann til að draga ákvörðun sína til baka með 93 prósentum atkvæða.



**AUÐUN GEORG ÓLAFSSON**
Vonar að málið leysist farsællega.

„Það var ekki tekin nein ákvörðun um hvað menn ætla endanlega að gera," sagði Arnar Páll Hauksson, sem ekki vildi tjá sig um umræddar aðgerðir. „En einróma niðurstaða fundarins var sú að menn ætla ekki að vinna með þessum fréttastjóra."

Aðrir fréttamenn sem blaðið ræddi við tóku í sama streng og Arnar Páll. G. Pétur Matthíasson kvaðst óttast að margir myndu hugsa sér til hreyfings frá RÚV ef svo færi sem horfði að Auðun Georg tæki við stjórnartaumunum á fréttastofunni.

Fundur verður haldinn í starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins í hádeginu í dag. Þar verða hugmyndir um viðbrögð starfsfólks ræddar. Á fundinum í gær völdu fréttamenn fjóra úr sínum hópi til að undirbúa starfsmannafundinn í dag.

Fjórir af fimm fréttamönnum sem Bogi Ágústsson, forstöðumaður fréttasviðs, taldi hæfasta til að gegna starfi fréttastjóra, en var hafnað, hafa óskað eftir rökstuðningi frá Markúsi Erni Antonssyni fyrir höfnuninni. Sá fimmti sagði upp. **jss@frettabladid.is**



**VINNUSTÖÐVUN**
Fréttamenn Ríkisútvarpsins sátu á fundi í gær, þegar myndin var tekin, og ræddu ýmsar hugsanlegar aðgerðir, þar á meðal vinnustöðvun



**SKÁLMÖLD**
Bíll tilræðismannanna í Mosul var í ljósum logum eftir árásina.

Óöld í Írak:

# Skotárásir um allt land

**BAGDAD, AP** Á annan tug manna týndi lífi í tilræðum víðs vegar um Írak í gær. Mannskæðasta árásin var gerð í Mosul þar sem fjórir uppreisnarmenn skutu sex vegfarendur til bana áður en þeir féllu fyrir byssukúlum hermanna.

Hvorki gengur né rekur í stjórnarmyndunarviðræðum í landinu og er ekki útlit fyrir að menn nái saman í bráð. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**VINNUSLYS Á GRUNDARTANGA** Krani rakst í höfuð manns þar sem hann var við vinnu í Grundartangahöfn í gær. Nokkuð blæddi úr höfðinu en maðurinn missti þó ekki meðvitund. Hann var fluttur með sjúkrabíl til Akraness.

**UMFERÐARSLYS Í EYJAFIRÐI** Maður slasaðist alvarlega í bílveltu á Eyjafjarðarbraut vestri við bæinn Hólshús um kaffileytið í gær. Maðurinn var einn í bílnum og var hann fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og síðan til Reykjavíkur með sjúkraflugi.

**ÁREKSTUR Í AUSTURBORGINNI** Tveir bílar skullu harkalega saman í gærkvöld við Hólsveg. Tveir voru fluttir á slysadeild en meiðsli þeirra voru minniháttar. Bílana varð hins vegar að draga í burtu.




**Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18**

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
laugardaga: 11–15
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Samkeppnisstofnun segir reglurnar settar ólíkum fyrirtækjum:

# Kvartanir Og Fjarskipta hafa ekki borist

**SAMKEPPNI** Samkeppnisstofnun hefur ekki fengið formlegar athugasemdir frá Og Fjarskiptum eða beiðni um endurupptöku nýrra reglna sem hún setti fjarskipta- og fjölmiðlasamsteypunum Og Vodafone og 365 ljósvakamiðlum, og samsteypu Símans og Skjás eins.

Guðmundur Sigurðsson, forstöðumaður samkeppnissviðs Samkeppnisstofnunar, segir ekki hægt að svara ásökunum Og Fjarskipta fyrr en formlegt erindi berist. Ekki sé hægt að taka afstöðu til þess hvort breyta þurfi reglunum fyrr en þeir sjái rökstuðning fyrir því. Reglurnar endurspegli ólíka stöðu fyrirtækjanna:

„Landssíminn er markaðsráðandi fyrirtæki á fjarskiptamarkaði en 365 ljósvakamiðlar er með sterka stöðu á sjónvarpsmarkaði," segir Guðmundur: „Það væri í sjálfu sér fráleitt að sams konar skilyrði væru fyrir báðum samrunanum út af mismunandi vægi fyrirtækjanna."




**SAMKEPPNISSTOFNUN**
Forstöðumaður samkeppnissviðs segir markmið nýrra reglna að reyna að auka samkeppni á fjarskipta- og fjölmiðlamörkuðum.

Og fjarskipti segja stofnunina mismuna fyrirtækjasamsteypunum með ólíkum skilyrðum um dreifingu sjónvarpsefnis. Skjár einn geti krafist að myndlyklar fyrirtækisins séu einungis notaðir til að taka á móti sjónvarpsefni þess fram til júlí 2007. Það geti 365 ljósvakamiðlar ekki frá og með næstu áramótum. **- gag**

31. mars – 3. apríl 2005




# KRINGLU KAST

**Fimmtudagur**
10.00 til 21.00

**Föstudagur**
10.00 til 19.00

**Laugardagur**
10.00 til 18.00

**Sunnudagur**
13.00 til 17.00

**Veitingastaðir og Kringlubíó eru með opið lengur á kvöldin.**

## 20 til 50% afsláttur af nýjum vörum

## Opið til 21 í kvöld

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 30.03.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,26 | 61,56 |
| Sterlingspund | GBP | 115,20 | 115,76 |
| Evra | EUR | 79,27 | 79,71 |
| Dönsk króna | DKK | 10,64 | 10,70 |
| Norsk króna | NOK | 9,69 | 9,75 |
| Sænsk króna | SEK | 8,67 | 8,72 |
| Japanskt jen | JPY | 0,57 | 0,57 |
| SDR | XDR | 92,37 | 92,93 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**109,22 -0,21%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Davíð Oddsson um sölu á Símanum:

# Nokkur stór atriði ófrágengin

**SÍMINN** Ákvörðun um hvernig staðið verður að sölu Símans verður tekin á allra næstu dögum, að sögn Davíðs Oddssonar utanríkisráðherra sem fundaði með Halldóri Ásgrímssyni um málið að loknum ríkisstjórnarfundi í gær.

Enn á eftir að afgreiða nokkur stór atriði, að sögn Davíðs. Hann vildi ekki láta uppi hver þau atriði væru en sagði að þau væru samanhangandi. Spurður hvort stjórnarflokkarnir væru sammála um framvindu málsins svaraði hann: „Stjórnarflokkarnir eru sammála um það að þessi atriði séu atriði sem verði að liggja á borðinu áður en til sölunnar kemur.“

Meðal þess sem taka þarf ákvörðun um er hvort selja eigi allt fyrirtækið í einu, og ef ekki, hversu stór hluti fyrirtækisins verði seldur í fyrstu umferð. Einnig þurfa stjórnarflokkarnir að komast að niðurstöðu um það hversu stór hluti verði seldur til kjölfestufjárfesta og hvort bjóða eigi stofnanafjárfestum hlut eða hvort þeir eigi að kaupa á almennum markaði.

Að sögn Davíðs er ráðherranefndin, sem auk Davíðs og Halldórs er skipuð Geir H. Haarde fjármálaráðherra og Valgerði Sverrisdóttur iðnaðar- og viðskiptaráðherra, enn að fara yfir málið. „Einkavæðingarnefndin gengur ekki lengra en hún hefur gengið fyrr en hún veit hvernig þeir sem bera hina pólitísku ábyrgð vilja að málið liggi við,“ sagði Davíð.

„Við viljum klára málið sem fyrst því til þess að salan geti farið fram í júní eða júlí þarf þetta að liggja fyrir. Ég á von á því að það verði á allra næstu dögum, án þess að ég vilji dagsetja það. Vonandi í þessari viku,“ sagði Davíð. ■

- sda



**DAVÍÐ ODDSSON EFTIR RÍKISSTJÓRNARFUND Í GÆR**
Meðal þess sem taka á eftir ákvörðun um er hvort selja á Símann í einu lagi, og ef ekki hversu stór hluti fyrirtækisins yrði seldur í fyrstu umferð.

Uppgjör hins opinbera:

## Taprekstur sveitarfélaga

**FJÁRMÁL** Taprekstur sveitarfélaganna árið 2004 nam tæpum tíu milljörðum króna samkvæmt yfirliti sem Hagstofa Íslands birti í gær. Mest var tapið á síðasta ársfjórðungnum; 4,2 milljarðar króna.

Afgangur var hins vegar á rekstri ríkisins í fyrra og nam hann fjórum milljörðum. Var veglegur rekstrarafgangur á síðasta ársfjórðungi sem snéri þróuninni við en fyrri helming ársins var reksturinn neikvæður um 5,5 milljarða. Síðustu þrjá mánuði ársins 2004 voru tekjurnar hins vegar um níu milljörðum króna meiri en gjöldin.

Samanlagt var því tapið á rekstri hins opinbera tæpir sex milljarðar króna. Tekið er fram að tölur fyrir síðasta ársfjórðung eru bráðabirgðatölur.

- bg

Fræðirithöfundar:

## Sjö fá starfslaun

**ÚTHLUTUN** 10,4 milljónum króna hefur verið úthlutað úr Launasjóði fræðirithöfunda. Samtals bárust 59 umsóknir og fengu sjö rithöfundar starfslaun í sex mánuði. Þetta eru Björn Hróarsson, Erla Hallsteinsdóttir, Halldór Guðmundsson, Ingunn Ásdísardóttir, Jakob F. Ásgeirsson, Ólafur Páll Jónsson og Þorvaldur Kristinsson. Meðal þeirra verka sem rituð verða eru ævisaga Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra, Þórbergur og Gunnar – líf tveggja skálda auk fræðirits um íslenska hraunhella.

- sgi

### LÖGREGLUMÁL

**SLASAÐIST VIÐ ÚTAFAKSTUR** Kona var flutt á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri snemma í gærmorgun eftir að hafa ekið bíl sínum út af til móts við Æsustaði í Langadal. Kvartaði hún yfir eymslum í hálsi og baki en ekki var talið að um alvarleg meiðsl væru að ræða. Bíll konunnar var talinn ónýtur.

# Ungt fólk neikvæðara í garð innflytjenda

**Fjórðungur stráka 14-16 ára segir að innflytjendur eigi ekki að njóta sömu réttinda og aðrir Íslendingar. Helmingur telur þá of marga. Félagslegar aðstæður og námsárangur hafa áhrif á afstöðu strákanna en enginn munur er milli höfuðborgar og landsbyggðar.**

**INNFLYTJENDUR** Neikvæð viðhorf í garð innflytjenda fara vaxandi meðal ungs fólks, samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem Rannsóknir og greining hafa gert fyrir Rauða kross Íslands. Samanborið við svipaðar kannanir 1997 og 2000 fækkar þeim ungmennum sem telja að menning sem fylgir innflytjendum hafi jákvæð áhrif á samfélagið en hinum sem telja að áhrifin séu neikvæð hefur fjölgað.

Rannsóknin, sem var gerð árið 2003, tekur til níundu og tíundu bekkja grunnskóla um allt land en í þeim bekkjum eru krakkar á aldrinum fjórtán til sextán ára.

Í könnuninni var meðal annars spurt hvort innflytjendur eigi að njóta sömu réttinda og aðrir Íslendingar og er aðeins helmingur unglinganna sammála því en fimmtungur eða 20 prósent er því ósammála. Þar hefur fækkað um átta af hundraði í hópi þeirra sem voru þessu sammála 1997 og þeim sem eru ósammála fjölgað að sama skapi um átta prósent. Áberandi munur er á hlutfalli stráka og stelpna að þessu leyti, en fjórði hver strákur á aldrinum fjórtán til sextán ára er þeirrar skoðunar að innflytjendur eigi ekki að njóta sömu réttinda og aðrir Íslendingar. Helmingi færri stelpur, eða 13 prósent, eru sömu skoðunar.

Þá var spurt um afstöðu til fjölda innflytjenda og eru um 40 af hundraði unglinganna á þeirri skoðun að þeir séu of margir. Sambærileg tala 1997 var 24 prósent. Afstaða strákanna er mun harðari en stelpnanna en helmingur þeirra telur innflytjendur of marga.

„Þetta eru sláandi niðurstöður,“ segir Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands. „Við sjáum dæmi um jákvæð áhrif útlendinga víða í samfélaginu, meðal annars í menningu, listum og atvinnulífi, en á sama tíma virðist afstaða ungs fólks gagnvart útlendingum vera að harðna“.

Enginn munur er á afstöðu unglinga á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni en efasemdir um jákvæð áhrif innflytjenda aukast eftir því sem áhættuhegðun eykst og félagslegar aðstæður versna. Hins vegar er athyglisvert að þau ungmenni sem gengur vel í skóla og hafa jákvæð viðhorf til námsins eru jákvæðari gagnvart innflytjendum en þau sem verr gengur.

- sþs



**FORDÓMAR AUKAST**
Þau kynntu rannsóknina: Bryndís Björk Ásgeirsdóttir frá Rannsóknum og greiningu, Ómar Kristmundsson í stjórn RKÍ, Sigrún Árnasóttir framkvæmdastjóri RKÍ, og Helga G. Halldórsdóttir sviðsstjóri.

Erlendum ríkisborgurum á Íslandi hefur fjölgað hratt á undanförnum árum. Þannig hefur fjöldi þeirra tvöfaldast á síðustu tíu árum og þrefaldast á síðustu 25 árum. Heildarfjöldi:

| | |
|---|---|
| 1980 | 3240 |
| 1996 | 5148 |
| 2003 | 10180 |

**Fjölmennustu hópar innflytjenda**
**1980**
Danir 966
Bandaríkjamenn 667
Þjóðverjar 239
**1996**
Danir 953
Bandaríkjamenn 576
Pólverjar 460
**2003**
Pólverjar 1.856
Danir 870
Filippseyingar 609

Lambasel:

## Fjörutíu um hverja lóð

**LÓÐAMÁL** Alls eru 40 umsóknir um hverja lóð í Lambaseli í Breiðholti. Borginni hafa þegar borist um tólfhundruð umsóknir um einbýlishúsalóðirnar þrjátíu, en umsóknarfresturinn er ekki liðinn.

Athygli vakti þegar ónafngreindur auglýsti í Fréttablaðinu eftir því að kaupa lóð af þeim sem fengi úthlutað. Fyrsta dag auglýsingarinnar heimsóttu um 1.200 manns heimasíðu ónefnda mannsins. Nú hafa nær 100 til viðbótar skoðað síðuna.

Í auglýsingu borgarinnar stendur að sá sem framselji úthlutaða lóð geti ekki átt von á að fá úthlutað annarri byggingarlóð í Reykjavík.

- gag

Færð á vegum:

## Takmarkanir á malbiki

**FÆRÐ** Enn eru í gildi þungatakmarkanir á mörgum láglendisvegum og jafnvel malbikuðum leiðum samkvæmt upplýsingum frá Vegagerð ríkisins. Ástæðan er sú að vegir eru mjög viðkvæmir meðan frost fer úr jörðu. Þá er akstur bannaður á fjölmörgum hálendisvegum sem komnir eru upp úr snjó þar sem þeir verða að drullusvaði ef þeir eru eknir.

Ef fólk hefur áhuga á að komast upp á jökul er hægt að komast upp á Langjökul frá Húsafelli. ■

### MJÓLKURSAMLÖG

**KOSIÐ UM SAMEININGU** Deildarfundir í félögum Mjólkursamsölunnar á Norður- og Vesturlandi verða haldnir í vikunni og þeirri næstu. Verður kosið um hvort sameina eigi fyrirtækið Mjólkurbúi Flóamanna. Felli ein af deildunum fimm sameiningu nær hún ekki fram að ganga í þetta sinn. Mjólkursamlag Kjalarnesþings hefur samþykkt sameiningu.


# Ekki fyrsta aprílgabb!

**Einstakt vortilboð á Hótel Örk 1. - 3. apríl**

*Hljóðkútarnir leika fyrir dansi laugardagskvöld*
*Þriggja rétta hátíðarkvöldverður hússins*
*Trúbadorar föstudagskvöld*
*Sundlaug og gufa*
*Gisting í tvíbýli*
*Heitir pottar*
*Morgunverður*
*Aðeins 1.- 3. apríl*



***Einungis 4.900 krónur***
*(Nóttin á mann í tvíbýli. Gisting, matur og skemmtanir)*

**Pantanir í síma 483 4700**
**info@hotel-ork.is, www.hotel-ork.is**
HÓTEL ÖRK


## Veðrið

**FLOTT VEÐUR Í SAN FRANCISCO**
Á sama tíma og við sjáum fram á dálítið norðanhret um og eftir helgi, vorar hratt víða annars staðar. Þannig er að sjá að í San Francisco verði um 22-23 gráður og heiðskírt í dag. Ekki amalegt það. Ég hef fengið frá lesendum mjög góð viðbrögð við því að vera með veðurspá fyrir borgir víða um heim. Hugmyndin er auðvitað að þjónusta þá sem eru á faraldsfæti og þeim fer víst ekki fækkandi nú þegar sumarið er á næsta leyti. Það er næsta víst!!



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag um hádegi




### Á morgun




Víðast hæglætisveður, síst þó á Vestfjörðum norðanverðum.

### Laugardagur




Vaxandi norðanátt fyrst vestan til.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C skýjað | París | 15°C skýjað | Mílanó | 14°C léttskýjað |
| Osló | 7°C skýjað | Berlín | 11°C skýjað | New York | 12°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 7°C skýjað | Madrid | 22°C skýjað | San Fransisco | 22°C heiðskírt |
| London | 14°C léttskýjað | Amsterdam | 13°C léttskýjað | Orlando | 29°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

SONY

# Vaxtaus helgi

## í Sony Center Kringlunni!




Verðlauna-
myndavélin
frá Sony!

DSC-T1

**Sony stafræn myndavél.**

· 5 megapixla verðlaunavélin frá Sony
· 2,5" skjár
· 3x aðdráttur um Carl Zeiss hágæðalinsu

**Verð 3.999 krónur**
**vaxtalaust* í 12 mán. eða**
**47.988 krónur staðgreitt**

CMT-HPX7

**Sony samstæða**

· 120W magnari
· 5 diska geislaspilari með mp3 afspilun
· Tengi fyrir tölvuna/mp3 spilarann

**Verð 2.499 krónur**
**vaxtalaust* í 12 mán. eða**
**29.988 krónur staðgreitt**



Fermingar-
samstæðan!
120W magnari og
tekur 5 diska!



• 650W
þráðlaust
heimabíó!

DAV-SB500

**Sony heimabíókerfi.**

· Þráðlausir bakhátalarar
· 650W magnari

**Verð 7.499 krónur**
**vaxtalaust* í 12 mán. eða**
**89.988 krónur staðgreitt**

You make it a Sony

*Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Sony Center Kringlunni

www.sonycenter.is



## KJÖRKASSINN

*Þarft þú að fara í átak eftir páskaeggjaát?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 33% |
| Nei | 67% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu búin(n) að skila skattskýrslunni?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Ný skýrsla um ástand jarðarinnar:

# Móðir jörð á undir högg að sækja

**UMHVERFISMÁL** Ný rannsókn sýnir að stór hluti náttúrunnar hefur orðið fyrir verulegum ágangi af völdum mannfólksins. Grípa þurfi strax inn í ef ekki eigi að fara illa.

Rannsóknin er sú umfangsmesta sem gerð hefur verið á ástandi jarðarinnar. 1.360 vísindamenn frá 95 löndum unnu að henni í fjögur ár og var afraksturinn kynntur í gær. Niðurstöður hennar eru að fólksfjölgun og efnahagsumsvif síðustu áratuga hafi verið á kostnað náttúrunnar. Þetta getur haft þær afleiðingar að barátta gegn fátækt og farsóttum verði fyrir bí. Skýrsluhöfundar segja að sextíu prósent graslendis, skóga, fljóta og stöðuvatna hafi skaðast verulega og verði ekkert að gert geti vatnsból, fiskimið og skógar eyðilagst með öllu á næstu áratugum.

Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, sagði að skýrslan væri áminning um hvernig við gætum breytt um stefnu en samtökin hafa stutt við gerð hennar.

Á meðal úrræða sem bent er á í rannsókninni er afnám viðskiptahindrana og niðurgreiðslna á landbúnaðarvörum, aukin verndun skóglendis og strandsvæða og enn frekari takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda. ■



**ENN MÁ BÆTA ÚR**
Kofi Annan mælti fyrir skýrslunni í gegnum fjarfundabúnað þegar hún var kynnt í Tókýó í Japan. Hann hvatti þjóðir heims til að hugsa sinn gang.




## Alþjóðlegur viðskiptaréttur og vöxtur fjölþjóðafyrirtækja

**Opinn fyrirlestur á Bifröst**

Ríki og alþjóðastofnanir á borð við Sameinuðu þjóðirnar, OECD og WTO, hafa reynt að setja niður alþjóðareglur um fjárfestingar en það hefur reynst vandasamt. Á opnum fyrirlestri á Bifröst föstudaginn 1.apríl kl.15.00 mun Peter T. Muchlinski, gestaprófessor lagadeildar Viðskiptaháskólans á Bifröst halda fyrirlestur á sviði alþjóðlegs viðskiptaréttar og um vöxt fjölþjóðafyrirtækja. Rædd verða mismunandi sjónarmið sem takast á í þessum efnum og athyglisverðir þættir umræðunnar um hnattvæðingu, svo sem mikilvægi þess að ná jafnvægi á milli réttinda ríkja eru sem mislangt komin í þróun, hagsmuni fjárfesta gagnvart ríkjum og virðingu fyrir réttindum einstaklinga.

Fyrirlesturinn er einkar áhugaverður fyrir sérfræðinga og stjórnendur fyrirtækja sem starfa á alþjóðavettvangi og ekki síður þá sem leggja stund á nám og rannsóknir á þessu sviði.

*Peter T. Muchlinski er prófessor í lögum og alþjóðaviðskiptum við lagadeild háskólans í Kent og kenndi um árabil við London School of Economics og University of London. Sérsvið hans lýtur að alþjóðlegum og evrópskum viðskiptarétti, stöðu fjölþjóðafyrirtækja og rétti Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Hann hefur ritað fjölda bóka og greina á sínu sviði og verið ráðgjafi opinberra aðila varðandi beinar erlendar fjárfestingar. Nýleg skrif hans hafa m.a. fjallað um mannréttindi og félagslega hlið alþjóðaviðskipta. Hann er ráðgjafi ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og þróun.*

**Fyrirlesturinn verður haldinn á Bifröst föstudaginn 1. apríl kl.15**

**Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.**

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN BIFRÖST

Nánari upplýsingar á www.bifrost.is


# Vilja vita um ferðir Fischers úr landi

**Bandaríkjamenn vilja vera látnir vita ef Bobby Fischer ferðast frá Íslandi. Engar líkur eru á að orðið verði við því. Fischer verður heldur ekki framseldur. Utanríkisráðherra segir að Bandaríkjamenn viti það vel.**

**FISCHER-MÁLIÐ** Bandaríkjamenn hafa farið fram á það að vera látnir vita ef Bobby Fischer fer úr landi. Þessu var komið á framfæri í gegnum alþjóðalögregluna Interpol, sem sendi ríkislögreglustjóra bréf. Auk þess var óskað eftir staðfestingu á veru Fischers hér á landi og það hefur verið gert.

Íslensk yfirvöld hafa ekki svarað beiðninni um að láta bandarísk yfirvöld vita af ferðum Fischers. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru engar líkur á því að þau muni samþykkja að verða við henni því ekki er vaninn að fylgjast með ferðum íslenskra ríkisborgara.

Davíð Oddsson utanríkisráðherra sagði í gær að beiðni Bandaríkjamanna væri ekki einungis formsatriði. „Þetta er meira en það, vegna þess að farið er fram á að upplýst verði ef Fischer ferðast úr landi. Þar með gætu Bandaríkjamenn óskað eftir því að hann yrði handtekinn í öðrum löndum. Hann ætti þá erfitt með að komast héðan,“ sagði Davíð.

„Fischer verður ekki framseldur til Bandaríkjanna og Bandaríkjamönnum var gert grein fyrir því strax í upphafi. Þeir vita það vel,“ segir Davíð. Samkvæmt íslenskum lögum er ekki heimilt að framselja íslenska ríkisborgara til annarra landa.

James Irvin Gadsden, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, sagði í gær að mál Fischers væri til meðferðar í bandaríska dómsmálaráðuneytinu og hann gæti ekki tjáð sig nánar um hvort ætlunin væri að krefjast framsals Fischers. Gadsden sagði aðspurður að vonbrigði Bandaríkjamanna yfir því að Íslendingar hefðu veitt Fischer ríkisborgararétt myndu ekki hafa áhrif á samband ríkjanna tveggja. „Við lítum á Ísland sem náinn bandamann Bandaríkjanna og það hefur ekki breyst,“ sagði hann.

Davíð sagðist ekki telja að málið myndi hafa áhrif á samskipti ríkjanna. „Við höfum alltaf gert grein fyrir því að þetta sé gert af mannúðarástæðum og við erum ekki að taka afstöðu með þeim margvíslegu yfirlýsingum sem Fischer hefur gefið í gegnum tíðina og okkur þykja á marga lund ósmekklegar og ósanngjarnar mjög.“

Talsmaður bandaríska dómsmálaráðuneytisins sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki geta tjáð sig um málefni Fischers. „Hvenær sem um er að ræða ákæru á hendur einstaklingi vegna lögbrots vonumst við alltaf til þess að hann verði framseldur. Hvort af því verður fer hins vegar eftir ýmsu, svo sem hvar hinn ákærði er niðurkominn,“ sagði hann.

Dómsmálaráðuneytið hefur nú beiðni Bandaríkjamanna til athugunar en Björn Bjarnason dómsmálaráðherra vildi ekki tjá sig um efnisatriði bréfsins frá Interpol.

sda@frettabladid.is





FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR HARALDSSON

**BOBBY FISCHER OG SÆMUNDUR PÁLSSON Í VERSLUNARLEIÐANGRI Í GÆR**
Davíð Oddsson segir að Bobby Fischer sé óhætt hér á landi. Hann verði ekki framseldur. Þá er afar ólíklegt að Íslendingar verði við beiðni bandarískra yfirvalda um að láta þau vita ef Fischer ferðist úr landi.






Ísafjarðar-Begga vill afplána við hlið mannsins síns á Litla-Hrauni

VAR FLUTT NAUÐUG Í KARLA-FANGELSI

DV – hefur þú séð DV í dag?


Færsla Hringbrautar:

# Njarðargata lokuð í þrjár vikur

**FRAMKVÆMDIR** Töluverðar framkvæmdir standa nú yfir á mótum Hringbrautar og Njarðargötu. Njarðargata hefur verið lokuð fyrir umferð sunnan Hringbrautar og verður það áfram næstu þrjár vikur að sögn Höskuldar Tryggvasonar hjá Gatnamálastofu Reykjavíkur.

Verið er að reisa göngubrú yfir Hringbraut auk þess sem verið er að aðlaga Njarðargötu að mótum gömlu og nýju Hringbrautar. Þá er unnið að jarðvegsskiptum fyrir stöpla göngubrúar yfir Njarðargötuna.

Höskuldur segir framkvæmdir við færslu Hringbrautar standa ágætlega. Tæplega ár sé liðið frá því að þær hófust og búast megi við að þeim ljúki í október. Inni í verkefninu er færsla götunnar og aðlögun þeirra gatna sem liggja að henni.

Búast má við fleiri lokunum við Hringbraut í sumar. Til dæmis verði Snorragata lokuð á móts við Landspítala vegna gerð undirganga. Eftir 1. maí verður Miklabraut þrengd niður í tvær akreinar við Eskihlíð þegar ný Hringbraut verður tengd við austurenda götunnar.

- sgi



**HRINGBRAUT**
Unnið er að gerð göngubrúar yfir Hringbraut.

# PEUGEOT 407

# TÖLUM UM NÝSKÖPUN

**Meistarahönnun Peugeot 407 sem setur nýjan staðal fyrir fjölskyldubíla**




Peugeot 407 frá kr. **2.190.000**
kr. 22.941 á mánuði *

Peugeot 407 SW frá kr. **2.350.000**
kr. 24.618 á mánuði *

www.peugeot.is

airbags · AC · M.I.L. · JBL · F.A.P. · ESP · Tiptronic · T.D.T

Komdu og upplifðu meistarahönnun sem setur fjölskyldubílnum nýjan staðal. Það er ekki aðeins krafturinn í hönnuninni sem gerir hann sérstakan - líka samspilið af þægindum, sportlegum aksturseiginleikum og öryggi. Þú hefur fjölda möguleika í útfærslu, þannig að við höfum um margt að tala saman. Líttu inn og tölum um Peugeot 407 – flottasta ljónið á veginum.

Peugeot 407 4ra dyra verð frá kr. 2.190.000 - kr. 22.941 á mánuði *
Peugeot 407 SW verð frá kr. 2.350.000 - kr. 24.618 á mánuði *

* Bílasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

407

PEUGEOT

BERNHARD

**BERNHARD** ehf. · Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100

**Umboðsaðilar:**
Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

HÉR & NÚ / SÍA




## SVEFN & HEILSA FYRIR ÞÍNAR BESTU STUNDIR

**Veldu það besta!**

## SOFÐU VEL Í SUMAR




## Nýjar amerískar heilsudýnur
sem aldrei þarf að snúa

**Njóttu lífsins! með nýrri og betri Chiropractic heilsudýnu.**

Chiropractic eru einu heilsudýnurnar sem eru þróaðar og viðurkenndar af amerísku og kanadísku kírópraktorsamtökunum.

Yfir 32.000 kírópraktorar mæla því með Chiropractic þar á meðal þeir íslensku.



## GÓÐAR DÝNUR Í SUMARBÚSTAÐINN

Takmarkað magn.

**Bonnel Boxspring**
- 90x200 kr. 19.900.- stgr.
- 120x200 kr. 22.900.- stgr.
- 140x200 kr. 24.900.- stgr.

**Pocket Boxspring**
- 90x200 kr. 24.900.- stgr.
- 120x200 kr. 29.900.- stgr.
- 140x200 kr. 34.900.- stgr.

**Beauty Sleep** 8 ára ábyrgð
- 90x200 kr. 29.900.- stgr.
- 97x200 kr. 34.900.- stgr.
- 120x200 kr. 39.900.- stgr.
- 135x200 kr. 44.900.- stgr.
- 153x200 kr. 49.900.- stgr.

**Healthy Sleep** No Turn 10 ára ábyrgð
- 90x200 kr. 44.900.- stgr.
- 97x200 kr. 49.900.- stgr.
- 120x200 kr. 59.900.- stgr.
- 135x200 kr. 64.900.- stgr.
- 153x200 kr. 69.900.- stgr.

Öll verð með fótum og þykkri áfastri yfirdýnu.




- GÆÐI
- GÓÐ VERÐ
- ÞJÓNUSTA
- ÚRVAL
- ÞEKKING




Svefn & heilsa

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00



**SKUGGINN AF SJÁLFUM SÉR**
Jóhannes Páll páfi gægðist út um glugga á íbúð sinni í Vatíkaninu í gær og blessaði vegfarendur. Páfinn reyndi jafnframt að segja eitthvað en svo mjög er dregið af honum að ekki var hægt að heyra orðaskil.

Útgerð Sólbaks gegn sjómannafélögunum:

# Vísað frá dómi

**DÓMSMÁL** „Þessi niðurstaða sannar það og sýnir að lögbannið var tilefnislaust með öllu og þeir sem óskuðu eftir því í upphafi sem og þeir sem settu það á okkur mega skammast sín,“ segir Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands.

Héraðsdómur Norðurlands eystra vísaði í gær frá kröfu Útgerðarfélagsins Sólbaks á hendur Sjómannasambandinu, Vélstjórafélaginu, Félagi skipstjórnarmanna og Einingar-Iðju um staðfestingu lögbanns þess er sett var á félögin við hótanir þeirra að trufla löndun Sólbaks þann 13. október síðastliðinn.

Taldi dómurinn að álagt lögbann sýslumanns hefði verið of víðtækt og skort lagaheimildir í upphafi og ekki hafi orðið neinnar truflunar vart þegar löndun átti sér stað. Varð ekki séð að stefnandi hefði neina réttarhagsmuni af því að fá lögbannið staðfest og því vísað frá.

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, segir dóminn staðfesta að Eining-Iðja hafi ekki einkarétt á löndun á Eyjafjarðarsvæðinu og því hafi Útgerðarfélagið Sólbakur ekki getað krafist lögbanns. „En málið er búið og því var því vísað frá. Við erum mjög sáttir við þetta.” - aöe

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÖGBANN EKKI STAÐFEST**
Útgerð Sólbaks þótti ekki setja fram nægileg rök fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra til að staðfesta lögbann það er sýslumaðurinn á Akureyri setti í október.

Félag járniðnaðarmanna:

# Verkefni fara úr landi

**JÁRNIÐNAÐARMENN** Trúnaðarmannaráð Félags járniðnaðarmanna hefur lýst andstöðu sinni við frumvarp til laga um að Tryggingadeild útflutnings verði lögð niður. Þetta kemur fram í ályktun.

Þar kemur fram að deildin veiti framleiðendum útflutningsábyrgð. Verði hún lögð niður muni samkeppnisstaða innlendra fyrirtækja versna, hætta verði á að útrás þeirra dragist saman og verkefni fari úr landi.

Örn Friðriksson, formaður Félags járniðnaðarmanna, segir að miklu skipti fyrir útflutningsfyrirtæki að geta fengið ábyrgðir lána. - ghs

Halldór Blöndal:

# Nýr framhaldsskóli í Eyjafirði 2006

**SKÓLAMÁL** Halldór Blöndal, forseti Alþingis, telur að sveitarstjórnarmenn og skólamenn á Siglufirði, í Ólafsfirði og á Dalvík verði að koma sér saman um staðsetningu nýs framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð, en alþingismenn hafa lýst áhuga á að koma á fót slíkum skóla. Hann segir að alþingismenn eigi ekki að skipta sér af staðsetningunni.

Ekki er gert ráð fyrir fjármagni til stofnsetningar skólans á fjárlögum þessa árs en Halldór telur fullkomlega mögulegt að gert verði ráð fyrir því í fjárlögum næsta árs. Ekki þurfi mikið því að töluverður sparnaður komi á móti.

Talið er hugsanlegt að fyrsti bekkur geti tekið til starfa haustið 2006 og að í árslok 2009 næði framhaldsskólinn til allra bekkjardeilda.

Halldór segir að gömul hefð sé fyrir því að nemendur í Eyjafirði fari í Menntaskólann á Akureyri og Verkmenntaskólann og það geri þeir eflaust áfram en svo skipti líka miklu máli að hafa framhaldsskóla á staðnum. Það sýni til dæmis Framhaldsskólinn á Húsavík. - ghs

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HALLDÓR BLÖNDAL**
Halldór Blöndal telur að skólamenn og sveitarstjórnarmenn í Ólafsfirði, á Dalvík og hugsanlega á Siglufirði verði að koma sér saman um staðsetningu á nýjum framhaldsskóla.


VIÐSKIPTAFRÆÐI
TÖLVUNARFRÆÐI
TÆKNIFRÆÐI
VERKFRÆÐI
IÐNFRÆÐI
LÖGFRÆÐI
KENNSLUFRÆÐI
LÝÐHEILSUFRÆÐI
FRUMGREINASVIÐ

Háskólinn í Reykjavík býður þér í heimsókn til að kynna þér aðstöðuna í skólanum og fjölbreytt námsframboð. Nemendur, námsráðgjafar, starfsfólk og kennarar taka á móti þér og kynna námið og skólann. Ennfremur verða sérstakar kynningar í sal á hálftíma fresti.

| Dagskrá sérstakra kynninga | |
|---|---|
| 12:00 | Lagadeild |
| 12:30 | Tækni- og verkfræðideild |
| 13:00 | Viðskiptadeild |
| 13:30 | Kennslufræði- og lýðheilsudeild |
| 14:00 | Stúdentafélagið |
| 14:30 | Lagadeild |
| 15:00 | Tækni- og verkfræðideild |
| 15:30 | Viðskiptadeild |



Byggingaframkvæmdir í Garðabæ:

# Fimmhundruð íbúðir rísa á Arnarneshálsi

**FRAMKVÆMDIR** Tæplega 500 íbúðir munu rísa á nýju byggingarlandi á Arnarneshálsi í Garðabæ á næstu þremur árum. Samningur þess efnis var undirritaður af Ásdísi Höllu Bragadóttur bæjarstjóra, Ágústi Kr. Björnssyni framkvæmdastjóra Akralands og Sigurði Ragnarssyni framkvæmdastjóra Arnarlands.

Akraland á 139 einbýlishúslóðir og Arnarland mun reisa fjölbýlishús á sinni lóð með 333 íbúðum. Akrahverfi liggur sunnan við Arnarnesveg og markast að vestan af Hafnarfjarðarvegi. Landið verður byggt í þremur verkáföngum að sögn Ágústar. Miðja svæðisins verður byggð fyrst og síðan til sitt hvorrar handar.

Áformað er að hefja gatnagerð fljótlega en bygging íbúða gæti hafist síðla næsta sumar. Annar áfangi hefst næsta vor og áfangi þrjú árið 2007. Ágúst segist ánægður með að þessum áfanga skuli vera náð, enda sé það forsenda þess að uppbygging geti hafist. Akraland mun selja lóðirnar á sínu landi og mun sala lóðanna hefjast fljótlega eftir páska. - sgi



**AKRAHVERFI**
Fyrirhugað er að byggja tæplega 500 íbúðir á nýju byggingarlandi á Arnarneshálsi í Garðabæ.



MYND AP

**HÚMAR AÐ HJÁ SCHIAVO**
Ættingjar Terri Schiavo hafa reist lítinn helgidóm þar sem beðið er fyrir henni. Mjög er farið að draga af Schiavo enda hefur hún verið næringarlaus í tvær vikur. Samt hafa foreldrar hennar ekki látið af baráttu sinni.

Áratuga málaferli:

## Neitar að vera nasisti

**CLEVELAND, AP** Draugar fortíðarinnar halda áfram að elta John Demjanjuk, 84 ára gamlan Bandaríkjamann af úkraínsku bergi brotnu.

Fyrir tæpum tuttugu árum var hann framseldur til Ísraels þar sem hann var dæmdur til hengingar en yfirvöld töldu Demjanjuk vera fangavörð úr Treblinka-útrýmingarbúðunum sem gekk undir nafninu Ívan grimmi. Síðar var hann sýknaður af þeim sökum.

Síðustu 25 árin hefur Demjanjuk tvisvar verið sviptur ríkisborgararétti í Bandaríkjunum. Nú á enn einu sinni að reka Demjanjuk úr landi og sem fyrr berst hann á hæl og hnakka. ■

Útlendingalög í Austurríki:

## 300 tíma skyldunám í þýsku

**AUSTURRÍKI, AP** Útlendingum sem ekki hafa þýsku að móðurmáli kann að verða gert að taka 300 þýskukennslutíma til að uppfylla skilyrði fyrir varanlegu dvalarleyfi í Austurríki. Kveðið er á um þetta í stjórnarfrumvarpi sem er til umfjöllunar á austurríska þinginu.

Verði frumvarpið að lögum verða allir erlendir dvalarleyfishafar sem hafa ekki sannanlega sæmilegt vald á tungu heimamanna að sýna fram á að þeir hafi þegið tilsögn í málinu í alls 300 tíma áður en fimm ár eru liðin frá komunni til landsins, eða vera sendir úr landi ella. Borgarar Evrópusambandslanda verða undanþegnir reglunum.

„Árangursrík aðlögun er einungis möguleg ef fólk talar góða þýsku,“ sagði talsmaður innanríkisráðuneytisins í Vínarborg.

Samkvæmt gildandi lögum, sem sett voru árið 2003, verða innflytjendur að taka 100 þýskutíma á innan við fjórum árum eða sæta brottvísun úr landi ella. Nýju lögunum er ekki síst ætlað að skrúfa fyrir margar undanþáguleiðir sem eldri lögin hafa í reynd boðið upp á. ■



**FRÁ VÍNARBORG**
„Árangursrík aðlögun er einungis möguleg ef fólk talar góða þýsku,“ segir talsmaður austurríska innanríkisráðuneytisins.

### NOREGUR

**LAUG TIL UM SKOTÁRÁS** Kona fannst illa slösuð á heimili sínu nærri Björgvin í síðustu viku. Sagði hún lögreglu að farandbóksali hefði skotið hana í fótinn. Tilefnið sagði hún vera að hún vildi ekki kaupa af honum bækur. Lögreglan hóf þegar leit að bóksalanum en gekk leitin seint. Við frekari rannsókn kom í ljós að konan hafði sjálf valdið áverkanum. Að sögn Aftenposten er hún ekki heil á geði.

**NOREGSKÓNGUR UNDIR HNÍFINN** Haraldur Noregskonungur lagðist á sjúkrahús í Osló fyrr í vikunni en á morgun gengst hann undir hjartaskurðaðgerð. Búist er við að Haraldur verði í um tíu daga að jafna sig en á meðan sinnir Hákon krónprins konunglegum skyldustörfum.


OPIÐ HÚS

VELKOMIN Í HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK
LAUGARDAGINN 2. APRÍL
KL. 11-16 AÐ OFANLEITI 2

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



www.ru.is
OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK • SÍMI: 599 6200

# Sam-keppni

**Krónu Lambasteik krydduð**
1.098
kr./kg

**Sorella Pizzur**
99
kr./stk.
Verð áður: 269

40% AFSLÁTTUR

**Bautabúrs kindabjúga**
299
kr./kg.
Verð áður: 499

25% AFSLÁTTUR

**Gourmet lambafille með fituränd**
1.949
kr./kg.
Verð áður: 2.599

**Nýr valkostur**

**DF kartöflubátur 750 gr.**
199
kr./pk.
Verð áður: 289

**Melóna Cantalópa**
159
kr./kg.

**Agúrkur 350 gr.**
69
kr./stk.

**Meira úrval**

**Krónu sunnudags og sparíblanda**
199
kr./pk.

**DF frosinn ber**
199
kr./pk.

**Opið alla daga**

ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
46%
AFSLÁTTUR
Meira úrval
FS ýsu bitar
roðlausir
og beinhreinsaðir
399
kr./kg.
Verð áður: 739
1,5 l.
X-tra safar
appelsínu/epla
149
kr./stk.
1 kg.
Kelloggs
Corn flakes
195
kr./pk.
BKI kaffi
classic
188
kr./stk.
Virk Sam- keppni
2 l.
Krónu ís
súkkulaði/vanillu
199
kr./2 l.
Verð áður: 289
Pringles 3 teg.
99
kr./stk.
Newman´s own
örbylgjupopp
99
kr./pk.
Krónu
súkkulaðikex 500 gr.
199
kr./pk.
Í VERSLUNUM KRÓNUNNAR

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Mikilvægt er að undirbúa vel viðbrögð við skæðum sjúkdómsfaröldrum.

## Ekki bara flensa

Traustvekjandi er að vita að yfirvöld heilbrigðismála og sóttvarna hér á landi eru ásamt öðrum viðkomandi stjórnvöldum á varðbergi gagnvart hættum á því að nýjar tegundir skæðra sjúkdóma berist inn í landið eins og fréttir fjölmiðla í vikunni staðfesta. Í þessu efni gildir sú einfalda lífsregla að of seint er að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í.

„Þetta er bara flensa, þetta er að ganga,“ segjum við gjarnan yfir háveturinn, þegar pestirnar sækja okkur heim. Við erum orðin vön einkennunum og vitum að yfirleitt standa þau stutt við. En inflúensa greinist í ýmsar tegundir og sumar þeirra geta verið skæðari og hættulegri en aðrar. Sérstakar áhyggjur hafa menn nú af svokallaðri fuglaflensu og ýmsum afbrigðum hennar sem orðið hefur vart í nokkrum Asíulöndum. Ekki er víst að við henni sé til óbrigðul bólusetning. Drjúgur hluti þeirra sem hafa sýkst hefur látist.

**„Ekki er nú um stundir bráð hætta á ferðum að mati sóttvarnayfirvalda, en hitt blasir við að berist veikin til okkar heimshluta mun hún að líkindum breiðast hraðar út en sambærilegir faraldrar fyrr á tímum. Þess vegna er skynsamlegt að skipuleggja af nákvæmni og kaldri yfirvegun hvernig við verður brugðist.**

Heilbrigðisstjórnir útiloka ekki að þessi tegund flensu eða eitthvert afsprengi hennar geti farið sem faraldur um heiminn og lagt mikinn fjölda fólks að velli. Í því efni er ekki aðeins verið að tala um þúsundir manna, heldur hugsanlega hundruð þúsunda eða milljónir. Sums staðar er kveðið fast að orði um líkur á þessum faraldri og fullyrt að málið snúist ekki um það hvort hann komi upp, heldur hvenær.

Síðasti skæði inflúensufaraldurinn sem gekk yfir heimsbyggðina var spánska veikin svokallaða veturinn 1918 til 1919. Fórnarlömb hennar eru talin á bilinu 25 til 40 milljónir manna. Þótt Ísland væri þá einangraðra land en nú og strjálbýlla fór veikin sem eldur í sinu um byggðir landsins. Gagnstætt því sem ætla mætti herjaði hún mest á fólk á besta aldri. Þjóðlífið lamaðist. Mest kvað að veikinni í Reykjavík þar sem tveir þriðju borgarbúa lögðust um hríð veikir. Skýrslur benda til þess að á fimmta hundrað manns hafi látist. Það var veruleg blóðtaka fyrir okkar fámenna þjóðfélag.

Fuglaflensan mun fyrst hafa verið greind fyrir einni öld á Ítalíu. Uppspretta hennar er hjá farfuglum, sérstaklega villiendum. Berst veiran úr þeim í hænsnfugla (kjúklinga og kalkúna) sem drepast þá yfirleitt. Fyrsta smit í mönnum uppgötvaðist í Hong Kong fyrir átta árum, en þá sýktust átján manns af einni tegund veirunnar og lést þriðjungur þeirra. Síðan hafa nokkur tilvik greinst áfram í Asíu og nokkrir látist. Ískyggilegastar þykja þær fregnir að hugsanlega geti veiran borist á milli manna í stað þess að vera bundin við neyslu á sýktu fuglakjöti.

Ekki er nú um stundir bráð hætta á ferðum að mati sóttvarna yfirvalda, en hitt blasir við að berist veikin til okkar heimshluta mun hún að líkindum breiðast hraðar út en sambærilegir faraldrar fyrr á tímum. Þess vegna er skynsamlegt að skipuleggja af nákvæmni og kaldri yfirvegun hvernig við verður brugðist. Gott er að vita að þar eru í forystu menn með góða dómgreind og sem kunna til verka. ■




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ný vefsíða

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur opnað vefsíðu á slóðinni ingibjorgsolrun.is. Er hún helguð formannsframboði hennar í Samfylkingunni. Á síðunni er að finna leiðbeiningar um hvernig ganga eigi í Samfylkinguna til að styðja framboðið og tugir manna vitna um ágæti hennar og forystuhæfileika. Er lofið ekki skorið við nögl. „Forystukona af guðs náð“ – hvorki meira né minna! – segir til dæmis Elín G. Ólafsdóttir. „Hún er öðrum líklegri til að greina að kjarna og hismi í hverju máli og hún mun einnig kunna að forgangsraða, með sanngirni og hlutlægni að leiðarljósi“, segir Þorbjörn Broddason.



### Ekki gasprandi

„Hún er ekki gasprandi út í loftið í fjölmiðlum, hún hugsar sitt og kemur málum fram á hógværan og alúðlegan hátt. Hún er ekki valdasjúkur hrokagikkur“, segir Guðmundur Ólafsson hagfræðingur. Undir þetta tekur einn af pistlahöfundum Fréttablaðsins, Guðmundur Andri Thorsson: „Hún talar við kjósendur eins og viti borið og virðingarvert fólk“, segir hann.

### Gáfulegar greinar

Líklega er nokkuð til í því að Ingibjörg Sólrún hafi meiri áhuga á hugmyndum og málefnum en títt er um stjórnmálamenn. Á nýju vefsíðunni birtir hún langar og gáfulegar greinar í stað þess að blogga um daginn og veginn eins og keppinautur hennar og svili, Össur Skarphéðinsson, gerir á sínu bloggi. Þetta er í lagi gagnvart menntafólki, sem fjölmennt er í Samfylkingunni, en spurningin er hvort of mikil áhersla á þessu sviði geti orðið henni til trafala gagnvart breiðum hópi kjósenda sem taka afstöðu í stjórnmálum á grundvelli tilfinninga og skyndidóma, vilja hreinar línur, brauð og leiki og leiðist spakleg tal.

gm@frettabladid.is

## Lausbeizlað lánsfé

Í DAG
FRAMFÖR ÍSLANDS



ÞORVALDUR GYLFASON

Hjól atvinnulífsins snúast nú hratt og vel, og samt lætur verðbólgan – góðkunningi íslenzks efnahagslífs frá gamalli tíð – ekki enn á sér kræla, ekki verulega. Gríðarlegar lántökur erlendis voru hér áður fyrr næsta óskeikul ávísun á þenslu og verðbólgu, en svo er þó ekki lengur. Svo er einkum fyrir að þakka frívæðingu efnahagslífsins undangengin ár, gerbreytingu, sem hefur m.a. liðkað til um innflutning vinnuafls frá útlöndum. Framkvæmdirnar við Kárahnjúka leiða því ekki til þess nú, að húsbyggjendur þurfi að bíða vikum saman eða mánuðum eftir óstundvísum iðnaðarmönnum, það er liðin tíð.

Tölurnar segja söguna: síðan 1986 hafa rösklega 25 þúsund erlendir ríkisborgarar flutzt til Íslands skv. upplýsingum Hagstofu Íslands, á meðan rösklega 15 þúsund erlendir þegnar hafa flutzt á brott héðan. Fjöldi aðfluttra útlendinga umfram brottflutta hefur því verið um tíu þúsund þessi ár. Á sama tíma hafa 48 þúsund íslenzkir ríkisborgarar flutzt úr landi, og 41 þúsund hafa flutzt heim, svo að fjöldi brottfluttra Íslendinga umfram aðflutta hefur verið um sjö þúsund. Hlutdeild innflutts vinnuafls í mannaflanum hefur því aukizt hröðum skrefum að undanförnu. Þessi þróun hefur breytt ásjónu landsins með því að fjölga þjóðunum, sem byggja landið, og hún hefur um leið létt þrýstingi af vinnumarkaði og hamlað verðbólgu með því móti. Hlutfall útlendinga (þ.e. íbúa fæddra erlendis) í mannfjöldanum hér heima hækkaði úr 3% 1986 í tæp 7% 2003. Þetta hlutfall hækkaði sömu ár úr 2% í 5% í Danmörku til samanburðar og stóð í stað í Svíþjóð (5% bæði árin). Sviss er annar handleggur: þar standa allar gáttir opnar, svo að útlendingum fjölgaði úr 14% af mannfjöldanum 1986 í 20% 2003.

Hér höfum við hluta skýringarinnar á því, hvers vegna gamla

**„Gamla lögmálið um lausbeizlað innstreymi lánsfjár og aukna verðbólgu er dottið úr sambandi.**



lögmálið um lausbeizlað innstreymi lánsfjár og aukna verðbólgu er dottið úr sambandi. En hvaða afleiðingar hefur skuldasöfnun Íslendinga erlendis að öðru leyti? Lítum sem snöggvast yfir landslagið. Mikill viðskiptahalli hefur einkennt efnahagslíf landsins nær allan lýðveldistímann. Þetta var eðlilegt framan af. Gróandi þjóðarbúskapur þarf á miklum innflutningi að halda til ýmissa þarfa, jafnvel umfram útflutning, og þá þarf að brúa bilið með erlendum lántökum eða með því að bjóða útlendingum innlend fyrirtæki til kaups. Við tókum fyrri kostinn – ólíkt Eistum, til dæmis – og höfum gengið miklu lengra í lántökum en góðu hófi gegnir. Skuldir Íslendinga við útlönd eru nú orðnar of miklar og skuldabyrðin of þung, enda þótt vextir séu nú lágir í útlöndum. Þar að auki höfum við ekki farið alls kostar vel með allt lánsféð, nema hvað, heldur varið því til neyzlu og óarðbærrar fjárfestingar í stórum stíl, sumpartinn að undirlagi fjölskiptinna stjórnmálamanna. Erlendar skuldir þjóðarinnar hafa rokið upp úr öllu valdi síðustu ár: skuldirnar jukust úr 60%-70% af landsframleiðslu 1993-1999 upp í 200% í árslok 2004 (þetta er ekki prentvilla). Það er því engin furða, að kaupmáttur almennings hafi tekið kipp. Erlendar eignir hafa að vísu aukizt nokkuð á móti skuldunum, en ekki nóg: hrein staða þjóðarbúsins hefur veikzt til muna. Nú ríður á því sem aldrei fyrr, að fjárfestingin, sem lánsféð er notað til, beri arð, þ.e. arð umfram vexti.

Vextir á erlendum fjármálamörkuðum hafa verið lágir undangengin ár og hafa nú tekið að hækka aftur, ekki sízt vegna ótæpilegs ríkishallarekstrar í Bandaríkjunum. Næstum 90% af erlendum skuldum Íslendinga eru skráðar í erlendri mynt, og vaxtagreiðslur af þeim munu hækka um nálega 1% af landsframleiðslu fyrir hvert prósentustig þeirrar vaxtahækkunar, sem hafin er. Hækkun heimsvaxta um eitt prósentustig eykur m.ö.o. viðskiptahallann hér heima um 1% af landsframleiðslu að öðru jöfnu, eins og Ásgeir Jónsson lektor hefur bent á. Gengi krónunnar myndi þá trúlega falla, kannski með brauki og bramli, og skuldabyrðin myndi þyngjast enn frekar. Á móti kæmu meiri útflutningur og minni innflutningur, þar eð gengisfall ýtir undir útflutning og hamlar innflutningi með því að hækka verð á erlendri vöru og þjónustu. Heildaráhrif vaxtahækkunar erlendis og meðfylgjandi gengisfalls krónunnar á erlenda stöðu þjóðarbúsins munu fara eftir því, hversu mikið gengið lækkar, þegar heimsvextirnir hækka; vandi er um slíkt að spá. ■




FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871


EKKERT BRUÐL
Fylgist með okkur - Við fylgjumst með verðinu!
BÓNUS KJÚKLINGUR
BLANDAÐIR BITAR
269 kg KR.
25% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 359kr.kg
BÓNUS
Kjúklingabitar
FERSKIR
25% afsláttur við kassann
Bónus býður betur!
UNGNAUTA HAMBORGARAR
BÓNUS 10 x 115g
10 FROSNIR BÓNUS HAMBORGARAR 115g stykkið
10 x 115g hamborgarar
999 KR.
UNG naut
SVEITA bjúgu
KOFAREYKT
KOFAREYKT SVEITABJÚGU
299 kg KR.
EINN LÍTRI
59 KR.
EPLA SAFI
...sá hreini
Skynsemin velur Bónus
FIESTA pitsur frosnar: 280-400g
MALMA FIESTA
PIZZA PEPPERONI
280-400g PITSA
149 KR.
...fyrir góðan dag!
KS
FROSIÐ
Lamba LÆRI
Frosið KS lambalæri
799 kg KR.
EKKERT BRUÐL
KOLSÝRT vatn
TVEIR LÍTRAR
79 KR.
H2O Classic
GILLETTE RAKVÉLIN sem sló í gegn
MACH3 POWER
POWER RAKVÉL
999 KR.
RAFDRIFIN HANDHÆG
RAF HLAÐA
EKKERT BRUÐL
Rafhlöðurakvélin
Allt að 40% lægra verð
Tilboðin gilda til sunnudags 3. apríl eða meðan birgðir endast
BÓNUS

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.899 **+0,07%**

**Fjöldi viðskipta:** 217
**Velta:** 2.962 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Líftæknisjóðurinn** | 33,33% | **Fiskimarkaður Ísl.** | -1,79% |
| **Vinnslustöðin** | 9,72% | **Tryggingamiðstöðin** | -1,74% |
| **Samherji** | 2,08% | **Bakkavör** | -1,56% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,30 +0,73% ... Atorka 6,10 – ... Bakkavör 31,60 -1,56% ... Burðarás 14,05 – ... FL Group 13,75 – ... Flaga 5,38 -0,92% ... Íslandsbanki 12,30 +0,41% ... KB banki 525,00 -0,19% ... Kögun 60,00 – ... Landsbankinn 14,85 +0,34% ... Marel 56,50 -0,35% ... Og fjarskipti 4,12 -0,24% ... Samherji 12,25 +2,08% ... Straumur 10,35 +0,49% ... Össur 83,00 +1,22%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Húmor í óskilum

Íslendingar sem sóttu tónleika Stuðmanna í Royal Albert Hall skemmtu sér konunglega. Húmor Stuðmanna og upphitunarbandsins Hunds í óskilum vakti ósvikna gleði Íslendinganna á svæðinu.
Eitthvað var um það að íslensk fyrirtæki nýttu þetta tækifæri og byðu breskum viðskiptavinum sínum til skemmtunarinnar. Bretarnir sem mættu voru hins vegar úti á þekju þegar hinn alíslenski húmor var annars vegar. Meðal þess sem fór fyrir brjóstið á sumum bresku gestanna var grín með tvífara Englandsdrottningar á tónleikunum. Meðal þess sem rætt mun hafa verið í einu íslensku stórfyrirtæki var að senda breskum gestum þess bréf, biðjast afsökunar og gera tilraun til þess að útskýra íslenskt fönn.

### Velta vöngum um Actavis

Það vakti athygli fyrir skemmstu þegar Actavis samdi við Íslandsbanka um að hafa viðskiptavakt um bréf félagsins í Kauphöll Íslands. Áður hafði KB banki sinnt þessu verkefni fyrir Actavis og velta menn nú fyrir sér hvort kærleikar milli þessara tveggja fyrirtækja séu í minni kantinum. Greiningardeild KB banka gaf nýverið út mat á verðmæti Actavis og ráðlagði fjárfestum að losa sig við bréf í lyfjafyrirtækinu. Greiningardeild KB banka telur að verðmæti bréfanna sé 33,1 en á markaði fæst nú 41 króna fyrir bréfin. Í fyrradag fjallaði KB banki um Actavis í Hálf fimm fréttum og velti vöngum um hvort stjórnendur félagsins hafi í hyggju að frest skráningu á hlutabréfamarkað í Lundúnum, en það hefur verið yfirlýst stefna félagsins. KB banki bendir á að Actavis leiti nú að nýjum fjármálastjóra og að tillaga fráfarandi stjórnar um næstu stjórn feli ekki í sér að reglum bresku kauphallarinnar sé fylgt.



## MARKAÐSFRÉTTIR...

**KB banki** hefur samið um að hafa viðskiptavakt með bréf í finnska hlutafélaginu **Aspocomp Group** sem skráð er í finnsku kauphöllinni.

**Seil ehf.** sem meðal ananars er í eigu stjórnarmanna og stjórnenda hjá **Vinnslustöðinni** jók í gær hlut sinn í **Vinnslustöðinni** úr 4,9 í 11,9 prósent.

Sænska fyrirtækið **Industrievarden** jók í gær hlut sinn í **Össuri** og er sem fyrr stærsti hluthafinn í félaginu.

**FTSE**-vísitalan í Lundúnum lækkaði um 0,37 prósent í gær. Í Þýskalandi lækkaði **Dax**-vísitalan um 0,1 prósent og í Japan lækkaði **Nikkei**-vísitalan um 0,29 prósent.

# Greiða mikinn arð

**Tvö félög í Kauphöllinni greiða allan hagnaðinn í arð.**

Tvö félög í Kauphöllinni, Landssíminn og Þormóður rammi – Sæberg, greiða í ár hærri arð til eigenda sinna en sem nemur árshagnaði síðasta árs.

Á aðalfundi Landssímans, sem haldinn var fyrir stuttu, var samþykkt að greiða 90 prósenta arð, sem þýðir að félagið greiðir út 6.300 milljarða króna. Síminn hagnaðist um 3.070 milljónir króna og greiðir því út um 200 prósent af hagnaði sínum í arð. Það mun vera hæsta arðgreiðsla sem íslenskt félag hefur greitt.

Þormóður rammi – Sæberg skilaði 319 milljóna króna hagnaði árið 2004. Stjórn félagsins lagði til að hluthöfum yrðu greiddar 650 milljónir króna í arð.


FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

**AÐALFUNDUR SÍMANS 2005** Síminn hefur greitt hluthöfum sínum yfir 10 milljarða króna í arð undanfarin þrjú ár.

Bæði félög hafa lagt áherslur á að greiða háan arð. Þormóður rammi greiddi eigendum sínum einnig 50 prósenta arð árin 2002-2003 og Síminn hefur borgað yfir 10 milljarða í arðgreiðslur undanfarin þrjú ár.

- eþa

# Samherji af markaði

**Áhugaleysi fjárfesta er að sögn forstjórans ein meginskýringin fyrir brotthvarfinu. Samherji er stærsta útflutningsfélag á Íslandi en tækifæri til vaxtar eru erlendis.**

Samherji, stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins, er á leið af markaði ef yfirtökutilboð nokkurra hluthafa félagsins nær fram að ganga. Í gær var tilkynnt um að eigendur 60 prósenta hlutafjár í félaginu ætli að gera öðrum hluthöfum tilboð í hlutabréf þeirra.

Að tilboðinu munu standa Kristján Vilhelmsson og Þorsteinn Már Baldvinsson, stærstu hluthafar Samherja, ásamt Fjárfestingarfélaginu Firði, sem er í þeirra eigu, Blika, sem er í eigu lykilstarfsmanna Samherja, Tryggingamiðstöðinni, F-15, Finnboga A. Baldvinssyni, forstjóra Pickenpack-Hussmann & Hahn, og öðrum fjárhagslega tengdum aðilum. Tilboðið verður lagt fram innan fjögurra vikna.


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**RISAYFIRTAKA** Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, ætlar ásamt öðrum fjárfestum að gera tilboð í hlutabréf annarra hluthafa í Samherja. Hlutabréf í Samherja, stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins, verða svo afskráð.

Markaðsvirði Samherja er um 20 milljarðar króna þannig að hópurinn þarf að reiða fram um 9,0 milljarða króna til að eignast aðra hluti. Yfirtökuverðið miðast við verðið 12,1 króna á hlut en við það bætist 30 prósent arðgreiðsla fyrir síðasta ár.

Samherji, sem var skráður á markað í júní árið 1997, bætist við flóru þeirra félaga sem hafa verið afskráð á undanförnum misserum. Félagið gæti orðið það fjórða sem hverfur úr Kauphöll Íslands á þessu ári en fyrr á árinu voru Opin kerfi Group og sjávarútvegsfélögin Hraðfrystistöð Þórshafnar og Tangi afskráð.

Það er því hugsanlegt að aðeins þrjú sjávarútvegsfyrirtæki verði eftir á markaði; HB Grandi, Vinnslustöðin og Þormóður rammi – Sæberg.

„Sjávarútvegsfyrirtæki hafa verið að hverfa úr Kauphöll Íslands af ýmsum ástæðum. Deilur um þessa grein hafa skaðað þessi fyrirtæki og fjárfestar hafa lítinn áhuga á greininni. Bankar og lífeyrissjóðir hafa einna helst verið að fjárfesta í bréfum okkar og annarra sambærilegra félaga," segir Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja og bendir á að ávöxtun hlutabréfa í öðrum greinum en sjávarútvegi hafi verið betri. Þorsteinn Már vonar að aðrir hluthafar Samherja verði sáttir við yfirtökuverðið en það er 10 prósentum hærra en gengi félagsins var um síðustu áramót.

„Það er ljóst að Samherji vex ekki á Íslandi. Við höfum unnið mikið erlendis og við viljum vaxa þar áfram. Tækifærin eru þar," segir hann.

- eþa


Ráðstefna 1. apríl 2005



Kaupréttarsamningar við stjórnendur og góðir stjórnarhættir fyrirtækja

Föstudaginn 1. apríl kl. 14:00 – 17:00 mun **lagadeild og viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík** í samvinnu við **Félag lögfræðinga fjármálafyrirtækja og Kauphöll Íslands** standa fyrir ráðstefnu um kaupréttarsamninga við stjórnendur og góða stjórnarhætti fyrirtækja.

Dagskrá

14:00 Ráðstefnan sett
14:10 **Good governance and incentive in banks**
Steen Thomsen, prófessor og forstöðumaður miðstöðvar Viðskiptaháskólans í Kaupmannahöfn um stjórnarhætti fyrirtækja.
14:40 **Kaupréttarsamningar við stjórnendur - hvaða svigrúm veitir íslensk löggjöf?**
Guðrún Björk Bjarnadóttir, hdl. LL.M.
15:00 **Kaffihlé**
15:30 **Samspil innherjareglna og kaupréttarsamninga**
Jóhannes Sigurðsson, prófessor við lagadeild HR.
15:50 **Kaupréttarsamningar æðstu stjórnenda - kynnt könnun á framkvæmd í skráðum félögum á Íslandi**
Aldís Arna Tryggvadóttir, viðskiptafræðinemi og Hulda Hákonardóttir, laganemi.
16:05 **Kaupréttarsamningar í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi**
Tanya Zharov, lögfræðingur hjá Íslenskri erfðagreiningu.
16:35 **Umræður og fyrirspurnir**
17:00 **Ráðstefnuslit og léttar veitingar**

Fundarstjóri:
Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Skráning í netfangið **inda@ru.is**

**Staður:**
Háskólinn í Reykjavík,
1. hæð, stofa 131a

**Verð:**
16.000.- kr. greitt við innganginn.

Styrktaraðili:
ÍSLANDSBANKI

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY


# Flaggskipið hverfur

Þórði Friðjónssyni, forstjóra Kauphallar Íslands, þykir það sárt að missa Samherja af markaði, enda er um glæsilegt félag að ræða. Stærstu eigendur Samherja hyggjast yfirtaka félagið og afskrá það úr Kauphöllinni.

Þórður bendir á að sjávarútvegsfyrirtæki hafi átt undir högg að sækja á hlutabréfamarkaði og fari fækkandi. Stafi það meðal annars af sérkennum greinarinnar en erlendum fjárfestum er óheimilt að fjárfesta beint í þessum félögum. Einnig hafi pólitísk sjónarmið dregið úr áhuga fjárfesta. „Hún er orðin fátækleg flóran af sjávarútvegsfyrirtækjum. Við gerðum okkur vonir um að efla þennan markað," segir Þórður.

Hann hefur ekki miklar áhyggjur af þeirri þróun sem hefur átt sér stað með fækkun skráðra fyrirtækja. „Við gerum okkur þvert á móti vonir um að sterk fyrirtæki sæki aftur inn á markað. Það horfir ágætlega til með nýskráningar þótt skráning nýrra sjávarútvegsfyrirtækja séu ekki í sjónmáli. Við reiknum með að allnokkur fyrirtæki komi fljótlega inn í Kauphöllina," segir hann.



**ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON, FORSTJÓRI KAUPHALLAR ÍSLANDS** Alltaf sárt að sjá á eftir glæsilegum félögum.

- eþa

# Verðbólga eða ekki verðbólga

**ÞJÓÐARBÚSKAPURINN**

KATRÍN ÓLAFSDÓTTIR

Það skiptist í tvö horn varðandi álit á verðbólgu þessa dagana. Annars vegar eru þeir sem telja verðbólguna vandamál þar sem tólf mánaða breyting hennar er komin í 4,7 prósent. Hins vegar eru þeir sem segja sem svo að þessi verðhækkun sé að stórum hluta til komin vegna hækkunar á húsnæðisverði og því sé raunveruleg verðbólga mun lægri eða 2,0 prósent síðustu tólf mánuði.

Þessi munur skiptir fyrst og fremst máli þegar litið er til verðbólgumarkmiðs Seðlabankans og þeirra vaxtabreytinga sem hann ákveður í ljósi þróunar verðlags. Samkvæmt lögum og yfirlýsingu bankans og ríkisstjórnar ber Seðlabankanum að halda verðbólgu sem næst 2,5 prósentum. Samkvæmt yfirlýsingunni skal mæla verðbólgu með tólf mánaða breytingu á vísitölu neysluverðs. Fari verðbólga undir eitt prósent eða yfir fjögur prósent skal Seðlabanki gera ríkisstjórn grein fyrir stöðunni og til hvaða aðgerða hann hyggist grípa til að ná 2,5 prósenta markmiðinu. Í öðrum löndum eru töluleg viðmið verðbólgumarkmiðs mismunandi og einnig er mismunandi við hvaða vísitölu er miðað. Þannig er víða miðað við vísitölu neysluverðs án húsnæðis.

Hvor viðmiðunin er þá æskilegri? Ef almennt neysluverð og húsnæðis- eða eignaverð þróast með sama hætti munar engu hvor leiðin er valin. Ef þróunin er mismunandi eins og raunin er hér á landi síðustu mánuði horfir málið öðru vísi við. Samkvæmt viðmiði Seðlabanka Íslands er verðbólgan nú 4,7 prósent og því yfir þolmörkum verðbólgumarkmiðs. Til að mæta þessari hækkun hefur Seðlabankinn hækkað stýrivexti um 3,75 prósent frá áramótum. Ef Seðlabankinn miðaði við verðbólgu eins og mælist með vísitölu neysluverðs án húsnæðis væri verðbólgan aðeins 2,0 prósent og því lítil ástæða til aðgerða af hálfu Seðlabankans og ólíklegt að stýrivextir hefðu hækkað síðustu mánuði.

Með vísitölu neysluverðs án húsnæðis er verið að mæla verðlag á neysluvöru og þar með verðlag í dag. Með því að taka eignaverð með í reikninginn, í þessu tilfelli húsnæðisverð, þar sem um er að ræða fjárfestingu fram í tímann, er verið að horfa til verðlags í framtíðinni. Í nýlegri grein í The Economist (26. febrúar 2005) segir að ef litið sé á verðbólgu sem breytingar á gildi peninga sé ekki nóg að horfa á vísitölu neysluverðs án húsnæðis, heldur verði einnig að horfa á þróun eignaverðs líkt og við gerum með því að taka húsnæðisverð með í reikninginn. Í þessari grein felst því gagnrýni á þá mörgu seðlabanka sem horfa fram hjá þróun eignaverðs í verðbólgumarkmiði sínu, en jafnframt hrós til handa Seðlabanka Íslands sem tekur húsnæðisverð með í reikninginn.



Til að mæta þessari hækkun hefur Seðlabankinn hækkað stýrivexti um 3,75 prósent frá áramótum. Ef Seðlabankinn miðaði við verðbólgu eins og mælist með vísitölu neysluverðs án húsnæðis væri verðbólgan aðeins 2,0 prósent og því lítil ástæða til aðgerða af hálfu Seðlabankans og ólíklegt að stýrivextir hefðu hækkað síðustu mánuði.



**JAKOB SIGURÐSSON** Forstjóri SÍF hlakkar til samstarfs við nýja eigendur Iceland Seafood International.

# SÍF selur dótturfélag

SÍF tilkynnti í gær að félagið hefði selt 55 prósenta hlut í Iceland Seafood International, sem fram að því var dótturfélag SÍF.

Hópur fjárfesta og starfsmanna hefur keypt hlutinn af SÍF. SÍF seldi einnig hlut sinn í Tros ehf., sem flytur út ferskan fisk, til Iceland Seafood International.

Jakob Sigurðsson, forstjóri SÍF, segir söluna vera í samræmi við stefnu félagsins um að beina kröftum sínum að skilja á milli fullvinnslu og sölustarfsemi.

„Við verðum áfram þarna inni sem hluthafar og munum eiga í nánu samstarfi. Þarna eru sterk og góð tengsl sem verður viðhaldið. Við erum afskaplega ánægðir með að hafa selt þennan hluta starfseminnar í hendurnar á þessum hópi sem á áreiðanlega eftir að gera mjög góða hluti. Þetta eru allt menn í landsliðsklassa,“ segir Jakob.

Forstjóri Iceland Seafood International verður Kristján Þ. Davíðsson en Benedikt Sveinsson, fyrrum forstjóri Iceland Seafood Corporation, verður stjórnarformaður.

Tilkynnt var í gær að Örn Viðar Skúlason léti af störfum hjá SÍF en Jakob segir Örn Viðar hafa unnið veigamikið hlutverk í undirbúningi kaupanna sem kynnt voru í gær.

**- þk**

# Vilja alveg nýja stefnu

Stjórn tölvufyrirtækisins Hewlett Packard vill að öll starfsemin verði tekin til gagngerrar endurskoðunar. Nýjum forstjóra félagsins, Mark Hurd, hefur verið falið að vera í forystu við mótun á nýrri stefnu.

Hurd var ráðinn forstjóri í kjölfar brottvikningar Carly Fiorina, sem stjórnin taldi að hefði ekki náð nægilega góðum árangri, meðal annars sökum þess að hún lagði áherslu að að fjölga vörum sem framleiddar eru undir merkjum Hewlett Packard.

Stjórnin vill að tekið verði til skoðunar hvort skipta eigi félaginu í tvennt þannig að ólík framleiðsla heyri undir mismunandi fyrirtæki.

**- þk**






**NIKOLAJ VASSÍLIJEVITS GOGOL (1809-1852)** fæddist þennan dag.

*„Til lítils er að skamma spegilinn þótt andlitið sé úr lagi gengið.“*

***Gogol er einna þekktastur fyrir skáldsögu sína Dauðar sálir sem út kom árið 1842. Hann var fæddur í Úkraínu og ólst þar upp á setri foreldra sinna. Rétt eftirnafn hans var Íanofskí, en afi skáldsins hafði tekið upp nafnið „Gogol“ til að undirstrika tengsl við Kósakka. Undir það síðasta hafði trúarofstækisprestur að nafni Konstanínoviskí mikil áhrif á Gogol sem brenndi framhaldið af Dauðum sálum, tíu dögum áður en hann lést 4. mars 1852.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Dalai Lama hrakinn í útlegð*

Þennan dag árið 1959 var Dalai Lama hrakinn í útlegð þegar kínversk yfirvöld bældu niður uppreisn í Tíbet. Dalai Lama flúði til Indlands og fékk þar pólitískt hæli.

Dalai Lama fæddist í Taksterhéraði í Kína og hét þá Tensin Gjatso. Hann var skipaður fjórtándi Dalai Lama árið 1940 og varð ekki aðeins trúarlegur heldur einnig pólitískur leiðtogi Tíbeta. Frá fyrri hluta 20. aldar höfðu Kínverjar treyst ítök sín í Tíbet sífellt meira og árið 1950, eftir að kommúnistar komust til valda í Kína, réðust þeir inn í Tíbet. Ári síðar komust löndin að samkomulagi um að Tíbet yrði sjálfráða hérað innan Kína. Að nafninu til átti Dalai Lama að stjórna landinu en Kínverjar fóru ekki leynt með að þeir höfðu tögl og hagldir. Tíbetar undu trúbanni kínverskra yfirvalda illa og mótmæltu reglulega og í marsmánuði árið 1959 braust út uppreisn. Kínverski herinn bældi uppreisnina niður af svo mikilli hörku að það þótti jaðra við þjóðarmorð.

Dalai Lama komst undan til Indlands og réttum tíu árum síðar fékk hann varanlegt hæli þar í landi. Hann kom á fót lýðræðislega kjörinni útlagastjórn Tíbeta



DALAI LAMA

og mótmælti ákaflega harðstjórn Kínverja sem höfðu tekið algjörlega fyrir iðkun búddisma og eyðilagt klaustur. Trúarbanninu var aflétt árið 1976 en yfirráðum Kína í Tíbet er enn mótmælt með alþjóðlegum stuðningi. Árið 1989 hlaut Dalai Lama friðarverðlaun Nóbels fyrir friðsamlega baráttu fyrir sjálfstæði Tíbets.

## MERKISATBURÐIR

**1863** Vilhelmína Lever verður fyrst kvenna til að kjósa hér í sveitarstjórnarkosningum þegar hún kaus í bæjarstjórnarkosningum á Akureyri.

**1889** Franski verkfræðingurinn Alexandre Gustave Eiffel flaggar franska fánanum úr toppi turns síns til marks um að hann sé fullgerður.

**1905** Við borun eftir vatni í Öskjuhlíð fannst málmtegund sem talin var vera gull. Síðar kom í ljós að vinnsla myndi ekki borga sig.

**1936** Bretar og Frakkar heita Pólverjum stuðningi verði ráðist inn í landið.

**1944** Pétur Gautur eftir Henrik Ibsen í þýðingu Einars Benediktssonar sýndur í fyrsta sinn á Íslandi.

**1990** Viðbygging við Háskólabíó tekin í notkun, en við það fjögaði sýningarsölum úr einum í fimm.

## ANDLÁT

**Fjóla Tryggvadóttir**, Austurbrún 4, Reykjavík, er látin.

**Sveinbjörn Bárðarson**, flugumferðarstjóri, Smárahlíð 7c, Akureyri, lést sunnudaginn 20. mars.

**Friðgerður Rannveig Kjærnested Finnbjörnsdóttir**, Garðvangi, Garði, áður á Birkiteigi 13, Keflavík, lést fimmtudaginn 24. mars.

**Ingibjörg Adolfsdóttir**, Austurbrún 4, Reykjavík, lést föstudaginn 25. mars.

**Ásta Eygló Stefánsdóttir**, fv. bankastarfsmaður, leiðsögumaður og frönskukennari, Neshaga 15, Reykjavík, lést sunnudaginn 27. mars.

## JARÐARFARIR

11.00 **Þormóður *Haukur* Jónsson**, Ugluhólum 12, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

13.00 **Birna Björnsdóttir**, fv. bankafulltrúi, Hvassaleiti 14, Reykjavík, verður jarðsungin frá Grensáskirkju.

13.00 **Katrín Vilhelmsdóttir**, Hrafnistu, áður Byggðarenda 4, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu.

15.00 **Árný Hulda Steinþórsdóttir**, Freyjugötu 30, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

15.00 **Inga G. Þorkelsdóttir**, Droplaugarstöðum, áður Freyjugötu 17, Reykjavík, verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju.

15.00 **Unnur Frímannsdóttir**, fyrrum húsfreyja á Heiðarbæ II, Þingvallasveit, verður jarðsungin frá Langholtskirkju.

**TÍMAMÓT:** SIGURÐUR A. MAGNÚSSON 77 ÁRA

# Grikkir sóttir heim í síðasta sinn

„Ég geri ráð fyrir að fá börnin, barnabörnin og barnabarnabörnin í heimsókn og eiga góða stund með þeim,“ segir Sigurður A. Magnússon rithöfundur sem er 77 ára í dag. Hann hefur haft fyrir sið að fagna veglega á stórafmælum en er rólegri á öðrum dögum. „Ég bauð hundruð manna í veislu þegar ég varð fimmtugur, sextugur, sjötugur og nú síðast þegar ég varð 75 ára,“ segir Sigurður. „Ég er mikill selskapsmaður og þó það hafi vissulega dregið af manni með árunum, finnst mér alltaf gott að vera innan um gott fólk.“

Þó Sigurður eigi ekki stórafmæli stendur hann vissulega á tímamótum, því í sumar fer hann í sína síðustu Grikklandsför. „Í fyrra ætlaði ég í síðustu ferðina, en það komust færri að en vildu og ég gat ekki hugsað mér annað en að fylgja þeim út að ári sem voru á biðlistanum,“ segir hann, en bætir við að enn sé laust pláss fyrir þá sem vilja nýta síðasta tækifærið til að flakka um Grikkland undir leiðsögn sagnabrunnsins Sigurðar.



**SIGURÐUR A. MAGNÚSSON** Hátt á fjórða þúsund manns hafa fylgt Sigurði til Grikklands undanfarna fjóra áratugi. Skriftir eru einmanaleg iðja og Sigurður segist ferðast til að umgangast fólk.

Hann hefur lengi haft sterkar taugar til Grikklands, en þangað kom hann fyrst 23 ára gamall og bjó þá í klaustri í eitt ár á meðan hann nam guðfræði. „Ég heillaðist bæði af landinu og fólkinu. Grikkir eru hlýtt og skemmtilegt fólk, loftslagið gerist ekki betra og landið minnir á heimahagana. Á öllum mínum ferðalögum hefur enginn staður minnt mig jafn mikið á Ísland og Grikkland.“

Síðan Sigurður fór að skipuleggja hópferðir hafa hátt í fjögur þúsund manns farið til Grikklands undir hans leiðsögn og margir oftar en einu sinni. „Í fyrra fóru 47 með mér, þar af voru 15 sem höfðu komið áður.“ En skyldi hann aldrei fá leið á þessu? „Ekki Grikklandi, nei og ég hef enn engan hitt sem hefur verið óánægður með ferðina. Skriftir eru einmanaleg iðja og ég hef gert þetta að mínu öðru starfi til að fá tækifæri til að umgangast skemmtilegt fólk. Það er alltaf góður andi í þessum ferðum.“ ■

## AFMÆLI

**Ragnar Þór Arnljótsson** teiknari er fimmtugur í dag.

**Ásdís Kalman** myndlistarkona er 41 árs í dag.



**Þrúður Vilhjálmsdóttir** leikkona er 32 ára í dag.



**Kristján Guy Burgess**, fréttastjóri DV, er 32 ára í dag.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1596** Rene Descartes, heimspekingur.



**1732** Franz Joseph Haydn, tónskáld.



**1811** R.W. von Bunsen, efnafræðingur.



**1934** Shirley Jones, leikkona.



**1943** Christopher Walken, leikari.



**1959** Angus Young, gítarleikari AC/DC.



**1971** Ewan McGregor, leikari.



† *Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi*

**Sveinbjörn Bárðarson**

flugumferðarstjóri
Smárahlíð 7c, Akureyri

lést að heimili sínu sunnudaginn 20. mars. Útförin verður gerð frá Skútustaðakirkju laugardaginn 2. apríl kl. 14.00.

Benedikt Sveinbjörnsson — Sólveig Jónsdóttir
Bárður Sveinbjörnsson — Ingibjörg H. Þórisdóttir
Gunnar Sveinbjörnsson — Þórdís Þórarinsdóttir
Jón Egill Sveinbjörnsson — Hanna Edda Halldórsdóttir
og barnabörn.



† *Elskulegur sonur minn, bróðir okkar og barnabarn,*

**Þorsteinn Þórðarson**

Gaukstaðavegi 4, Garði

varð bráðkvaddur á heimili sínu sunnudaginn 27. mars.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

Þórður Guðmundsson
Hafþór Þórðarson
Kristín Þórðardóttir
Ólafur Þórðarson
Kristín Ingimundardóttir

# Samkeppni um sjávarútvegsvef

Ráðuneyti sjávarútvegs og menntamála hafa efnt til samkeppni meðal grunnskóla landsins um verkefnið Sjávarútvegur í fortíð, nútíð og framtíð, en í því felst að nemendur búi til sérstakan sjávarútvegsvef um efnið sem vistaður skal á vefsvæði skólans. Samkeppnin er haldin í tilefni af því að um þessar mundir eru 100 ár síðan Coot, fyrsti íslenski togarinn, kom til landsins.

Á heimasíðunni Menntagátt (www.menntagatt.is/?pageid=449) má finna allar frekari upplýsingar um keppnina, en þar er einnig búið að safna saman upplýsingum um vefsíður og fleira sem nýst gætu nemendunum sem heimildir, auk þess sem vísað er á efni um vefsíðugerð og annað gagnlegt.

Hver skóli getur sent eitt verkefni í keppnina og er skilafrestur verkefna til 25. maí næstkomandi. Verðlaun verða veitt



**COOT, FYRSTI ÍSLENSKI TOGARINN** Á sjávarútvegssýningunni í haust verða veitt verðlaun í samkeppni grunnskóla um gerð vefsvæðis með yfirskriftinni Sjávarútvegur í fortíð, nútíð og framtíð.

fyrir þrjú bestu verkefnin og koma þau í hlut viðkomandi skóla. Fulltrúum skólanna í þrem efstu sætunum verður síðan boðið á sjávarútvegssýninguna í september þar sem verðlaunin verða afhent. Fyrstu verðlaun eru skjávarpi, myndbandstökuvél og tölva, önnur verðlaun eru skjávarpi og myndbandstökuvél og þriðju verðlaun skjávarpi. ■



**HEIMIR KARLSSON**

# Heimir á herrakvöldi

Herrakvöld Víkings verður haldið í Víkinni annað kvöld og opnar húsið klukkan hálf átta, en gestir herrakvöldsins fá frítt á leikinn Víkingur-FH sem hefst þegar klukkuna vantar fimmtán mínútur í sjö.

Veislustjóri á herrakvöldinu verður sjónvarpsmaðurinn góðkunni Heimir Karlsson, en ræðumaður og gestur verður Gísli Einarsson, ritstjóri Skessuhorns. Jóhannes Kristjánsson eftirherma skemmtir og fleira til. „Ég er náttúrlega borinn og barnfæddur Víkingur og var í Víkingi bæði í handbolta og fótbolta,“ segir Heimir og kvaðst því ekki hafa getað færst undan því að stýra veislunni í gamla félaginu sínu þegar eftir því var leitað og bjóst við skemmtilegu kvöldi. „Maður tínir saman einhverjar skemmtilegar sögur úr boltanum og brandara einhverja. Svo er nú boðið upp á heilmikla skemmtidagskrá og maður reynir að passa að hún gangi snurðulaust fyrir sig.“ ■


SPRENGJA
SPRENGJAN BYRJAR KL 9:00 • GEGGJUÐ TILBOÐ
www.tolvulistinn.is
VL15
Vaxtalaust í 15 mánuði
7.993
2.1 HLJÓÐKERFI
Vandað 2.1 hljóðkerfi frá Labtec 2 hátalarar og öflugt bassabox skila afbragðs hljóm
SJÓNVARPSKORT
Með fjarstýringu og FM útvarpi. Tímastillt upptaka og hugbúnaður til að skrifa efni á CD/DVD diska
AMD 64
64 BITA KRAFTUR
Leiðandi inn í framtíðina með framúrskarandi 64-bita tækni, Hyper Transport og 1600FSB
17"LCD SKJÁR
Ótrúlega nettur skjár með 500:1 í skerpustig og 8ms hraða fyrir óaðfinnanleg gæði í leikjum
RADEON X300 x16
Eitt nýjasta skjákortið frá ATI sem gengur á PCI-Express, skilar sér í meiri afkastagetu og flottari grafík
SPECIAL EDITION
ACE SE kemur í álturni með nær hljóðlausum aflgjafa, PRO mús lyklaborði og gel músarmottu
ACE
ekkert smá spekk á einni græju og það eru bara til 50 stk. á þessu verði þannig að eins gott af hafa hraðar hendur
ACE SPECIAL EDITION
Öflug heimilistölva með glæsilegum 17" ACER 1715s LCD skjá
ÖRGJÖRVI • 3200+ Athlon 64, 640k, 1600MHz FSB+HT
VINNSLUMINNI • 512MB Corsair DDR400 minni, lífstíðarábyrgð
HARÐDISKUR • 200GB Serial ATA150 WD harður diskur-8MB
SKJÁR • 17"LCD Acer 1715s með 500:1 í skerpu og 8ms
SKJÁKORT • 128MB ATI Radeon X300 skjákort, TV-út
DVD SKRIFARI • 16x DVD+/- sem skrifar Dual Layer á 4x
HLJÓÐKERFI • Dolby Digital 5.1 hljóð í myndir og leiki
HÁTALARAR • Öflugt 2.1 kerfi, 2 hátalarar og bassabox
SJÓNVARPSKORT • Sjónvarpskort með fjarstýringu
STÝRIKERFI • Windows XP Home á íslensku eða ensku
119.900
TRAVELMATE 4002WLMi
Með Intel Pentium M Dothan örgjörva • Allt að 30% öflugri
ÖRGJÖRVI • 1.6 GHz Intel Pentium M Centrino - 2MB
VINNSLUMINNI • 512MB DDR333 háhraða minni
HARÐDISKUR • 60 GB Ultra ATA100, 4200 RPM
SKJÁR • 15,4" TFT WXGA, 1280x800 WideScreen
SKJÁKORT • 64MB DDR ATI Radeon 9700 með TV-út
DVD SKRIFARI • DVD+/- Skrifari, skrifar einnig CD-RW
HLJÓÐKERFI • Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
NETBÚNAÐUR • 10/100 netkort og 56K módem
ÞRÁÐLAUST • Innbyggt þráðlaust 54Mbps 802.11g netkort
RAFHLAÐA • Ending allt að 5 tímar í fullri vinnslu
STÝRIKERFI • Windows XP Home á íslensku eða ensku
129.900
TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ
Nóatúni 17 • 105 Reykjavík • Sími 562 6730
Glerárgötu 36 • 600 Akureyri • Sími 464 7400
Hafnargötu 90 • 230 Keflavík • Sími 534 7400
ATHUGIÐ TAKMARKAÐ MAGN • FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ


SPRE
SPRENGJAN BYRJAR KL.9:00 Í TÖLVULISTANUM
www.tolvulistinn.is
16x DVD SKRIFARI
Hágæða hljóðlátur 16x DVD skrifari frá MSI, fæst í hvítu og svörtu
6.990
52x32x52 SKRIFARI
Hágæða 52x hraða skrifari með hugbúnaði og köplum
2.790
LÍMMIÐAPRESSA
Hentug límmiðapressa með hugbúnaði og límmiðum
790
PRENTANLEGIR DVD
10 stk. 4,7GB DVD+R Traxdata 4x hraða DVD diskar
1.490
8x TRAXDATA DVD+R
25 stk. 4,7GB DVD+R Traxdata 8x hraða DVD diskar
2.990
DRAGON 200 HÝSING
Dragon 200 utanáliggjandi USB2 ál hýsing með hljóðlátum WD 200GB SE harðdisk, tilbúin til notkunar
14.900
USB2 MINNISLYKILL
Traxdata 256MB USB2 minnislykill á frábæru verði
2.990
SÚPERTILBOÐ A
AMD 1800 Duron, MSI móðurborð skjákort og Coolermaster vifta
9.990
SÚPERTILBOÐ 7
3200+ Athlon64, RS480M2 512MB DDR400, Radeon X300
39.900
DRAGON80 HÝSING
Dragon80 utanáliggjandi USB2 hýsing með WD 80GB harðdisk
9.990
SÚPERUPPFÆRSLA 3
• MSI K7N2G móðurborð
• AMD 2200XP K7 Sempron örgjörvi
• Hljóðlát örgjörva kælivifta
• Dolby Digital 5.1 hljóðkort
• allt að 128MB GeForce skjákort
• 256MB DDR333 Corsair minni
• 10/100 Netkort, 8xUSB2 ofl.
Frábær uppfærsla fyrir flestar eldri tölvur á einstöku verði
17.900
SÚPERTURN 2
USB 2 TENGI
Mögnuð uppfærsla
• 2200+ AMD Sempron, 384k
• KM3M-V móðurborð-8xUSB
• 256MB DDR333 Corsair minni
• 80GB 7200RPM SE harðdiskur
• 64MB S3 128bita skjákort
• Dolby Digital 5.1 hljóðkort
• Innbyggt 10/100 netkort
• 300W vandaður midi turn
26.900
SÚPERTURN 3
USB 2 TENGI
TV OUT
Mögnuð uppfærsla
• 2500+ AMD Sempron, 384k
• K7N2GM2-IL m.borð-8xUSB
• 512MB DDR400 Corsair minni
• 160GB 7200RPM SE harðdiskur
• 128MB GeForce 4 skjákort
• Dolby Digital 5.1 hljóðkort
• Innbyggt 10/100 netkort
• 300W vandaður midi turn
39.900
SÚPERTURN 5
VL6
Vaxtalaust í 6 mánuði
9.483
USB 2 TENGI
DELUXE UPPFÆRSLA
• AMD Athlon64 3000+ örgjörvi
• MSI RS4802M2 móðurborð
• 512MB DDR400 Corsair minni
• 200GB 7200RPM SE harðdiskur
• 128MB ATI Radeon X300 skják.
• Dolby Digital 5.1 hljóðkort
• Netkort, Firewire o.fl.
• 310W Dragon Mini Middle turn
56.900
EKKI MISSA AF ÞESSU TÆKIFÆRI • TAKMA
GEISLADISKATASKA
Vönduð geisladiskataska sem rúmar 96 geisladiska
990
FIREWIREKORT
Frábært firewirekort ásamt hugbúnaði
1.990
FORSTJÓRASTÓLL
Vandaður forstjórastóll, leður á helstu slitflötum
7.990
MX500 OPTICAL MÚS
Logitech MX500 geisla-mús, með fjölda flýtihnappa
2.990
TRAXDATA CD-R
52x hraða Traxdata CD-R diskar, 10stk. í spindli
490
STAFRÆN MYNDAVÉL
Mini Digi Cam 300.000pixla 640*480 VGA 8MB minni
1.990

# allt


**heimili o.fl.**
Líka fallegir án blóma
BLS. 2




SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 6.49 | 13.32 | 20.17 |
| AKUREYRI | 6.31 | 13.16 | 20.04 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

*Góðan dag!*
**Í dag er fimmtudagurinn 31. mars, 90. dagur ársins 2005.**

KRÍLIN





**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**


## Smáauglýsingar
***byrja í dag á bls. 10***

**Flokkar**


Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar



**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**
vísir




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það líður ekki sá dagur að Þóra klæðist ekki nýja jakkanum.

# Alveg sjúk í leðurjakka

***Þóra Tómasdóttir, einn umsjónarmanna Ópsins í Sjónvarpinu, hefur loksins fundið hinn eina sanna leðurjakka – í annað sinn.***

„Ég held ég verði að segja leddarinn minn sem ég keypti mér í Köben," segir Þóra spurð um hvað sé algjörlega ómissandi í fataskápnum.

„Svei mér þá, ég held ég sé í þessum jakka á hverjum einasta degi. Ég fór til Köben með vinkonu minni fyrir um það bil mánuði en ég hef það sem reglu að þegar ég fer til útlanda gef ég sjálfri mér leyfi til að kaupa jakka sem mér finnast flottir – sama hvað þeir kosta. Ég kaupi mér aðallega leðurjakka því ég er gjörsamlega sjúk í leðurjakka."

Þóra fann hinn eina sanna leðurjakka fyrir nokkuð mörgum árum en hann varð ruslinu að bráð fyrir löngu sökum mikillar notkunar. „Ég gekk lengi vel í leðurjakka sem barnsmóðir pabba vinkonu minnar átti. Ég held ég hafi gengið í honum í sjö ár en þá var hann orðinn gatslitinn. Síðan hef ég leitað að staðgengli fyrir þennan jakka og held ég sé búinn að finna hann," segir Þóra og á auðvitað við nýja, danska leðurjakkann.

En ætli Þóra sé jafn fatasjúk og hún er leðurjakkasjúk? „Nei ég er alls ekki fatafrík. Ég get verið alveg eins og drusla en ég get líka verið algjör pæja."

*lilja@frettabladid.is*

# Klæddist þykkum ullarbuxum af afa sínum

BJÖRK VIÐURKENNIR Í VIÐTALI VIÐ BBC AÐ FATASMEKKUR HENNAR SÉ SVOLÍTIÐ SKRÍTINN.

Óskabarnið okkar, Björk Guðmundsdóttir, hefur viðurkennt að tískustíll hennar sé svolítið einkennilegur. Björk, sem er fræg um allan heim fyrir allsérstaka tónlist og fatasmekk, viðurkenndi á sig ýmis tískuslys í viðtali sem birtist við hana í breska ríkissjónvarpinu nýverið.

„Ég var eiginlega vonlaus frá upphafi. Ég byrjaði mjög ung að klæðast fötum af afa mínum. Afi átti til dæmis mjög þykkar ullarbuxur þegar ég var átta eða níu ára. Ég klippti skálmarnar við hné og þá voru buxurnar nógu stuttar og pössuðu mér," segir Björk – en hún komst eins og frægt er á lista yfir verst klæddu stjörnur heims þegar hún mætti til Óskarsverðlaunahátíðarinnar árið 2001 í svanakjólnum fræga.



Svanakjóllinn vakti athygli svo um munaði um alla heimsbyggðina.

# LIGGUR Í LOFTINU
## *í ferðum*

**Eiður Smári** og félagar í Chelsea taka á móti Arsenal 20. apríl og selur ÍT-ferðir miða á leikinn. Verð án flugs er frá 37.800 krónum en innifalið í því er ein gistinótt á fjögurra stjörnu hóteli ásamt miða á þennan stórleik. Heildarverð með flugi er frá 74.900 krónum en innifalið í því eru tvær gistinætur á fjögurra stjörnu hóteli, miði á leikinn og skattar. Hægt er að forvitnast um ferðina á heimasíðu ferðaskrifstofunnar, itferdir.is.



**Nýjar verslanir** verða opnaðar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á síðari hluta þessa árs og fleiri munu bætast við á næsta ári. Er þetta afrakstur forvals um verslunarrekstur sem efnt var til í fyrra eins og kemur fram á heimasíðu flugstöðvarinnar, airport.is. Forvalið var kynnt á Grand hóteli í Reykjavík í fyrra og bárust um sextíu umsóknir til verslunarreksturs en af þeim voru þrjátíu teknar til frekari athugunar. Stefnt er að því að svara umsækjendum fyrir lok maí og þá hefst samningaferli við þá sem verða valdir til að opna nýjar verslanir í flugstöðinni.



**Ferðaskrifstofan Heimsferðir** býður upp á helgarferð til Madridar, höfuðborgar Spánar, 21. apríl. Verð er frá 39.990 krónum en hægt er að velja um kaup á flugsæti og gistingu eða bara flugsæti. Í Madrid er mikið um söfn og má finna hinn fræga safnaþríhyrning, safn Sofíu drottningar, Prado safnið og Thyssen safnið.

**Iceland Express** býður upp á sérstök barnafargjöld ef bókað er fyrir 16. maí. Öll börn undir þrettán ára aldri í fylgd með fullorðnum fá far til allra áfangastaða Iceland Express á 5.995 krónur en tilboðið gildir í allar ferðir frá 10. mars til 30. september.

*ferdir@frettabladid.is*


Glæsilegir leðursófar



*Vaxborið leður*
Leðursófi 2ja sæta **kr. 124.900** stgr. 3ja sæta **kr. 139.600** stgr.

Leðursófi 3ja sæta **kr. 105.900** stgr. • 2ja sæta **kr. 95.200** stgr. • stóll **kr. 74.900** stgr.



*Bycast leður*

LÍNAN
HÚSGÖGN
SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is



**Fiðrildi**
Fiðrildi eru án efa vinsælasta heimilisskrautið þessa dagana, enda eru þau bæði falleg og skemmtileg. Hægt er að hengja þau í ljós, gardínur, og glugga eða láta þau liggja á borðum eða í hillum. Þau færa okkur sumarið heim.



Barbapabbaglas og stútkanna. Kostar 500 & 600 kr.



Barbapabbafjölskylda. Collectors item. Frá 2.900 kr.



Hjörleifur Hallldórsson og Kristín Stefánsdóttir reka fyrirtækið cul8r sem selur skemmtilega hönnun fyrir börn og fullorðna.

# Fluttu Barbapabba með sér frá Svíþjóð

***Hjónin Hjörleifur Halldórsson og Kristín Stefánsdóttir hafa stofnað fyrirtækið cul8r sem selur hönnunarvörur í heimasölu.***

Gamli góði Barbapabbi hefur verið að skjóta upp kollinum í nokkrum verslunum í Reykjavík, en það er fyrirtækið cul8r stendur fyrir því. Fyrirtækið cul8r (lesist sí-jú-leiter) er í eigu ungu hjónanna Hjörleifs Halldórssonar og Kristínu Stefánsdóttur sem bjuggu í landi Barbapabba, Svíþjóð, í nokkur ár.

„Í Svíþjóð er allt svo barnvænt og þar sem við eigum sjálf tvö lítil börn, fannst okkur margt vanta hérlendis," segir Hjörleifur. Þau hjónin flutu með sér heilmikið af skemmtilegum hönnunarhlutum fyrir börn sem varð til þess að þau stofnuðu fyrirtækið sitt. „Aðalfókusinn hjá okkur eru börn en þetta hefur undið upp á sig og nú erum við með heilmikið af hönnunarvörum fyrir fullorðna fólkið líka. Við erum með um 80 vöruflokka og eru þetta vörur eins og barbapabbadót, bókahillur, rúmföt, fatnaður, og barnavagnar, svo dæmi séu tekin," segir Hjörleifur. Hlutirnir hafa gerst mjög hratt og enn sem komið er þá eru þessar vörur einungis seldar í heimasölu. Hægt er að hafa samband við cul8r í síma 555 2125.



Hvítlaukskort. Rifjárn til að rífa niður hvítlauk kostar 400 kr.



Upphengdar hillur fyrir tímarit og kiljubækur. Frá 12.000 kr.



Bumbo babysitter. Margverðlaunaður barnastóll fyrir börn sem farin eru að halda höfði, kostar 5.900 kr.



Barbapabbadiskar kosta 800 kr.



Candy collection ljós kostar 8.000 kr.




JÓGA
Allir velkomnir
fríir prufutímar
NÝTT BYRJENDANÁMSKEIÐ hefst 4. apríl
5 vikur mán. og mið. kl. 20:15 - 21:45
JÓGATÍMAR: MORGUN • HÁDEGI • SÍÐDEGI
Ásta Arnardóttir 862 6098 astaarn@mi.is
www.lotusjogasetur.is Borgartúni 20

ER BEÐIÐ EFTIR ÞÉR?
einkamal.is



Kringlukast
20% afsláttur
af öllum stærðum
BORÐ FYRIR TVO
KRINGLAN

KRINGLUKAST Í DUKA
frá fimmtudegi til sunnudags
Mörg góð tilboð
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322
Vandaðar heimilis- og gjafavörur



Flottar Fermingargjafir
Opið til kl 18⁰⁰ alla daga
ICELAND GIFTSTORE
RAMMAGERÐIN
S. 551-1122 • Hafnarstræti 19




Mikið úrval af viðarörnum og eldstæðum
Maricel 181.000 kr.
Barbara 90 294.900 kr.
Arinbúðin
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið)
Sími 567 2133 · www.arinn.is



Vorvörur í úrvali fyrir sumarbústaðinn og garðinn.
Óvissuferðir fyrir hópa
Viltu koma í keramik eða glerbræðslu?
Erum með umboðsmenn á landsbyggðinni.
Listasmiðjan **Keramik og glergallerý** • Kothúsum, Garði, s. 422 79 35.

TILBOÐ
E510 + 128MB X-d minniskort
Aðeins kr. 39.900
FUJIFILM
www.ljosmyndavorur.is



Skipholti 31, Reykjavík, s: 568 0450
Kaupvangsstræti 1, Akureyri, s: 461 2850
LJÓSMYNDAVÖRUR


FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



Japanskt munstur á 3.200 kr. í Borð fyrir tvo.



3.500 kr. í Heima.



Nettir og fallegir glervasar á 5.760 kr. í Mirale.



1.980 kr. í Heima.



Litríkur handblásinn glervasi á 9.900 kr. í Duka.



Handgerður glervasi á 9.900 kr. í Duka



Litríkir og poppaðir á 2.900 í Mirale.



Háir handblásnir glervasar á 27.000 kr. í Mirale.

# *Líka fallegir án blóma*

***Blómavasar geta staðið stakir sem fagrir skrautmunir á heimilinu.***

Afskorin blóm lífga upp á heimilið og færa okkur vorið heim. Blómin þurfa vasa og skemmtilegra er ef vasinn er fallegur en sumir blómavasar eru þó það fallegir að þeir þurfa engin blóm og geta staðið einir og stakir sem fagrir skrautmunir á heimilinu. Flestir eiga einfalda glæra glervasa í skápnum heima sem aðeins eru dregnir fram þegar blóm koma inn á heimilið og hverfa svo aftur inn í skáp. En úrvalið af blómavösum er mikið og fást þeir litríkir og skemmtilegir í laginu, úr keramiki, gúmmíi eða gleri.

Fréttablaðið fór í stutta bæjarferð og tíndi saman vasa sem eru svo flottir að þeir eru aldrei settir inn í skáp og margir þeirra á mörkum þess að vera listaverk.
















**Ferðast með börn**
Á löngu ferðalagi með börn er mikilvægt að hafa ofan af fyrir þeim svo þeim leiðist ekki. Í flugi er sniðugt að taka með ný leikföng og afhenda börnunum þau óvænt í flugvélinni. Þannig geta þau dundað sér og gleymt sér í leik.














FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Guðlaug er föst í svefnherberginu næstu vikurnar en Rússland er samt aldrei fjarri í draumum hennar.

# Borgirnar, sagan, fólkið og listirnar heilla

***Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir leikkona segist vera með Rússlandsáráttu og hún segist ná ótrúlegu sambandi við land og þjóð. Hún heillaðist fyrst af landinu þegar hún heimsótti Sovétríkin sálugu.***

Draumastaðurinn hennar Guðlaugar Elísabetar Ólafsdóttur leikkonu er ekki svo fjarri og mun nær nú en þegar hún fór þangað fyrst. „Staðurinn sem mig langar til að fara til og dvelja á er Rússland. Ég er með einhverja Rússlandsáráttu. Landið og borgirnar og arkitektúrinn, sagan og listirnar finnst mér óskaplega heillandi en eins tengi ég svo vel við fólkið þar. Mér finnst undursamlegast að hitta fyrir fólk svona langt í burtu sem ég næ svona innilegu sambandi við. Mig langar að kunna rússnesku og bara prófa að vera þarna, lengi helst því ég fann mig ofboðslega mikið heima innan um þetta fólk og tengdi algerlega við land og þjóð,“ segir Guðlaug sem hefur tvisvar sinnum komið til Rússlands, á mjög ólíkum tímum.

„Ég fór þarna fyrst árið sem ég var tvítug með hópi ungs fólks frá Evrópu og á Norðurlöndunum í ferð sem kallaðist „Next Stop Soviet“ og var farin gegn kjarnorkutilraunum og í þágu samskipta, friðar og elskulegheita. Við komum þarna í lokin á glasnostinu en fyrir hinar gagngeru breytingar sem urðu á tíunda áratugnum. Þetta var alger óvissuferð inn í lokað og framandi land en ég bara heillaðist algerlega. Svo var ég svo heppin tíu árum seinna að vera að leika í sýningu með rússneskum leikstjóra og okkur var boðið til Mosvku og þá upplifði ég mjög sterkt hvað breytingarnar voru ótrúlegar.“

Guðlaug er samt ekki á leið til Rússlands í bráð því hún er á kafi í sýningunni Riðið inn í sólarlagið sem verður frumsýnd í Borgarleikhúsinu í næstu viku. „Þetta er mjög spennandi verk, finnst mér, um ungt fólk og samskipti þess, firringuna, ábyrgðarleysið og ábyrgðina, óttann við skuldbindingar og óttann við tilfinningar. Það skemmtilega er að öll þessi samskipti eiga sér í stað í svefnherbergjum persónanna og eins og allir vita sem eru komnir til vits og ára gerist ýmislegt innan veggja svefnherbergisins.“

Guðlaug verður þessvegna dálítið bundin við svefnherbergið á næstunni en Rússland er ekki að fara neitt. ■






Svipmynd úr myndinni Touching the Void.

## Simon Yates til Íslands

HANN ER ÞEKKTASTUR FYRIR KLIFUR Í PERÚ SEM VAR GERT AÐ KVIKMYND.

Simon Yates, klifurfélagi Joe Simpson sem skrifaði bókina Touching the Void, er á leiðinni til Íslands. Hann kemur í lok þessarar viku og mun líklegast halda fyrirlestur í sal Ferðafélagsins næsta sunnudag eins og kemur fram á heimasíðu Útiveru, utivera.is.

Eins og margir muna eftir var gerð samnefnd kvikmynd eftir bókinni Touching the Void og vakti hún mikla lukku. Simon Yates hefur stundað fjallamennsku í rúm tuttugu ár, meðal annars í Alaska, Ástralíu, Suður-Ameríku og fleiri löndum.



## Taílendingar bera sig vel

HVETJA FERÐAMENN TIL AÐ KOMA ÓHRÆDDIR ÞRÁTT FYRIR SKJÁLFTANA.

Ferðamálayfirvöld í Taílandi bera sig vel þrátt fyrir annan stóran jarðskjálfta í Indlandshafi svo skömmu eftir hamfarirnar á annan í jólum. Skjálftinn síðastliðinn mánudag setur þó óneitanlega strik í reikninginn í taílenskri ferðaþjónustu, sem er með mikilvægari atvinnugreinum fyrir efnahagslíf landsins.
Nú er aðal ferðamannatíminn í Taílandi, en ferðamenn hafa aldrei verið færri og aðeins Evrópumenn sem hafa skilað sér aftur eftir skjálftana um jólin.
Taílensk ferðamálayfirvöld segja þó að nýjasti skjálftinn hafi ekki kostað afbókanir ferðamanna til landsins né að ferðamenn hafi yfirgefið svæðið. „Við vonum að vel upplýst fólk láti skjálftana ekki hafa áhrif á sig og komi óhrætt til Taílands. Skynsamt fólk veit að þessir atburðir heyra til undantekninga," er haft eftir yfirvöldum.



## Lækkað helgarverð

## Marstilboðið á Nissan Patrol verður framlengt út apríl 2005.

SKIPT_um væntingar

**Gengi um þrjúleytið 30. mars 2005**

| | |
|---|---|
| USD | 60.96 |
| JPY | 0.57 |
| EUR | 78.97 |




**ÁFRAM 200.000 KR. KAUPAUKI!**

**Öllum Nissan Patrol jeppum sem keyptir eru í apríl 2005 fylgja dráttarbeisli, þakbogi og 33” dekk.**

## NISSAN PATROL

Þó að hann sé nú þegar í uppáhaldi þeirra sem þekkja til fjórhjóladrifinna bíla þá eru núna sterkari rök fyrir því að þú veljir Nissan Patrol GR en nokkru sinni fyrr. Nýja 3,0 lítra túrbó dísilvélin með beinni innspýtingu er með allt að 40% meira tog og 20% meira afl en eldri vélar. Hún er um leið sparneytnari, hröðunin er meiri og dráttur eftirvagna auðveldari.

**Luxury 3,0 TDI dísil**

– Sjálfskiptur
– 160 hestöfl
– 5 dyra

## PATROL LUXURY 3,0

Eldra listaverð: ~~4.580.000~~
**Nýtt listaverð: 4.360.000**

**www.nissan.is**

Nánari upplýsingar um Nissan bílaflotann hjá Ingvari Helgasyni færðu á www.nissan.is

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hrísmýri 2a** | **Eyrarlandi 1** | **Sæmundargötu 3** | **Holtsgötu 52** | **Dalbraut 2b** | **Víkurbraut 4** | **Búðareyri 33** | **Sindragötu 3** | **Óseyri 5** |
| 800 Selfossi | 530 Hvammstanga | 550 Sauðárkróki | 260 Njarðvík | 300 Akranesi | 780 Höfn í Hornafirði | 730 Reyðarfjörður | 400 Ísafjörður | 603 Akureyri |
| 482-3100 | 451-2230 | 453-5141 | 421-8808 | 431-1376 | 478-1990 | 474-1453 | 456-4540 | 461-2960 |

Fiton/SÍA



**Aðal frétt dagsins**

**Betri úrslit hjá Möltu í Zagreb**

Maltverjar stóðu sig betur gegn Króötum í gær en Íslendingar gerðu á laugardaginn í Zagreb. Malta tapaði „aðeins" 3–0 fyrir króatíska liðinu, sem er betri árangur heldur en það íslenska getur státað af, en Íslendingar fóru til Ítalíu með fjögurra marka tap á bakinu.

# sport

sport@frettabladid.is

**KÖRFUBOLTAÞJÁLFARINN EGGERT MARÍUSON:** HÆTTUR MEÐ ÍR-INGA EFTIR ÞRJÚ ÁR Í BREIÐHOLTINU

## *Kominn tími til að hlaða batteríin*

Eggert Maríuson, þjálfari ÍR í Intersport-deildinni í körfuknattleik, tilkynnti á dögunum að hann væri hættur að þjálfa í bili. „Ég var búinn að ákveða það fyrir töluverðum tíma að ég ætlaði að taka mér hvíld eftir að samningstíma mínum lyki hjá ÍR," sagði Eggert, sem var ráðinn til þriggja ára. „Ég verð sjálfsagt eitthvað í kringum liðið en ekki sem þjálfari."

Aðspurður hvort hann myndi ráða sig til annars liðs taldi Eggert afar litlar líkur á því. „Maður getur náttúrlega aldrei sagt aldrei en ef ég hefði haldið áfram að þjálfa hefði ég verið áfram hjá ÍR. Ég er búinn að þjálfa meistaraflokk í sex ár og tími til kominn að hlaða batteríin," bætti Eggert við en hann var eitt ár hjá Fjölni og tvö ár með Breiðablik áður en hann hélt til ÍR.

Eggert fullyrti að ekkert hefði getað breytt ákvörðun sinni og að hún hefði legið lengi í loftinu. „Það hefði náttúrlega verið skemmtilegra að hætta sem Íslandsmeistari en það hefði ekki breytt ákvörðun minni um að draga mig í hlé. Þetta er búið að vera mjög gaman í vetur þrátt fyrir miklar sveiflur."

ÍR-ingar geta vel við unað og sýndu hvers megnugir þeir eru með því að vinna Njarðvík, 2-0, í fyrstu umferð úrslitakeppninnar og lögðu Keflvíkinga á hinum firnasterka heimavelli, Sláturhúsinu. „Ég kveð sáttur í bili en það var samt hundleiðinlegt að tapa þremur í röð í undanúrslitunum. Eftir á að hyggja voru Keflvíkingar bara með mjög góðir og við erum ekkert minni menn að vera slegnir út af sjálfum Íslandsmeisturunum," segir Eggert Maríuson, fráfarandi þjálfari ÍR.



### > Við vorkennum ...

... Kára Árnasyni, sem hlýtur að hafa liðið skelfilega í gær er honum var vikið af velli eftir aðeins þrjár mínútur í sínum fyrsta landsleik. Svo sannarlega eftirminnileg byrjun á landsliðsferlinum hjá Kára, sem hlýtur að hafa skráð sig í einhverjar metabækur.



### > Við hrósum ...

... íslenska landsliðinu í knattspyrnu sem tókst loksins að stöðva lekann í vörninni og halda hreinu gegn Ítölum í Padova í gær. Það var svo sannarlega kominn tími til eftir flengingar í síðustu leikjum.



### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

28 29 30 **31** 1 2 3

**Fimmtudagur**

**LEIKIR**

- 19.00 **Valur** og **ÍA** mætast í Egilshöll í 1. riðli A-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 19.15 **FH** og **Valur** mætast í Kaplakrika í úrslitakeppni DHL-deildar kvenna í handbolta.
- 19.15 **ÍBV** og **Víkingur** mætast í Vestmannaeyjum í úrslitakeppni DHL-deildar kvenna í handbolta.

**SJÓNVARP**

- 16.00 **Formúla 1** á Sýn.
- 16.25 **Skíðamót Íslands** á RÚV.
- 16.45 **Handboltakvöld** á RÚV.
- 17.15 **Olíssport** á Sýn.
- 18.30 **Fótbolti um víða veröld** á Sýn.
- 20.00 **Íslandsmótið í handbolta** á RÚV. Bein útsending frá síðari hálfleik í leik **FH** og **Vals** í úrslitakeppni DHL-deildar kvenna í handbolta.
- 21.00 **Þú ert í beinni!** á Sýn.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 23.05 **Skíðamót Íslands** á RÚV.
- 23.15 **Þú ert í beinni!** á Sýn.
- 00.15 **Boltinn með Guðna Bergs** á Sýn.

# Varnarsigur Íslands í Padova

**Íslenska knattspyrnulandsliðið hélt hreinu gegn Ítölum í Padova. Leikurinn var líflegur og nýliðinn Kári Árnason fékk að líta rauða spjaldið eftir aðeins þrjár mínútur á vellinum.**

**FÓTBOLTI** „Við vorum ekkert farnir að athuga okkar stöðu sem landsliðsþjálfarar neitt sérstaklega fyrir leikinn. Við reynum alltaf að gera okkar besta. Ef við einbeitum okkur ekki að því fara leikirnir illa. En ef eitthvað slíkt kemur upp, að við séum á útleið, þá lofa ég því að þið fáið að frétta af því," sagði Logi Ólafsson landsliðsþjálfari við Fréttablaðið í Padova í gærvöld eftir markalaust jafntefli Ítalíu og Íslands í vináttulandsleik þjóðanna.

Ísland fékk fyrsta færi leiksins strax á fjórðu mínútu. Hannes Þ. Sigurðsson slapp einn í gegn og lét skotið ríða af við markteigshornið en Flavio Roma bjargaði með góðu úthlaupi. Eftir þetta tóku Ítalir öll völd á vellinum og dældu háum boltum fram á hinn stóra og stæðilega framherja, Luca Toni. Eftir hálftíma leik skoraði Toni með skalla en markið var réttilega dæmt af þar sem hann braut á Ólafi Erni Bjarnasyni.

Tveimur mínútum síðar skoraði Daniele De Rossi aftur fyrir Ítalíu með skoti frá vítateigslínu eftir hornspyrnu en markið var dæmt af vegna brots inni í teig.

„Við löguðum það sem aflaga fór gegn Króatíu. Við stóðum varnarleikinn mjög vel, menn voru vakandi í vörninni. Eðli málsins samkvæmt var lítið að gerast fram á við. Hvorugt lið var með sinn sterkasta mannskap og við söknum auðvitað Eiðs Smára. En ég er stoltur af strákunum, þeir sýndu mikinn karakter," sagði Ásgeir Sigurvinsson landsliðsþjálfari.

Ítalir áttu 20 markskot í leiknum en Ísland tvö, eitt í hvorum hálfleik.

Kári Árnason kom inn í sínum fyrsta landsleik þegar 10 mínútur voru eftir. Hann staldraði stutt við, eða nákvæmlega þrjár mínútur, því hann braut gróflega á Barzagli og var réttilega rekinn af velli.

„Mér fannst þetta ekki vera rautt spjald, brotið var ekki það gróft. Þetta er rosalega súrt, ætli ég sé ekki kominn í flokk með Vinnie Jones og félögum eftir þetta," sagði Kári við Fréttablaðið. Þá fengu Emil Hallfreðsson og Gunnar Heiðar Þorvaldsson einnig að spila lokamínútur leiksins og eru því með skráðan landsleik.

Hermann Hreiðarsson átti frábæran leik í hjarta varnarinnar ásamt Ólafi Erni Bjarnasyni. Árni Gautur var maður leiksins og nýliðinn Hannes stimplaði sinn í A-landsliðið með glæsibrag. Grétar Rafn og Gylfi börðust vel eins og reyndar allt íslenska liðið sem fékk svolitla uppreisn æru eftir dapurt gengi að undanförnu.

**thorsteinn.gunnarsson@365.is**





**STUTT GAMAN** Kári Árnason fékk að líta rauða spjaldið eftir aðeins þrjár mínútur í sínum fyrsta landsleik. FRÉTTABLAÐIÐ/BÖDDI


# Hvert er virði fyrirtækisins - og hvernig má auka það?



**Sigurður Erlingsson**
forstöðumaður Alþjóðasamskipta hjá Landsbankanum og stundakennari við HR er leiðbeinandi á námskeiðinu „Verðmat fyrirtækja". Sigurður hefur mikla reynslu og þekkingu á þessu sviði.

Stjórnendaskóli Háskólans í Reykjavík býður námskeiðið: Verðmat fyrirtækja, þar sem þátttakendum er veitt þjálfun í að verðmeta fyrirtæki og hlutabréf og veitt innsýn í aðferðir til að auka verðmæti fyrirtækja og velja á milli fjárfestingakosta.

Námskeiðið er tvíþætt. Annars vegar er fjallað um greiningu á fjárfestingum og hvernig heppilegast er að velja á milli fjárfestingakosta, raktir eru þeir lykilþættir er liggja að baki vel ígrunduðu verðmati, bæði út frá sjóðstreymis- og samanburðarverðmati. Hins vegar verður verður fjallað um aðferðir sem stjórnendur geta notað til að hámarka virði einstakra rekstrareininga og/eða fyrirækja og stofnana.

**Í lok námskeiðs munu þátttakendur hafa öðlast:**

- Færni í að túlka verðmat á fyrirtækjum og hlutabréfum.
- Hæfni til að meta hvernig hægt er að auka verðmæti fyrirtækis.
- Getu til að velja milli fjárfestingarkosta þannig að virði fyrirtækja verði hámarkað.
- Góða yfirsýn yfir þá þætti sem skipta máli í virðisaukandi aðgerðum.

**Dagsetningar:** 11. - 12. apríl 2005 frá kl. 14:00 - 18:00.
**Staður:** Stjórnendaskóli Háskólans í Reykjavík, Ofanleiti 2.
**Verð kr.** 28.000.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Ágústa Jónsdóttir
sími: 599 6424
agusta@ru.is
Skiptiborð: 599 6200
**stjornendaskoli.is**

STJÓRNENDASKÓLI
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK




**BJARNI FRITZSON** Væntanlega á leið til Frakklands. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Fyrirliði ÍR á förum?

## Créteil vill fá Bjarna

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn og ÍR-ingurinn Bjarni Fritzson kom heim frá Frakklandi í gær þar sem hann var í skoðun hjá franska félaginu Créteil. Forráðamönnum franska félagsins leist vel á Bjarna og þeir munu freista þess að ná samningum við hann á næstu dögum.

„Mér leist verulega vel á þetta félag og það á margt sameiginlegt með ÍR. Það er góð fjölskyldustemning þarna," sagði Bjarni við Fréttablaðið nýlentur frá París í gær en hann hyggst reyna að ná samningum við félagið helst ekki síðar en um helgina. „Það væri gott að klára þetta fyrir úrslitakeppnina og ég er nokkuð bjartsýnn á að það takist."

Félagi Bjarna hjá ÍR, Ingimundur Ingimundarson, gæti einnig farið til franska félagsins en hefur það spurst fyrir um Ingimund.

**- hbg**

Fyrsti úrslitaleikur Keflavíkur og Grindavíkur:

# Liðsheild Keflavíkur stoppaði Ritu og Grindavík

**KÖRFUBOLTI** Það má segja að það hafi verið sterk liðsheild Keflavíkur sem stoppaði Ritu Williams og félaga hennar í Grindavík í fyrsta úrslitaleik liðanna um Íslandsmeistaratitil kvenna í körfubolta. Keflavík vann leikinn með 17 stigum, 88–71, og hefur þar með unnið sjö leiki í röð í lokaúrslitum um Íslandsmeistaratitilinn.

Keflavík náði níu stiga forskoti í fyrsta leikhluta, 30–21, og hélt forustunni og frumkvæðinu út leikinn. Grindavík náði muninum aldrei niður fyrir 8 stig og Keflavík kláraði leikinn af öryggi á vítalínunni.

Það var ekki að sjá reynsluleysi á leik hinnar 16 ára Bryndísar Guðmundsdóttur sem skoraði 22 stig og tók 10 fráköst þar af komu sjö stig af vítalínunni í fjórða leikhlutanum. Bryndís átti mjög góðan leik, Birna Valgarðsdóttir gaf tóninn með tveimur þriggja stiga körfum á fyrstu tveimur mínútunum og endaði með 20 stig og 10 fráköst og Alexandra Stewart varð síðan þriðji leikmaður liðsins sem náði tvennu en hún var með 15 stig, 11 fráköst og 7 stoðsendingar auk þess að spila góða vörn á Ritu Williams. Anna María Sveinsdóttir var einnig traust og tók af skarið á réttum augnablikum.

Rita Williams skoraði reyndar 27 stig fyrir Grindavík í leiknum en það kostaði 23 skot og 9 tapaða bolta og á sama tíma tókst henni ekki að koma samherjum sínum inn í leikinn.



**FRÁBÆR Í FYRSTA LEIK** Bryndís Guðmundsdóttir átti frábæran leik með Keflavík í gær og skoraði 22 stig og tók að auki 10 fráköst.

Úrslitakeppni DHL-deildar kvenna hefst í kvöld:

# Brotalamir á Eyjaliðinu

**HANDBOLTI** Úrslitakeppnin í DHL-deild kvenna hefst í kvöld með tveimur leikjum. ÍBV-stúlkur mæta Víkingi í Eyjum í kvöld. Í hinum leik kvöldsins mætast liðin í fjórða og fimmta sætinu, FH og Valur í Kaplakrika. Erlendur Ísfeld, þjálfari Stjörnunnar, hafði þetta að segja um viðureignir kvöldsins:

„Viðureign ÍBV og Víkings verður mjög athyglisverð og þó að fólk geri kannski almennt ráð fyrir að ÍBV fari létt í gegnum þetta er ég viss um að það verður ekki auðvelt. Það hafa verið brotalamir í Eyjaliðinu í vetur og mér finnst lið Víkings hafa verið vaxandi undanfarið. Það er allt annað að sjá til liðsins síðan það fékk nýjan þjálfara og þar með er ég ekki að segja að það hafi verið Óskari að kenna að liðið var að ströggla, heldur virkar það oft sem vítamínsprauta á lið þegar nýr þjálfari tekur við. Þess vegna ætla ég að gerast svo djarfur að spá Víkingi sigri í fyrsta leiknum,“ segir Erlendur.

„Ég ætla að tippa á að FH-stúlkur vinni fyrsta leikinn við Val, því ég held að þær hafi ekki tapað síðan þær fengu nýjan þjálfara og þær eru mjög erfiðar í Kaplakrika. Það er eins hjá þeim og hjá Víkingi að þær eru orðnar miklu hressari með nýjan þjálfara í brúnni. Það er gífurleg stemmning í hópnum hjá þeim og þær eru að mínu mati með öllu sterkari mannskap. Valsliðið hefur orðið fyrir mikilli blóðtöku og misst mikið af leikmönnum í vetur, en það er engu að síður töggur í þessum stelpum og þær unnu okkur í Stjörnunni hér í Ásgarði í síðustu umferðinni í deildinni,“ sagði Erlendur Ísfeld. ■

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Undankeppni HM*

### *1. riðill*

| | |
|---|---|
| HOLLAND–ARMENÍA | 2–0 |

1–0 Castelen (3.), 2–0 Nistelrooy (34.).

| | |
|---|---|
| MAKEDÓNÍA–RÚMENÍA | 1–2 |

0–1 Mitea (18.), 1–1 Maznov (31.), 1–2 Mitea (58.).

| | |
|---|---|
| ANDORRA–TÉKKLAND | 0–4 |

0–1 Jankolowski, víti (31.), 0–2 Baros (40.), 0–3 Lokvenc (53.), 0–4 Rosicky, víti (90.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| HOLLAND | 6 | 5 | 1 | 0 | 14–3 | 16 |
| **TÉKKLAND** | **6** | **5** | **0** | **1** | **14–5** | **15** |
| RÚMENÍA | 7 | 4 | 1 | 2 | 12–8 | 13 |
| **FINNLAND** | **6** | **3** | **0** | **3** | **13–10** | **9** |
| MAKEDÓNÍA | 7 | 1 | 2 | 4 | 7–9 | 5 |
| **ARMENÍA** | **7** | **1** | **1** | **5** | **4–15** | **4** |
| ANDORRA | 7 | 1 | 1 | 5 | 3–17 | 4 |

### *2. riðill*

| | |
|---|---|
| ÚKRAÍNA–DANMÖRK | 1–0 |

1–0 Voronin (67.).

| | |
|---|---|
| GEORGÍA–TYRKLAND | 2–5 |

0–1 Seyhan (12.), 1–1 Amisulashvili (13.), 1–2 Tekke (19.), 1–3 Tekke (35.), 2–3 Iashvili (41.), 2–4 Avci (72.), 2–5 Sanli (89.)

| | |
|---|---|
| GRIKKLAND–ALBANÍA | 2–0 |

1–0 Charisteas (33.), 2–0 Karagounis (85.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ÚKRAÍNA | 6 | 4 | 2 | 0 | 11–3 | 14 |
| **GRIKKLAND** | **7** | **4** | **2** | **1** | **12–6** | **14** |
| TYRKLAND | 7 | 3 | 3 | 1 | 13–7 | 12 |
| DANMÖRK | 6 | 2 | 3 | 1 | 10–6 | 9 |
| **ALBANÍA** | **7** | **2** | **0** | **5** | **3–11** | **6** |
| GEORGÍA | 6 | 1 | 2 | 4 | 8–13 | 5 |
| **KASAKSTAN** | **5** | **0** | **0** | **5** | **2–13** | **0** |

### *3. riðill*

| | |
|---|---|
| EISTLAND–RÚSSLAND | 1–1 |

0–1 Arshavin (18.), 1–1 Terehhov (64.).

| | |
|---|---|
| LETTLAND–LÚXEMBURG | 4–0 |

1–0 Bleidilis (33.), 2–0 Laizans, víti (38.), 3–0 Verpakovskis (73.), 4–0 Verpakovskis (90.).

| | |
|---|---|
| SLÓVAKÍA–PORTÚGAL | 1–1 |

1–0 Karhan, víti (8.), 1–1 Postiga (81.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| PORTÚGAL | 6 | 4 | 2 | 0 | 21–4 | 14 |
| **SLÓVAKÍA** | **6** | **4** | **2** | **0** | **18–5** | **14** |
| RÚSSLAND | 6 | 3 | 2 | 1 | 13–10 | 11 |
| **LETTLAND** | **6** | **3** | **1** | **2** | **14–12** | **10** |
| EISTLAND | 7 | 2 | 2 | 3 | 10–14 | 8 |
| **LIECHTENST.** | **6** | **1** | **1** | **4** | **9–16** | **4** |
| LÚXEMBURG | 7 | 0 | 0 | 7 | 4–28 | 0 |

### *4. riðill*

| | |
|---|---|
| ÍSRAEL–FRAKKLAND | 1–1 |

0–1 Trezeguet (47.), 1–1 Badir (82.).

| | |
|---|---|
| SVISS–KÝPUR | 1–0 |

1–0 Frei (88.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FRAKKLAND** | **6** | **2** | **4** | **0** | **5–1** | **10** |
| ÍSRAEL | 6 | 2 | 4 | 0 | 8–6 | 10 |
| **SVISS** | **5** | **2** | **3** | **0** | **10–3** | **9** |
| ÍRLAND | 5 | 2 | 3 | 0 | 7–2 | 9 |
| **KÝPUR** | **6** | **0** | **1** | **5** | **4–12** | **1** |
| FÆREYJAR | 4 | 0 | 1 | 3 | 2–12 | 1 |

### *5. riðill*

| | |
|---|---|
| MOLDÓVA–NOREGUR | 0–0 |
| SLÓVENÍA–HV. RÚSSLAND | 1–1 |

1–0 Rodic (44.), 1–1 Kulchy (49.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ÍTALÍA | 5 | 4 | 0 | 1 | 9–5 | 12 |
| **NOREGUR** | **5** | **2** | **2** | **1** | **6–3** | **8** |
| SLÓVENÍA | 5 | 2 | 2 | 1 | 5–4 | 8 |
| **H-RÚSSLAND** | **4** | **1** | **2** | **1** | **9–6** | **5** |
| SKOTLAND | 4 | 0 | 2 | 2 | 1–4 | 2 |
| **MOLDÓVA** | **5** | **0** | **2** | **3** | **1–9** | **2** |

### *6. riðill*

| | |
|---|---|
| PÓLLAND–NORÐUR-ÍRLAND | 1–0 |

1–0 Zurawski (86.).

| | |
|---|---|
| ENGLAND–ASERBAÍDSJAN | 2–0 |

1–0 Gerrard (51), 2–0 Beckham (62.).

| | |
|---|---|
| AUSTURRÍKI–WALES | 1–0 |

1–0 Aufhauser (88.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ENGLAND | 6 | 5 | 1 | 0 | 13–3 | 16 |
| **PÓLLAND** | **6** | **5** | **0** | **1** | **19–5** | **15** |
| AUSTURRÍKI | 6 | 3 | 2 | 1 | 11–8 | 11 |
| **N-ÍRLAND** | **6** | **0** | **3** | **3** | **5–13** | **3** |
| WALES | 6 | 0 | 2 | 4 | 5–11 | 2 |
| **ASERB.** | **6** | **0** | **2** | **4** | **1–14** | **2** |

### *7. riðill*

| | |
|---|---|
| BOSNÍA–LITHÁEN | 1–1 |

1–0 Bolic (21.), 1–1 Stankevicius (61.).

| | |
|---|---|
| SERBÍA–SPÁNN | 0–0 |
| SAN MARÍNÓ–BELGÍA | 1–2 |

0–1 Simons (18.), 1–1 Selva (40.), 1–2 Buyten (63.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SERBÍA | 5 | 3 | 2 | 0 | 10–0 | 11 |
| **SPÁNN** | **5** | **2** | **3** | **0** | **8–1** | **9** |
| LITHÁEN | 5 | 2 | 3 | 0 | 7–2 | 9 |
| **BELGÍA** | **5** | **2** | **1** | **2** | **7–7** | **7** |
| BOSNÍA | 4 | 0 | 3 | 1 | 3–6 | 3 |
| **SAN MARÍNÓ** | **6** | **0** | **0** | **6** | **1–20** | **0** |

### *8. riðill*

| | |
|---|---|
| UNGVERJALAND–BÚLGARÍA | 1–1 |

0–1 Petrov (52.), 1–1 Torghelle (89.).

| | |
|---|---|
| KRÓATÍA–MALTA | 3–0 |

1–0 Prso (24.), 2–0 Prso (35.), 3–0 Tudor (80.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KRÓATÍA | 5 | 4 | 1 | 0 | 13–2 | 13 |
| **SVÍÞJÓÐ** | **5** | **4** | **0** | **1** | **17–2** | **12** |
| BÚLGARÍA | 5 | 2 | 2 | 1 | 10–8 | 8 |
| **UNGVERJAL.** | **5** | **2** | **1** | **2** | **6–9** | **7** |
| ÍSLAND | 5 | 0 | 1 | 4 | 4–14 | 1 |
| **MALTA** | **5** | **0** | **1** | **4** | **1–16** | **1** |

### *Úrslitakeppni í körfu kvenna*

| | |
|---|---|
| KEFLAVÍK–GRINDAVÍK | 88–71 |

**Stig Keflavíkur:** Bryndís Guðmundsdóttir 22 (9 í 4. leikhluta, 10 fráköst), Birna Valgarðsdóttir 20 (8 í 1. leikhluta, 10 fráköst), Alex Stewart 15 (7 í 4. leikhluta, 11 fráköst, 7 stoðsendingar), Anna María Sveinsdóttir 13 (6 stoðsendingar, 6 fráköst, 4 stolnir), Svava Ósk Stefánsdóttir 8 (3 stoðs. á 16 mín.), Rannveig Randversdóttir 6 (6 fráköst, 5 í sókn), María Ben Erlingsdóttir 4.
**Stig Grindavíkur:** Rita Williams 27 (18 í fyrri hálfleik, 10 fráköst, 9 tapaðir, 5 stolnir), Erla Reynisdóttir 15, Erla Þorsteinsdóttir 9 (7 fráköst, 3 varin), Svandís Sigurðardóttir 7 (8 fráköst), Ólöf Helga Pálsdóttir 7, Sólveig Gunnlaugsdóttir 2, Jovana Lilja Stefánsdóttir 2, Guðrún Ósk Guðmundsdóttir 2.

**Annar leikurinn** fer fram í Grindavík á laugardaginn og hefst klukkan 16.15.

### *Umspil í handbolta karla*

| | |
|---|---|
| FH–VÍKINGUR | 29–25 |

**Mörk FH:** Arnar Pétursson 6, Hjörleifur Þórðarson 6, Hjörtur Hinriksson 5, Jón Helgi Jónsson 3, Valur Arnarsson 3, Heiðar Arngrímsson 3, Guðmundur Pedersen 3.
**Mörk Víkings:** Andri Berg Haraldsson 7, Þröstur Helgason 6, Ragnar Hjaltested 5, Árni Björn Þórarinsson 3, Þórir Júlíusson 2, Benedikt Árni Jónsson 2.

### *Danski handboltinn*

| | |
|---|---|
| TEAM HELSINGE–FREDERICA | 28–31 |

**Gísli Kristjánsson** skoraði 8 mörk fyrir Frederica en **Magnús Agnar Magnússon** komst ekki á blað í liði Team Helsinge.

### *Spænski handboltinn*

| | |
|---|---|
| BIDASOA–CIUDAD REAL | 21–31 |

**Ólafur Stefánsson** skoraði eitt mark fyrir Ciudad Real í leiknum.


Spennandi nám hjá NTV

TÖLVUVIÐGERÐIR

Eftirspurnin hefur aldrei verið meiri!

Eftirspurnin eftir fólki með þekkingu í tölvuviðgerðum hefur aldrei verið meiri en í dag. Á námskeiðinu læra nemendur að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað í nýrri, fullkominni tölvuviðgerðarstofu NTV.

Frábært námskeið sem nýtist bæði einstaklingum og fyrirtækjum sem treysta á að tölvurnar séu í lagi.

Kvöld og helgarnámskeið
Kennt er mánudaga og miðvikudaga frá 18-22 og laugardaga frá 8:30-12:30.
Byrjar 25. apríl og lýkur 25. maí.

ntv
Hlíðasmára 9 - Kópavogi

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS



Þróunarfélag miðborgarinnar
ÞRÓUNARFÉLAG MIÐBORGARINNAR

Aðalfundur 2005

verður haldinn í Iðnó við Vonarstræti
í dag, fimmtudaginn 31. mars, kl. 17:00

Auk venjulegra aðalfundarstarfa verða flutt þrjú erindi:

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri:
*Miðborgin: Uppbyggingin framundan*

Jóhannes S. Kjarval, hverfisarkitekt miðborgarinnar á skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar:
*Skipulagsmál í miðborginni*

Engilbert Runólfsson, forstjóri Stafna á milli:
*Frakkastígsreiturinn*

Léttar veitingar að loknum fundi

Fjölmennum á aðalfundinn - eflum miðborgina!


30% afsláttur við kassa
Framandi í Nóatúni!
BAUTABÚRS RAUÐVÍNSLEGINN GRÍSAHNAKKI
1.049 kr. kg
Þú sparar 446 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 1.495 kr./kg.
SPARAÐU
35% afsláttur við kassa
SVÍNASÍÐA MEÐ PÖRU/PÖRUSTEIK
499 kr. kg
37% afsláttur við kassa
NAGGALÍNAN, KJÖTBOLLUR
299 kr. pk.
Þú sparar 178 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 477 kr./pk.
BETRI KAUP Í NÓATÚNI!
NÁTTÚRU SVEPPIR
269 kr. pk.
Þú sparar 50 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 219 kr./kg.
2 FYRIR 1
NÓATÚNS SVÍNASTRIMLAR
1.039 kr. kg
Þú sparar 560 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er1.599 kr./kg.
NÓATÚNS
TÓMATAR
199 kr. kg
Þú sparar 100 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 299 kr./kg.
LA BAGUETTE
Delifrance
LA BAGUETTE SNITTUBRAUÐ
149 kr. pk.
Þú sparar 149 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 298 kr./pk.



MÓA KJÚKLINGALEGGIR

**359** kr. kg

Þú sparar 240 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 599 kr./kg.



MÓA KJÚKLINGALÆRI

**359** kr. kg

Þú sparar 240 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 599 kr./kg.




MÓA KJÚKLINGASTRIMLAR

**899** kr. kg

Þú sparar 600 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 1.499 kr./kg.




NÓATÚNS UNGNAUTASTRIMLAR

**1.499** kr. kg

Þú sparar 399 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 1.898 kr./kg.




2 FYRIR 1

HOMEBLEST, 500 G

**100** kr. pk.

Þú sparar 90 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 199 kr./pk.




30%

afsláttur af allri Thai Choice línunni

Mundu CHESTER FRIED

NÓATÚN

OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA




Rólegir og mjúkir tímar - hentar vel einstaklingum með vefjagigt og síþreytu.

Með fullkominni jógaöndun dýpkar svefninn sem leiðir til bættrar heilsu.

**BYRJAR 4. APRÍL**

Tímar þriðjud. og fimmtud.
kl. 10.00 – 11.15
**Lótus Jógasetur Borgartúni 20 4. hæð**

Tímar mánud. og miðvikud.
kl. 16.00 – 17.15 og
kl. 17.25 – 18.40

**Saga Heilsa og Spa**
**Nýbýlavegi 24 Kópavogi**

Upplýsingar í síma 821 7482,
netfang: yogamedmaggy@simnet.is
Heimasíða: lotusjogasetur.is


# STUÐ MILLI STRÍÐA : Ein sem lét sig ekki hverfa

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR** RÆDDI VIÐ RÁÐVILLTA BRETA Á STUÐMANNATÓNLEIKUNUM Í LONDON



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Íslendingar eru of hörundsárir. Það er að minnsta kosti mitt mat eftir að hafa hlustað á fólk fjalla um dóm bresks blaðs um Hljómsveitina Okkar, Stuðmenn sjálfa. Það var í einhverju blaði og ef það væri ekki í Telegraph, ofurhægrisinnaða-, snobb-, íhaldspésanum, sem er eina blaðið sem ég hef sem stefnu að lesa aldrei, mætti kannski halda að þetta hefði verið skrifað af einhverjum götustrák. Blaðamanninum fannst Stuðmenn ekki svalir. Skildi ekki húmorinn. Og okkur finnst það skrýtið. Einn meðlima hljómsveitarinnar lét meira að segja hafa það eftir sér í DV í gær að Bretar séu ekki þekktir fyrir að hrífast af erlendum hljómsveitum.

Ætli þeir séu ekki álíka hrifnir af íslenskri tónlist, fluttri á íslensku, og við af grænlenskri hljómsveit? Hefur þú skellt þér á popptónleika með einhverri pólskri hljómsveit nýlega?

Bretunum fannst þetta þó ekki alslæmt, að minnsta kosti ekki öllum, þó margir hafi ekki verið að fíla þetta. Allflestir sem ég ræddi við fyrir tónleikana, í hléi og eftir tónleikana voru reyndar íslenskir. Stór hluti þeirra Breta sem ég hafði eitthvað spjallað við áður en tónleikarnir hófust virtust reyndar hafa látið sig hverfa á einhverjum tímapunkti, líklega í hléi bara. Að minnsta kosti var þá hvergi að finna eftir tónleikana. Þeir skildu hvort eð er ekkert hvað þeir voru að gera þarna. Þeim var bara boðið af einhverju íslensku fyrirtæki sem þeir voru að vinna fyrir. Þeir mættu af skyldurækni.

Ein kona skar sig þó úr. Kona um sjötugt sem hafði mætt í sparifötunum sínum. Hún var mjög líkleg til að hafa villst þarna inn í Royal Albert Hall á leið á klassíska tónleika. Hún bara ruglaðist eitthvað á dögunum. Þetta reyndist bara alls ekki raunin. Hún og vinkonur hennar tvær sáu þessa undarlegu tónleika auglýsta og skelltu sér bara. Vinkonurnar gáfust reyndar upp í hléi en þessi sjötuga tjúttaði bara áfram. Ein stóð hún og dillaði sér eftir tónlist Stuðmannanna, eins og hún hefði aldrei gert annað. ■


DANSLEIKIR um helgina

Föstudaginn 1. apríl

HLJÓMSVEITIN ÞÚSÖLD

Laugardaginn 2. apríl

HLJÓMSVEITIN Úlfar
Vrrandi fín Hljómsveit

KLÚBBURINN við Gullinbrú

Sjá nánari upplýsingar á www.klubburinn.is eða í síma 567 3100



NASA

FÖSTUD. 01. 04. '05

NÝDÖNSK

...OG LÖGIN SEM ALLIR ELSKA
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
MIÐAVERÐ 500 KR.

ATH. EKKI GABB

500 KALL

INN Á BÖLLIN UM HELGINA

LAUGARD. 02. 04. '05

HJÁLMAR

SÍÐAST VAR PAKKAÐ ÚT ÚR DYRUM!
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
MIÐAVERÐ 500 KR.

NÁNARI UPPLÝSINGAR
NASA.IS
ÞAR SEM ÍSLENDINGUM FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

SMIRNOFF ICE


## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



# Góð hátíð verður betri

Það eru enn að bætast við titlar á kvikmyndahátíðina Iceland International Film Festival 2005 sem hefst 7. apríl og það er ljóst að þá verður sett ein öflugasta kvikmyndahátíð sem haldin hefur verið á Íslandi. Leikstjórinn Walter Salles mætir til landsins með opnunarmynd hátíðarinnar, Motorcycle Diaries, en myndina gerði hann *eftir dagbókum sem byltingarmaðurinn Che Guevara hélt á mótorhjólaferðalagi sem hann fór í 23 ára gamall.

Þær myndir sem voru bókaðar á hátíðina fyrir páska eru hver annarri forvitnilegri og það er óhætt að segja að það muni allir finna eitthvað við sitt hæfi á hátíðinni.

Myndin Bomb the System eftir Adam Bhala Lough er glæný mynd eftir ungan New York-búa sem fjallar um veggjakrotara borgarinnar sem eru sannkallaðir listamenn. Myndin verður frumsýnd í Bandaríkjunum í lok apríl.

Myndin Brothers eftir Susanne Bier verður sýnd í Norðurlandaflokki IIFF 2005 en hér er á ferðinni áhrifamikil mynd eftir höfund Open Hearts.

Hryllingsmyndin Darkness eftir James Balagueró skartar Önnu Paquin úr The Piano og Fele Martines í aðalhlutverkum. Sannkölluð miðnæturmynd og er vitaskuld sýnd í Miðnæturflokki hátíðarinnar en þar verður boðið upp á myndir sem af ýmsum ástæðum þola illa dagsljósið.

Gerard Butler leikur aðalhlutverkið í Dear Frankie, eftir Shona Auerbach. Hér er á ferðinni hjartnæm mynd sem sló í gegn á Cannes. Liz Gill er einnig á léttu nótunum í Goldfish Memory, rómantískri írskri gamanmynd um hættur þess að taka þátt í stefnumótaleikjum.

Paul Greengrass, sem gerði hina eftirminnilegu Bloddy Sunday, er handritshöfundur myndarinnar Omagh, sem Pete Travis leikstýrir. Greengrass er sem fyrr á sannsögulegum nótum og fjallar hér um eftirmála sprengjuárásar 1998.

Heimspekilega lífstilgangsstúdían What the Bleeb do We Know hefur valdið nokkru fjaðrafoki vestanhafs og er ekki síður líkleg til að vekja fólk til umhugsunar hér á landi. Myndin er eftir Mark Vicente, Betsy Chasse og William Arntz og verður sýnd í Ameríkuflokknum.

Á næstu dögum skýrast línur í Heimildarmyndaflokki IIFF 2005 en sá flokkur verður fylltur gæðaefni rétt eins og flokkarnir Þema og Meistarar en Þemaflokkurinn mun án efa vekja lukku en í honum verða verða sýndar myndir sem ekki hafa sést áður á Íslandi, hvorki í kvikmyndahúsum né annars staðar. Þá fjöldi gesta væntanlegur í tilefni hátíðarinnar og fer þar mest fyrir leikurum og leikstjórum. ■


**GAT Í HJARTA MÍNU** Nýjasta mynd hins snjalla sænska leikstjóra Lukas Moodyson (Tilsammans, Lilja 4-ever) er nærgöngul og grimm og mun ganga nærri þeim sem á horfa.

### STAÐFESTIR TITLAR Á IIFF 2005

**A HOLE IN MY HEART**
(Ett Hål i mitt hjärta)
eftir Lukas Moodysson
**BAD EDUCATION** (La Mala educacion)
eftir Pedro Almódovar
**BEAUTIFUL BOXER**
eftir Ekachai Uekrongtham
**BEYOND THE SEA**
Kevin Spacey
**BOMB THE SYSTEM**
eftir Adam Bhala Lough
**BROTHERS**
eftir Susanne Bier
**DARKNESS**
eftir James Balagueró
**DEAR FRANKIE**
eftir Shona Auerbach
**DON'T MOVE**
eftir Sergio Castellitto
**DOOR IN THE FLOOR**
eftir Tod Williams
**DOWNFALL**
(Der Untergang) eftir Oliver Hirschbiege
**GARDEN STATE**
eftir Zach Braff
**GOLDFISH MEMORY**
eftir Liz Gill
**HOTEL RWANDA**
eftir Terry George
**HOUSE OF FLYING DAGGERS**
(Shi mian mai fu) eftir Yimou Zhang
**I HEART HUCKABEES**
eftir David O. Russell
**KINSEY**
eftir Bill Condon
**MARIA FULL OF GRACE**
(Maria, llena eres de gracia)
eftir Joshua Marston
**MAYOR OF SUNSET STRIP**
eftir George Hickenlooper
**MEAN CREEK**
eftir Jacob Aaron Estes
**MERCHANT OF VENICE**
(Kaupmaðurinn í Feneyjum)
eftir Michael Radford
**THE MOTHER**
eftir Roger Michell
**MOTORCYCLE DIARES**
(Diarios de motocicleta)
eftir Waltes Salles
**NAPOLEON DYNAMITE**
eftir Jared Hess
**OMAGH**
eftir Pete Travis
**THE ROBBERS**
(Ranarna) eftir Peter Lindmark
**VERA DRAKE**
eftir Mike Leigh
**WHAT THE BLEEP DO WE KNOW?**
eftir Mark Vicente, Betsy Chasse og William Arntz
**THE WOODSMAN**
eftir Nicole Kassell
**9 SONGS**
eftir Michael Winterbottom


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

MÝRARLJÓS Í KVÖLD OG ANNAÐ KVÖLD!

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
11. sýn. í kvöld fim. 31/3 **örfá sæti laus**, fös. 1/4 **nokkur sæti laus**, lau. 9/4 **nokkur sæti laus**, fös. 15/4.

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Lau. 2/4 **uppselt**, sun. 3/4 **uppselt**, fim. 7/4 **uppselt**, fös. 8/4 **uppselt**, lau. 16/4 **uppselt**, lau. 23/4 **uppselt**, lau. 30/4 **örfá sæti laus**, lau. 7/5 **nokkur sæti laus**, fim. 12/5 **örfá sæti laus**, fös. 13/5.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 3/4 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 10/4 kl. 14:00 **uppselt**, sun. 17/4 **uppselt**, sun. 24/4 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 1/5 kl. 14:00.

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Í kvöld fim. 31/3 **uppselt**, fös. 1/4 **örfá sæti laus**, mið. 6/4 **uppselt**, lau. 9/4 **uppselt**, fim. 14/4 **uppselt**, fös. 15/4 **nokkur sæti laus**, fim. 21/4.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ **Litla sviðið kl. 20.00**

**KODDAMAÐURINN** - *Martin McDonagh*
**Frumsýning mið. 13/4 uppselt**, fim. 14/4 **örfá sæti laus**, sun. 17/4, fös. 22/4, fös. 29/4. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

**Miðasalan er lokuð til þri. 29/3.** Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is**
Veffang: **www.leikhusid.is** Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**



# Ævintýralegir tónleikar

Tónleikaröð fjölskyldunnar, Tónsprotinn, hefur slegið í gegn í vetur. Þessir ævintýralegu tónleikar eru tileinkaðir H.C. Andersen á 200 ára fæðingarafmæli hans.

Tónsprotinn #4 | HÁSKÓLABÍÓI, LAUGARDAGINN **2. APRÍL** KL. 15.00



Hljómsveitarstjóri ::: Guðmundur Óli Gunnarsson
Sögumaður og kynnir ::: Örn Árnason

Árni Björnsson ::: Forleikur að Nýársnóttinni
Fuzzy / H.C. Andersen ::: Förunauturinn
Benjamin Britten ::: Hljómsveitin kynnir sig

VISA ER BAKHJARL TÓNSPROTANS

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
Háskólabíó við Hagatorg | Sími 545 2500 | sinfonia@sinfonia.is | www.sinfonia.is








**Sýnt í Borgarleikhúsinu!**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fimmtudagur** - *Sumardagurinn fyrsti* | **21. apríl** | FRUMSÝNING | **kl. 14.00** |
| Laugardagur | 23. apríl | 2. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 24. apríl | 3. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 1. mai | 4. sýning | kl. 17.00 |
| Sunnudagur | 1. mai | 5. sýning | kl. 14.00 |
| Fimmtudagur - *Uppstigningardagur* | 5. maí | 6. sýning | kl. 14.00 |
| Laugardagur | 8. mai | 7. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 9. mai | 8. sýning | kl. 14.00 |

**MIÐASALAN** hefst **1. apríl**
á **www.borgarleikhus.is**
og í síma **568 8000**











Nemendafélag Fjölbrautaskólans í Garðabæ kynnir

# MÚLAN RÚS

í leikstjórn Bjarkar Jakobsdóttur

„Fyrir svona sýningu er bara hægt að hrópa húrra." Mbl. 18. mars 2005

**Sýningar:**
föstudaginn 1. apríl kl. 20
laugardaginn 2. apríl kl. 20
þriðjudaginn 5. apríl kl. 20 **LOKASÝNING**

**Miðasala á skrifstofu FG og í síma 520-1600 frá kl. 9 - 18 virka daga**

**Miðaverð 1500 kr.**



# BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

***STÓRA SVIÐ***

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Lau 9/4 kl 20, Su 10/4 kl 20, Fi 14/4 kl 20
***Síðustu sýningar***

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar*
Fi 7/4 kl 20, Fö 8/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20, Fi 21/4 kl 20, Fö 22/4 kl 20, Lau 30/4 kl 20

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20

**LÍNA LANGSOKKUR**
*e. Astrid Lindgren*
Lau 2/4 kl 14 - **Aukasýning**
Su 3/4 kl 14 - **Aukasýning**
***Lokasýningar***

**HOUDINI SNÝR AFTUR**
Fö 1/4 - **AUKASÝNING**
***Síðasta sýning***

**LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA**
**- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI**
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Fö 1/4 kl 20, Lau 9/4 kl 20, Su 17/4 kl. 20

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Í kvöld kl 20, Su 3/4 kl 20
Fi 21/4 kl 20 - ***Síðasta sýning***
- ***Ath: Miðaverð kr. 1.500***

**AMERICAN DIPLOMACY**
*eftir Þorleif Örn Arnarsson.* Í samstarfi við Hið lifandi leikhús.
Fö 1/4 kl 20
***Síðasta sýning***

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Í kvöld kl 20 - **UPPSELT,**
Fö 1/4 kl 20
Lau 2/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Su 3/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Fi 14/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Fö 15/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Lau 16/4 kl 20, - **UPPSELT,**
Su 17/4 kl 20
Mi 20/4 kl. 20 - **UPPSELT,**

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Lau 2/4 kl 20, Lau 9/4 kl 20
***Síðustu sýningar***

**RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ**
*e. Önnu Reynolds.*
*Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.*
Aðalæfing fi 7/4 kl 20 - kr. 1.000
Frumsýning fö 8/4 kl 20 - ***UPPSELT***
Fö 15/4 kl 20
Lau 16/4 kl 20

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is**
**Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga**

VEITINGASTAÐURINN **TAPASBARINN**

## Suðrænt ævintýri



**Hver og hvar:** Tapasbarinn, Vesturgötu 3b, 101 Reykjavík.

**Hvernig er stemmningin?** Það vekur ávallt jafn mikla kátínu að koma á veitingastaðinn Tapasbarinn. Staðurinn er innréttaður í spænskum stíl með litríkum flísum á gólfinu og gamaldags tréinnréttingum. Það er hægt að heimsækja staðinn við nánast öll tækifæri og skiptir ekki máli hvort tveir fara saman eða tíu. Það er meira að segja hægt að fara einn á Tapasbarinn ef þannig liggur á manni. Um helgar getur oft myndast heljarinnar djammstemmning á Tapasbarnum þegar líður á kvöldið og fólk er búið að innbyrða aðeins of mikið af spænskum kokkteilum. Þetta gerir það að verkum að fólk vill frekar halda á næsta bar en að fara heim til sín.

**Matseðillinn:** Eins og nafnið á staðnum gefur til kynna eru aðallega spænskir smáréttir á matseðlinum. Þetta fyrirkomulag er sérlega sniðugt því hver og einn getur borðað eins og hann vill. Fyrir þá matgrönnu er einn réttur hæfilegur og mælt er með þremur réttum fyrir meðalfólk. Þegar búið er að borða er auðvelt að bæta við réttum eftir lyst. Að geta raðað réttunum saman sjálfur gerir máltíðina enn meira sjarmerandi og fær fólk til að dvelja lengi á staðnum.

**Vinsælast:** Tapasréttirnir eru vinsælastir á matseðlinum og þá sérstaklega saltfiskurinn og humarrétturinn. Einnig eru kjúklingur, lamb og nautakjöt á spjóti alltaf jafn vinsælt.

**Réttur dagsins:** Ekki er boðið upp á sérstaka rétti dagsins en ein óvissuferð Tapasbarsins stendur alltaf fyrir sínu. Um er að ræða 9 tapasrétti ásamt fordrykk. Óvissuferðin kostar 3.400 krónur og er óhætt að fullyrða að enginn komi svangur út eftir að hafa prófað hana.

## HANSA: Ódýrasti 5% bjórinn




Hansa Export bjórinn þýski er ódýrasti 5% bjórinn sem fáanlegur er hérlendis, kostar 167 kr. í 500 ml dósum og fæst í Vínbúðunum í Kringlunni og Heiðrúnu. Hann er hefðbundinn gæðabjór, léttur Dortmunder-bjór sem er framleiddur af DAB í Dortmund í Þýskalandi. Dortmunder-bjór er ljósgullinn lagerbjór sem hefur meira fyllingu og er nokkuð dekkri en Pilsener-bjórar, notar minna af humlum og er þar af leiðandi mildari og minna bitur. Hansa Dortmunder hefur frekar léttan ávaxtakeim og freyðir í hófi. Þar sem Hansa er lagerbjór er hann framleiddur við lágt hitastig og gerjun á sér stað á lengri tíma í botni tankanna en ekki á yfirborði, og fer eftir hinum frægu lögum frá 1516, Reinheitsgebot. ■

**Forritari landfræðilegra veflausna**



Loftmyndir ehf er leiðandi fyrirtæki í öflun og vinnslu landfræðilegra gagna hér á landi og er í þann veginn að ljúka við að kortleggja Ísland eftir loftmyndum. Á grundvelli þessa landupplýsingagrunns er að hefjast nýr kafli í sögu fyrirtækisins.

Vegna nýrra verkefna og aukinna umsvifa leitum við að forritara með staðgóða menntun í almennri hugbúnaðargerð og reynslu af .Net og Java forritun. Sjálfstæð vinnubrögð og góð samskiptahæfni er nauðsynleg. Viðkomandi kemur til með að byggja upp hugbúnaðardeild fyrirtækisins en starfið felst að mestu í útfærslu veflausna byggðum á landupplýsingagrunni okkar.



Umsækjendur sendi starfs- og námsferilsupplýsingar á orn@loftmyndir.is fyrir 11. apríl. Nánari upplýsingar á www.loftmyndir.is

# Karabískur draumur

Eydís Guðmundsdóttir er alger listakokkur.

Eydís Guðmundsdóttir, leikfimidrottning og kokkur á Grænum kosti, tók ástfóstri við grænmetisrétti tvítug að aldri þegar hún hætti að borða rautt kjöt. Þá fór hún að prófa sig áfram við eldamennskuna og sökkti sér ofan í bækur og blöð um matargerð. Síðastliðin átta ár hefur hún starfað á Grænum kosti ásamt því að sinna starfi einkaþjálfara. Eydís segir að það sé lykilatriði að sér líði vel þegar hún matbýr því hún eldi ekki góðan mat ef hún er í vondu skapi eða líður illa. Þessa stundina eru indverskir grænmetisréttir í mestu uppáhaldi hjá henni. „Það er mikið kóríander, cumin, kardimommur, negulnaglar og hvítlaukur í þessum indversku grænmetisréttum. Til að búa til góðan rétt þarf maður að eiga eitthvert grænmeti eins og sætar kartöflur, gulrætur og blómkál. Kókósmjólk er líka alveg nauðsynleg ásamt kryddi. Með þetta að vopni er hægt að galdra fram hinar mestu kræsingar,“ segir Eydís. Þegar hún byrjaði að hafa áhuga á matargerð fór hún eftir uppskriftum en í seinni tíð hefur hún verið meira í því að þróa réttina áfram og prófa eitthvað nýtt. Eydís ákvað að gefa lesendum uppskrift af karabískum pottrétti en hann hefur verið mjög vinsæll á matseðlinum á Grænum kosti í mörg ár. „Ég valdi þennan rétt því að hann er einfaldur og hráefnið er ekki frumstætt heldur eitthvað sem allir eiga að þekkja.“ Þess má geta að rétturinn nægir fyrir fjóra.



EYDÍS FÓR AÐ HAFA ÁHUGA Á ELDAMENNSKU EFTIR AÐ HÚN HÆTTI AÐ BORÐA RAUTT KJÖT ÞEGAR HÚN VAR TVÍTUG.

### KARABÍSKUR GRÆNMETISPOTTRÉTTUR

- Olía til steikingar
- 1 laukur (saxaður)
- 1 1/2 tsk cumin-fræ
- 1/2 tsk turmerik
- Cayenne-pipar af hnífsoddi eða eftir smekk
- 3 tsk af minced kóríander frá Blue Dragon en má líka nota 3-4 matskeiðar af ferskum kóríander.
- 400 gr tómatar í dós
- 3-400 gr kókósmjólk
- 1/2 grænmetisteningur úr Yggdrasil eða Heilsuhúsinu.
- 20 stykki þurrkaðar apríkósur (fínt saxaðar)
- 1 bolli af gulrótum í bitum
- 1 bolli sætar kartöflur í sneiðum
- 1 bolli kúrbítur í sneiðum
- 1 bolli blómkál í bitum
- 1/2 dós af smjörbaunum eða kjúklingabaunum
- 1/2 rauð paprika í strimlum
- salt
- sakaður kóríander til skrauts, má sleppa.

Athugið að nota má hvaða grænmeti sem er svo framarlega sem skammtastærðin er svipuð.

Byrjið á því að steikja laukinn á pönnu þangað til hann er orðinn mjúkur og síðan er öllum þurrkryddum bætt út í og steikt í tvær mínútur til viðbótar. Næst er tómötunum, kókósmjólkinni, grænmetiskraftinum, kóríandernum og apríkósunum bætt út í. Næst er grænmetinu bætt út í eftir suðutíma. Best að byrja á að setja gulrætur út í, síðan sætar kartöflur, skömmu síðar er blómkálið sett, kúrbíturinn og lokst paprikan. Baununum er bætt út í síðast. Rétturinn er látinn malla í pottinum þangað til grænmetið er orðið soðið en þá er ferskur kóríander klipptur yfir. Ef sósan er ekki alveg nógu mikil má bæta örlitlu vatni út í.

### KARTÖFLUBAKSTUR

- 6-8 meðalstórar kartöflur
- Smá cayenne-pipar
- Örlítið af fersku engiferi
- 1/2 tsk. karrí
- 3 msk kóríander
- 1 dl af grænum baunum
- Salt

Kartöflurnar eru soðnar, afhýddar og stappaðar og engiferinu er bætt út í ásamt cayenne-piparnum, karríi og kóríander. Síðan er baununum bætt út í ásamt saltinu. Þetta er allt hrært vel saman og sett í eldfast mót með bökunarpappír í botninn.

Kartöflurnar eiga að vera cirka 2 cm þykkar. Þetta er bakað í ofni við 200 gráður í 15-20 mínútur þangað til kartöflurnar eru farnar að brúnast örlítið.

Kartöflubaksturinn er látinn kólna áður en hann er borinn fram.

Einnig er gott að bera cous cous fram með karabíska pottréttinum og kartöflubakstrinum. ■

MATGÆÐINGURINN **STEINUNN CAMILLA SIGURÐARDÓTTIR SÖNGKONA Í NYLON**

## Með hvítlaukskrydd að vopni

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** Ég gæti ekki lifað án grænmetis og ávaxta.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Mér finnst þorramatur alveg ógeðslegur. Ég hef reynt að gefa honum tækifæri en nú er ég búin að komast að því að mér finnst hann algerlega óætur.

**Fyrsta minningin um mat?** Þegar ég var lítil dvöldum við fjölskyldan mikið á Spáni. Mér er mjög minnisstætt hvað mér fannst gott að fá melónur í morgunmat.
Við borðuðum morgunmatinn alltaf úti og það var mjög huggulegt. Ætli ég hafi ekki verið þriggja eða fjögurra ára þegar ég fór að muna eftir þessu. Enn þann dag í dag finnst mér melónur mjög góðar, sérstaklega vatns- og hunangsmelónur.





**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Þær eru nokkrar. Á laugardaginn vígði ég nýja grillið okkar og grillaði nautalundir með miklum pipar. Með þeim höfðum við salat með hörpuskel. Þetta var alveg frábær máltíð.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?** Ég er voðalega gamaldags og finnst gott að setja smá smjörklípu í matinn og örlítið salt, það getur gert gæfumuninn. Annars er ég voðalega mikið í því að nota bara það sem til er í skápunum.

**Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?** Mér finnst ótrúlega gott að elda mér eitthvert gúmmulaði og dúlla mér í eldhúsinu þegar ég vil láta mér líða betur. Þá elda ég eitthvað sérlega gott eins og humar. Ég baka líka til að láta mér líða betur. Svo finnst mér ís með mikilli súkkulaðisósu alltaf jafn góður en ég fæ mér hann allt of sjaldan. Uppáhaldsísinn minn fæst í ísbúðinni við Hagamel.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** Það eina sem er alltaf til er Coca Cola. En það stafar líklega af því hvað ég er lítið heima. Oftast eru líka til nokkrir ávextir til að taka með sér í vinnuna og eitthvert grænmeti.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?** Ég myndi taka með mér hvítlaukskrydd og svo myndi ég veiða humar við strendur eyjarinnar og reyna að grilla hann.



**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Ég smakkaði einu sinni snák á Spáni. Hann var borinn fram með tapasréttum og smakkaðist ekki ósvipað og kjúklingur.

# SANTA RITA: Sjálfstæðisbaráttuvín frá Chile!

Chile er elsta víngerðarland Nýja heimsins svokallaða, þ.e. víngerðarlanda utan gömlu Evrópu, en víngerð hefur verið stunduð þar frá því að Spánverjar námu þar land á 16. öld. Vín frá Chile voru einnig fyrstu Nýja heims vínin til að njóta almennra vinsælda á Íslandi. Santa Rita er einn kunnasti framleiðandi Chile og vín fyrirtækisins voru lengi meðal söluhæstu vína hérlendis en hafa verið ófáanleg í Vínbúðum um skeið. Nú hafa vínin frá Santa Rita hafið strandhögg á Íslandi að nýju og eru ellefu tegundir vínhússins fáanlegar í Vínbúðum. Santa Rita er í fylkingarbrjósti í útflutningi gæðavína til Evrópu og Ameríku. Þykja vín fyrirtækisins afar hagstæð miðað við gæði og var Santa Rita m.a. útnefnt „hagstæðasti vínframleiðandinn“ í tímaritinu Wine & Spirits árið 2002.

Santa Rita 120 vínlínan hefur sögulega tilvísun í sjálfstæðisbaráttu landsins. Snemma á 19. öld, er landsmenn reyndu að komast undan ofríki spænsku krúnunnar, földu 120 hermenn uppreisnarmanna sig í kjöllurum víngerðarinnar og herjuðu þaðan á hermenn Spánarkonungs. Voru hermennirnir 120 undir stjórn hershöfðingjans Bernardo OíHiggins, sem varð einn af leiðtogum landsins er það hlaut sjálfstæði.






**SANTA RITA 120 CABERNET SAUVIGNON**
Frísklegt og ávaxtaríkt vín sem er tilvalið í útileguna og með grillinu.

Dökkfjóluraut, þungt með bökuðum berja-, eikar- og kryddkeim og ræður við flestan mat.

**Verð í Vínbúðum 1.090 kr. í 750 ml flöskum og 1.400 kr. fyrir fjórar smáflöskur í hentugri öskju.**

## VEFSÍÐUR UM VÍN



**STEFÁN GUÐJÓNSSON** Heldur úti vefsíðunni Smakkarinn.is

Í heiminum er mikið af stórkostlegum vínum, bæði dýrum og þeim sem við köllum góð kaup. Vín sem eru síðri að gæðum eru þó engu færri og því veitir neytandanum ekki af smá aðstoð þegar hann fjárfestir í flösku. Hér fyrir neðan er listi yfir nokkrar vefsíður sem eiga það sameiginlegt að fjalla um vín og gefa þeim einkunn.

**WWW.ROBERTPARKER.COM**
Robert Parker er umdeildur en hvernig er ekki hægt að vera það þegar þú ert áhrifamesti víngagnrýnandi heims? Á vefsíðunni er hægt að taka þátt í líflegum umræðum á Mark Squires Bulletin Board. Spyrðu bara hvað þig vantar að vita og einhver mun svara þér. Ársáskrift að gríðarlegum einkunnabanka Parkers kostar hins vegar 99 dollara.

**WWW.WINE-PAGES.COM**
Persónuleg en fróðleg vefsíða Bretans og ástríðumannsins Tom Cannavan. Aðgangur að öllum einkunnum er ókeypis og hægt er að fá sent fréttabréf í tölvupósti. Tom Stevenson er einn þeirra góðu penna sem skrifa efni á síðunni og hægt er að hlaða niður m.a. heilli bók hans um kampavín. Sömuleiðis er að finna mjög góðan umræðuvettang á British Wine Forum.

**WWW.WINESPECTATOR.COM**
Bandaríska tímaritið sem fæst hér á landi heldur úti veglegri vefsíðu. Því miður hafa þeir nýlega breytt fyrirkomulaginu þannig að nú þarf að greiða fyrir allan aðgang að einkunnum. Áskrift að allri dýrðinni kostar þó aðeins 75 dollara.

**WWW.FINEWINEDIARY.COM**
Ekki láta viðvaningslegt útlit blekkja þig. Hér er að finna helling af víndómum og Bailey-bræður rukka ekkert fyrir aðganginn. Fréttabréf.

**WWW.WINEANORAK.COM**
Önnur mjög góð og gjaldfrí vefsíða. Höfundurinn Jamie Goode skrifar m.a. fyrir breska víntímaritið Decanter.

**WWW.DECANTER.COM**
Höfuðstöðvar hins breska vínsmekks. Gefur út samnefnt tímarit sem fékkst einu sinni á Íslandi. Ókeypis aðgangur að einkunnabanka en það mætti laga framsetningu hans.

**WWW.THEWINEDOCTOR.COM**
Ókeypis aðgangur að einkunnum, greinaskrifum og ýmsu fleira. Góð og persónuleg vefsíða.

**WWW.JANCISROBINSON.COM**
Hin breska Jancis hefur Master of Wine gráðu og hefur verið iðin við að gefa út bækur og skrifa í tímarit. Ársáskrift kostar 129 dollara og inniheldur m.a. vefútgáfu bókar hennar, Oxford Companion to Wine.

**WWW.SMAKKARINN.IS**
Eina skipulagða víngagnrýnin á vefrænu formi á Íslandi. Stefán Guðjónsson er vínþjónn sem gagnrýnir vín og skipuleggur vínsmakkanir.

NASA
FÖSTUD. OG LAUGARD. 8-9. APRÍL '05
EIRÍKUR
HAUKSSON



STÓRTÓNLEIKAR
MEÐ ROKKSÖNGVARA ÍSLANDS
ÁSAMT LANDSLIÐI TÓNLISTARMANNA
VIÐ ERUM AÐ TALA UM PERLUR EINS OG: GAGGÓ VEST, GULL, SEKUR OFL. OFL.
ATH. AÐEINS TVENNIR TÓNLEIKAR Á ÍSLANDI
FORSALA MIÐA
HEFST Á NASA
FÖSTUDAG 1. APRÍL
MIÐAVERÐ Í FORSÖLU
ER 2200 KR.
HÚSIÐ OPNAR KL. 21.00
TÓNLEIKARNIR HEFJAST STUNDVÍSLEGA KL. 22.00
-HÖNNUN / PMC
SMIRNOFF ICE
NASA.IS
ÞAR SEM ÍSLENDINGUM FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA
SMIRNOFF ICE



> Gorillaz

> Michael Jackson

## Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

**Queens of the Stone Age**: Lullabies to Paralyze, **Gorillaz**: Demon Days, **Michael Jackson**: Thriller og **The Knife**: Deep Cuts.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# *Head vill frelsa 50 Cent*



Brian „Head“ Welch, fyrrum gítarleikari Korn er staðráðinn í því að snúa rapparanum 50 Cent í átt til ljóssins. Gítarleikarinn frelsaðist fyrir skömmu síðan og sagði skilið við rokkhljómsveitina sem gerði hann frægan. Núna er hann búinn að gera lag sem gagnrýnir lífsstíl rapparans harðlega.

Head segir að lagið sé ekki árás á rapparann, heldur „persónulegt bréf frá Guði“ til hans. Gítarleikarinn segist hafa áttað sig á því að það væri vilji Guðs að hann gerði þetta lag til rapparans, þegar hann var skírður í ánni Jórdan í Ísrael fyrir nokkrum vikum síðan. Lagið heitir A Cheap Name og í texta lagsins varar Head 50 Cent við því að haldi hann áfram að lifa eins og hann gerir, þá sé tíunda skotið ekki langt undan. Með því vitnar hann í þá staðreynd að 50 Cent lifði af skotárás þar sem hann fékk 9 skotsár. „Ég hef ekki hugmynd um hvort þú átt að lifa eða deyja,“ sagði Head beint til 50 Cent í viðtali. „Aðeins Guð veit það. Ég er bara sendillinn með skilaboðin. Ég veit að Guð bað mig um að segja þér að hann elskar þig, og að leiktíminn sé núna búinn. Hann segist hafa verið með þér, og haldið þér öruggum allan þennan tíma. Hann er ástæðan fyrir því að þú tókst níu skot. En ekki að þú sért Súpermann.“

### > Plata vikunnar ...



**KINGS OF LEON: Aha Shake Heartbreak**

*„Á fyrri plötu Kings of Leon hljómaði sveitin eins og sveitalubbar sem voru að reyna að hljóma eins og New York upparnir í The Strokes. Á annarri plötu þeirra hljóma þeir bara eins og sveitalubbar, og það fer þeim miklu betur.“* **BÖS**

### > Popptextinn ...

*„Girls are gonna love the way I toss my hair, boys are gonna hate the way i sing.“*

- Brothættur söngvari Kings of Leon leggur sjálfum sér línurnar í laginu Day Old Blues af nýjustu plötu þeirra Aha Shake Heartbreak.



## [ TOPP 20 ]

*X-DOMINOSLISTINN 30. MARS*

| | |
|---|---|
| 1 | **AUDIOSLAVE** Be Yourself |
| 2 | **RAMMSTEIN** Keine Lust |
| 3 | **KINGS OF LEON** King Of The Rodeo |
| 4 | **BECK** Epro |
| 5 | **NINE INCH NAILS** The Hand That Feeds |
| 6 | **AND YOU WILL KNOW US BY...** Worlds Apart |
| 7 | **KASABIAN** Processed Beats |
| 8 | **CHEVELLE** The Clincher |
| 9 | **MODEST MOUSE** The World At Large |
| 10 | **INTERPOL** C'mere |
| 11 | **GREEN DAY** Holiday |
| 12 | **LCD SOUNDSYSTEM** Daft Punk Is Playin In My House |
| 13 | **LOKBRÁ** Stop The Music (ísl) |
| 14 | **GARBAGE** Why Do You Love Me |
| 15 | **JAN MAYEN** Damn Straight (ísl) |
| 16 | **BRAIN POLICE** Paranoia (ísl) |
| 17 | **MARS VOLTA** The Widow |
| 18 | **HOFFMAN** Bad Seeds (ísl) |
| 19 | **JEFF WHO** Death Before Disco (ísl) |
| 20 | **THE FUTUREHEADS** Hounds Of Love |



**AUDIOSLAVE** Sveitin situr í toppsæti Dominoslistans með lagið Be Yourself.

# Drottningar dauðans snúa aftur

## Queens of the Stone Age snýr aftur eftir að hafa hrist rokkheiminn verulega með Songs for the Deaf. Getur sveitin mögulega haldið vinsældum sínum eftir brotthvarf bassaleikarans Nick Oliveri?



**QUEEN OF THE STONE AGE** Rokksveitin knáa er búin að senda frá sér nýja plötu sem hefur fengið góða dóma gagnrýnenda.

Þó svo að flestir hafi orðið varir við Queens of the Stone Age fyrir rúmum tveimur árum, þegar þeir gáfu út hina mögnuðu Songs for the Deaf, á sveitin sér langa sögu.

Hún var í raun og veru fyrst stofnuð árið 1990 í Palm Beach Flórída og hét þá Kyuss. Sveitin lifði í sjö ár og náði aldrei teljandi vinsældum á þeim tíma. Þeir voru þó mjög virtir á meðal aðdáenda þungarokks og jafnvel sagðir frumkvöðlar vafasamrar stefnu sem kennd er við „stoner rock“. Myndrænni lýsing á sömu tónlistarstefnu er „eyðimerkurrokk“. Það nafn festist við stefnuna því sveitir á borð við Kyuss áttu það til að halda tónleika í partíum sem voru haldin í eyðimörkinni í Suður-Kaliforníu.

Kyuss var fyrsta hljómsveit gítarleikarans Josh Homme og bassaleikarans Nick Oliveri. Sveitin átti aldrei auðvelt með að fóta sig og liðsmenn hurfu einn af öðrum. Oliveri var fyrstur til þess að fara og sveitin brann upp árið 1997. Josh Homme var ekkert á því að hætta og stofnaði Queens of the Stone Age úr ösku Kyuss árið 1997.

### Framkvæmdasamur Homme

Í fyrstu útgáfu sveitarinnar fékk hann til liðs við sig trommarann Alfredo Hernandez úr Kyuss og fyrrum bassaleikarann Nick Oliveri. Homme er þekktur fyrir að vera sérstaklega framkvæmdasamur og fyrsta breiðskífan skilaði sér í búðir árið eftir. Með útgáfunni tryggði sveitin sér samning við Interscope og önnur plata sveitarinnar R kom út hjá þeim tveimur árum síðar. Á þeirri plötu var m.a. að finna slagarana Feel Good Hit of the Summer, The Lost Art of Keeping a Secret og Better Living Through Chemistry.

Eftir tónleikaferðina sem fylgdi í kjölfarið var flestum ljóst að hér væri stórsveit á ferð. Bassaleikarinn Nick Oliveri fangaði athygli fjöldans með því að spila oftast nakinn á tónleikum. Ekki var það svo verra þegar hann var handtekinn fyrir það athæfi á stærstu rokkhátíð Suður-Ameríku sem haldin er árlega í Ríó.

Dave Grohl, forsprakki Foo Fighters og fyrrum trommari Nirvana, var duglegur að hrósa sveitinni í viðtölum sem leiddi til þess að Josh Homme bauð honum trommarastólinn þegar kæmi að því að hljóðrita næstu plötu. Öllum að óvörum samþykkti Grohl tilboðið og færði Songs for the Deaf þann ótrúlega kraft sem á henni er. Sveitin sló í gegn og Grohl lék með sveitinni á stuttri tónleikaferð eftir útgáfu plötunnar.

### Oliveri rekinn

Það komst í heimsfréttirnar þegar Josh Homme rak vin sinn, stripplinginn Nick Oliveri, úr sveitinni í fyrra. Það var aldrei farið mjög djúpt ofan í ástæður þess, en Homme gaf það þó í skyn að bassaleikarinn ætti í heljarinnar glímu við áfengi sem bitnaði á starfsemi sveitarinnar.

Það er því með eftirvæntingu sem rokkþyrstir hafa beðið eftir fjórðu plötu sveitarinnar. Lullabies to Paralyze er nú komin í búðir og hefur fengið góða dóma gagnrýnenda á flestum vígstöðvum. **biggi@frettabladid.is**

*Jóhannesarpassían*
*Johannes - Passion J.S. Bach*



Kór Langholtskirkju
Kammersveit Langholtskirkju
Konsertmeistari:
Júlíana Elín Kjartansdóttir

Einsöngvarar:
Ólöf Kolbrún Harðardóttir
Dóra Steinunn Ármannsdóttir
Þorbjörn Rúnarsson
Ágúst Ólafsson
Bergþór Pálsson
Stjórnandi:
Jón Stefánsson

Langholtskirkju

Laugardaginn 2. apríl kl. 18.00
Aðgangseyrir 3500 krónur en 2800 fyrir ellilífeyrisþega og nema
Miðapantanir í síma 520 1300 og netfang klang@kirkjan.is

## [ SMS ]

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

**Beck: Guero**
„Sjötta meginstraumsútgáfa Beck veldur vonbrigðum. Sjarmi Becks í gegnum tíðina hefur verið hæfni hans að skapa bragðgóða hrærigrauta úr mismunandi stílum. Í þetta skiptið bragðast grauturinn óþægilega kunnuglega.“ ***BÖS***

**Bloc Party: Silent Alarm**
„Nýjasta eftirlætið frá Bretlandi veldur ekki vonbrigðum. Fínasta frumraun frá Bloc Party. Angurvært og grípandi rokk með hjartað á réttum stað.“ ***BÖS***

**50 Cent: The Massacre**
50 Cent gefur aðdáendum sínum það sem þeir vilja á fylgifisk hinnar geysivinsælu Get Rich or Die Tryin. Þetta er nánast sama kaffið, Nesquick með allt of miklum sykri. Aðdáendur verða sáttir, hinir halda áfram að hrista hausinn. ***BÖS***

**Daft Punk: Human After All**
„Daft Punk náðu loksins að sannfæra mig að hér séu tilfinningaríkir og skapandi menn á ferð. Bráðskemmtileg plata sem rennur þægilega í gegn frá upphafi til enda.“ ***BÖS***

**Mercury Rev: The Secret Migration**
„The Mercury Rev hefur aldrei hljómað eins óáhugavert og á þessari nýju plötu. Það er eins og liðsmenn hafi verið knúnir áfram af einhverju allt öðru en sköpunargleði við að gera þessa plötu.“ ***BÖS***

**Kanye West: The College Dropout**
„Frumraun Kanye West er frábær hiphop-plata. Hér er eitthvað fyrir alla. Plata sem á eftir að standast tímans tönn.“ ***BÖS***

**LCD Soundsystem: LCD Soundsystem**
„Frumraun LCD Soundsystem er um margt áhugaverð plata. Hún á þó líklegast ekki eftir að standast væntingarnar sem hún er með frá erlendu pressunni. Sæmilegasta plata, ekki mikið meira en það.“ ***BÖS***

**Gwen Stefani: Love Angel Music Baby**
„Fyrsta sólóplata Gwen Stefani veldur vonbrigðum. Það er eins og þessi hæfileikaríka og sjarmerandi stúlka hafi ekki vitað í hvorn fótinn hún átti að stíga, og því hafi hún stólað á aðra til þess að leiða sig áfram. Því miður virðast þeir hafa verið með bundið fyrir augun.“ ***BÖS***

Umsjón: BIRGIR ÖRN STEINARSSON. biggi@frettabladid.is

# FULL BÚÐ AF SPENNANDI KRINGLUKASTSVÖRUM



**PONSJÓ FYRIR STELPUR** (3-13 ÁRA)
**KRINGLUKAST 1.890.- ÁÐUR 2.990,- / 3.390,-**



**ÚLPA FYRIR STRÁKA** (3-10 ÁRA)
**KRINGLUKAST 3.590,- ÁÐUR 6.290,- / 6.690,-**



**TVEIR GALLAR Í PAKKA** (0-12 mán.)
**KRINGLUKAST 1.490.- ÁÐUR 2.390,-**



**TOPPUR OG BUXUR** (3 mán. - 4 ára)
**KRINGLUKAST 1.890,- ÁÐUR 2.990,- / 3.990,-**

NEXT

KRINGLUNNI - 511 1380
















# Kynlíf og sjúklegur húmor

Framleiðslufyrirtækið Troma Entertainment verður í aðalhlutverki í þemaflokki Iceland International Film Festival sem hefst fimmtudaginn 7. apríl.

Fimm kvikmyndir verða sýndar í flokknum og eru fjórar þeirra eftir stofnanda og forsprakka Troma, Lloyd Kaufman. Ein er síðan eftir Trey Parker, sem er annar af höfundum South Park þáttanna. Að auki verður sýnd í miðnæturflokki hátíðarinnar ein glæný mynd frá Troma sem nefnist Trailer Town eftir Giuseppe Andrews, sem meðal annars hefur leikið í Independence Day og Cabin Fever. Er hún alls ekki fyrir viðkvæma.

Lloyd Kaufman verður gestur hátíðarinnar 8. til 10. apríl og mun hann kynna myndir sínar og svara spurningum sýningargesta í Regnboganum. Eftir komu sína hingað til lands fer Kaufman beint til Prag til að koma fram í felu-hlutverki í nýjustu mynd Eli Roth, Hostel. Með eitt af þremur aðalhlutverkunum í myndinni fer Íslendingurinn Eyþór Guðjónsson.

Troma Entertainment telst vera elsta starfandi óháða kvikmyndastúdíó heimsins og hefur í rúmlega þrjá áratugi sent frá sér kvikmyndir sem eiga sér engar líkar. Þær eru þekktar fyrir að vera uppfullar af ofbeldi, kynlífi, nekt og ljótu orðbragði en einnig sjúklegum húmor og einhvers konar ólýsanlegum lífskrafti og gleði.


**Á TÖKUSTAÐ** Kvikmyndir Lloyd Kaufman þykja afar sérstæðar. Fyrirtæki hans, Troma Entertainment, hefur verið starfrækt í rúma þrjá áratugi.

Fyrirtækið var stofnað af Lloyd Kaufman og Michael Herz á síðari hluta sjöunda áratugarins. Eftir 30 ára keyrslu er fyrirtækið enn við sama heygarðshornið; vinstrisinnað, frjálslynt, með svolítinn hippabrag á sér og finnur alltaf leiðir til að gera myndir fyrir svo lágar upphæðir að kollegar þeirra eiga erfitt með að trúa að þetta sé hægt. Mottó félaganna, Kaufman og Herz, er einfalt; þeim er ekkert heilagt þegar komið er í tökur og skiptir þá engu hvernig farið er að. Mestu máli skiptir að ná skotinu og fanga augnablikið á eins fljótan og ódýran máta og mögulegt er.

Kaufman er sitjandi forstjóri Troma Entertainment og telst fyrirtækið vera eitt af síðustu fyrirtækjunum sem standa fyrir framleiðslu á sannkölluðum indie-low-budget myndum. Flest önnur fyrirtæki sem gáfu sig út fyrir að vera óháð hafa verið keypt af stóru framleiðslufyrirtækjunum. ■

**TROMA-MYNDIR Á KVIKMYNDAHÁTÍÐ**

| | |
|---|---|
| Citizen Toxie-The Toxic Avenger IV | eftir Lloyd Kaufman (2000) |
| Terror Firmer | eftir Lloyd Kaufman (1999) |
| Tromeo & Juliet | eftir Lloyd Kaufman (1996) |
| Cannibal! The Musical | eftir Trey Parker (1996) |
| Toxic the Avenger | eftir Lloyd Kaufman og Micael Herz (1985) |


# HEILDSÖLU LAGERSALA

Frábært úrval af góðum vörum

• • • • • • • • • • •

Barna og fullorðins fatnaður.
50-90% afslætti .

• • • • • • • • • • •

Golffatnaður, útivistarfatnaður, skíða og snjóbrettafatnaður, einnig mikið úrval af skóm.

**Verðdæmi:**

| | | |
|---|---|---|
| Útivistarjakki: | ~~Áður 29.990-~~ | Nú : 6.900- |
| Úlpur: | ~~Áður 19.900-~~ | Nú: 6.900- |
| Fótboltaskór | ~~Áður 12.990-~~ | Nú: 3.990- |
| Brettajakar: | ~~Áður: 17.990-~~ | Nú: 3.990- |

**Opið eingöngu:**

Föstudag 1. Apríl. 14:00 til 20:00
Laugardag 2. Apríl. 10:00 til 18:00
Sunnudag 3. Apríl. 11:00 til 18:00

ZO-ON ICELAND · is it ZO · be zo

ATH. Nýtt heimilisfang,
Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) Kópavogi









**JOHNNIE COCHRAN** Lögfræðingurinn knái mátar morðhanskann sem O.J. var talinn hafa notað við morðin á fyrrum eiginkonu sinni og vinar hennar.

# Stjörnulögfræðingur og verjandi OJ látinn

Bandaríski stjörnulögfræðingurinn Johnnie Cochran er látinn, 67 ára að aldri. Cochran, sem greindist með heilaæxli í desember árið 2003, lést á heimili sínu í Los Angeles.

Cochran skapaði sér nafn sem lögfræðingur með því að taka að sér mál þeldökkra skjólstæðinga sem höfðu margir hverjir átt erfitt uppdráttar í samfélaginu. Hann var þó þekktastur sem lögfræðingur leikarans og fótboltakappans fyrrverandi O.J. Simpson, sem var sýknaður af ákæru um að hafa myrt fyrrverandi eiginkonu sína og vin hennar. Þótti mörgum frammistaða Cochran hafa verið lykillinn að sýknun O.J., sem af flestum var talinn sekur um verknaðinn. Setningin „Ef hann passar ekki verður að sýkna“ varð fræg í réttarhöldunum þegar Cochran sýndi kviðdóminum fram á að morðhanskinn passaði ekki á Simpson.

Á meðal fleiri þekktra skjólstæðinga Cochran voru Tupac Shakur, Snoop Dogg og Sean „P. Diddy“ Combs. ■







■ **MÁL MICHAEL JACKSON**

# Móðirin neitaði peningafúlgu

Móðir piltsins sem hefur ákært Michael Jackson fyrir kynferðislega misnotkun neitaði að taka við peningafúlgu eftir að heimildarmynd um Jackson, þar sem poppparinn og pilturinn sáust haldast í hendur, var fyrst sýnd.

Þessi vitnisburður kemur sér afar illa fyrir verjendur Jacksons, sem alla tíð hafa haldið því fram að móðirinn sækist einungis eftir peningum hans. Það var vitnið Jamie Masada, sem kom á fundi með piltinum og goði hans Jackson árið 1999, sem hélt þessu fram í réttarsalnum. ■



**BIÐUR BÆNIR** Michael Jackson biður bænirnar á leið úr réttarsalnum. Ekki veitir af, því hann er í slæmum málum um þessar mundir.



# VIÐ TÆKIÐ — Það var lagið, Hemmi

**EDDA JÓHANNSDÓTTIR** MISSTI SIG Í SÖNGGLEÐI MEÐ HEMMA GUNN OG FÉLÖGUM.

Ég var soldið smituð af röddum sem höfðu trú á því að nýr þáttur Hemma Gunn, Það var lagið, yrði pínlega hallærislegur. Ekki veit ég hvað fólk hafði fyrir sér í því, kannski höfðu einhverjir séð sænsku útgáfuna og farið hjá sér. Það var svo fyrir tilviljun að ég sá þátt Hemma um páskana og skipaði mér snarlega í hóp með hinum sem skemmta sér konunglega yfir þættinum. Það er svo skondið hvað Íslendingar snobba fyrir fínheitum og þora helst ekki að kannast við að hafa gaman af fjöldasöng. Á þriðja glasi syngja þeir þó hver um annan þveran, nema lítill hópur sem lætur sig hverfa þegar brestur á með kór-syndróminu. Partísöngur hefur reyndar tilhneigingu til að verða óbærilegur ef þátttakendur eru illa drukknir og kunna ekki nema tvö lög með Bubba, sem þeir misþyrma látlaust. Það eru hins vegar til öðruvísi söngpartí þar sem fólk kann bæði lag og texta og getur jafnvel raddað þokkalega. Þá er gaman. Og þátturinn hans Hemma er svoleiðis stemning. Að auki er svo í gangi spennandi keppni milli liða og ekkert nema gaman að taka virkan þátt heima í stofu.

Ég var persónulega að detta niður í síðbúið páskaþunglyndi þegar þátturinn hófst, enda búin að sporðrenna páskaeggi af stærstu sort og hálfniðurbrotin af móral. Þegar þættinum lauk fannst mér landið hafa risið á ný og var í rífandi fínu skapi. Ef sjónvarpsefni er þess eðlis að óforbetranlegir fýlupokar taka gleði sína á ný er það að svínvirka.



Hemmi Gunn kemur sterkur inn í nýjum þætti á Stöð 2.



**22.20** *Drama*

**Desperate Housewives. Í kvöld áttar frú Huber sig á því að Susan veit meira en flestir um brunann hjá Edie.**



**22.25** *Gaman*

**Mile High. Starfsmenn Fresh eru mættir aftur og finnst enn voða gaman að njóta lystisemda lífsins.**



**22.45** *Spjall*

**Jay Leno. Jay er spjallþáttakonungurinn og fær góða gesti í heimsókn í kvöld.**

## SJÓNVARPIÐ

**16.00** Formúla 1 **16.25** Skíðamót Íslands **16.45** Handboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Spæjarar (5:26)** (Totally Spies I)
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.00** **Íslandsmótið í handbolta** Átta liða úrslit kvenna, 1. leikur, bein útsending frá síðari hálfleik.
**20.45** **Martin læknir (6:6)** (Doc Martin)
**21.35** **Hope og Faith (17:25)** (Hope & Faith)
**22.00** **Tíufréttir**
▶ **22.20** **Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð. Húsmóðir í úthverfi fyrirfer sér og segir síðan sögur af vinkonum sínum fjórum sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan. Þættirnir hlutu Golden Globe-verðlaunin á dögunum sem besta sjónvarpsþáttaröðin og Teri Hatcher hlaut verðlaunin sem besta leikkonan.

**23.05** Skíðamót Íslands **23.30** Kastljósið **23.50** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Jag (9:24) (e) **13.45** 55 Degrees North (3:6) (e) **14.40** Derren Brown – Mind Control **15.30** Punk'd 2 (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00** **Strákarnir** Nýr þáttur með Sveppa, Audda og Pétri.
**20.30** **American Idol 4 (24:42)** (Keppendur berjast um titilinn Poppstjarna BNA)
**21.15** **American Idol 4 (25:42)** (Úrslit kvöldsins. Hver dettur út?)
**21.40** **Third Watch (1:22)** (Næturvaktin 6) Næturvaktin er framhaldsþáttur sem fjallar um hugdjarfan hóp fólks sem eyðir nóttinni í að bjarga öðrum úr vandræðum á götum New York borgar. Bönnuð börnum.
▶ **22.25** **Mile High** (Háloftaklúbburinn 2) Velkomin aftur um borð hjá lággjaldaflugfélaginu Fresh. Áhafnarmeðlimirnir eru enn við sama heygarðshornið. Bönnuð börnum.

**23.10** Turbulence 3: Heavy Metal **0.45** Medium (3:16) (B. börnum) **1.30** The Deep End (Stranglega b. börnum) **3.05** Beverly Hills Cop **4.45** Fréttir og Ísland í dag **6.05** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**7.00** The King of Queens (e) **7.30** According to Jim (e) **8.00** America's Next Top Model (e) **8.50** Þak yfir höfuðið – fasteignasjónvarp (e) **9.00** Óstöðvandi tónlist

**17.50** Cheers – 2. þáttaröð (1/22) **18.20** Fólk – með Sirrý (e)

**19.15** **Þak yfir höfuðið – fasteignasjónvarp.** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.30** **Will & Grace (e)**
**20.00** **Malcolm In the Middle**
**20.30** **The King of Queens** Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans. Carrie biður Deacon og Kelly að fylgja sér og Doug til Flórída svo þau neyðist til að gista á hóteli en ekki hjá foreldrum Doug.
**21.00** **Boston Legal**
**22.00** **The Swan** Veruleikaþættir þar sem sérfræðingar breyta nokkrum ósköp venjulegum konum í sannkallaðar fegurðardísir!
▶ **22.45** **Jay Leno**

**23.30** America's Next Top Model (e) **0.15** The Mountain (e) **1.00** Þak yfir höfuðið (e) **1.10** Cheers – 2. þáttaröð (1/22) (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Path to War **8.40** My Big Fat Greek Wedding **10.15** Greenfingers **12.00** John Q **14.00** Path to War **16.40** My Big Fat Greek Wedding **18.15** Greenfingers **20.00** Sleepwalker (Sbb) **22.00** The Ring ( Sbb) **0.00** Halloween H20 ( Sbb) **2.00** Joy Ride ( Sbb) **4.00** The Ring ( Sbb)

## OMEGA

**7.00** Joyce M. **7.30** Benny H. **8.00** Miðnæturhróp **8.30** Kvöldljós **9.30** Joyce M. **10.00** Daglegur styrkur **11.00** Ísrael í dag **12.00** Ewald F. **12.30** Freddie F. **13.00** Daglegur styrkur **14.00** Joyce M. **14.30** Mack L. **15.00** Samverustund (e) **16.00** Daglegur styrkur **17.00** Acts Full Gospel **17.30** Gunnar Þorsteinsson (e) **18.00** Joyce M. **18.30** Mack L. **19.00** Daglegur styrkur **20.00** Kvöldljós **21.00** Um trúna og tilveruna **21.30** Joyce M. **22.00** Daglegur styrkur

## AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Andlit bæjarins **21.00** Níubíó. Hedwig and the Angry Inch **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

### SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

### CNN INTERNATIONAL
Fréttir allan sólarhringinn.

### FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

### EUROSPORT
**14.00** Football: World Cup Germany **18.00** Tennis: WTA Tournament Miami **19.30** Boxing: WBC World Title Zwickau Germany **21.30** News: Eurosportnews Report **21.45** Snooker: China Open **23.15** News: Eurosportnews Report

### BBC PRIME
**12.00** Wildlife **12.30** Teletubbies **12.55** Tweenies **13.15** Fimbles **13.35** Bill and Ben **13.45** The Story Makers **14.05** Blue Peter Flies the World **14.30** The Weakest Link **15.15** Big Strong Boys **15.45** Bargain Hunt **16.15** Ready Steady Cook **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** Keeping up Appearances **18.30** Yes Minister **19.00** Clocking Off **20.00** Florence Nightingale **21.00** Celebrity Mastermind **21.30** Happiness **22.00** Two Thousand Acres of Sky **23.00** Wild New World **0.00** Around the World in 80 Days **1.00** Secrets of the Ancients

### NATIONAL GEOGRAPHIC
**12.00** Dogs with Jobs **12.30** Chimp Diaries **13.00** Last of the Dragons **14.00** Crocs – Here Be Dragons **15.00** Golden Baboons **16.00** Battlefront **16.30** Battlefront **17.00** Air Crash Investigation **18.00** Dogs with Jobs **18.30** Chimp Diaries **19.00** Golden Baboons **20.00** Killer Hornets **21.00** Hornets from Hell **22.00** The Search for Kennedy's PT-109 **23.00** Wanted: Interpol Investigates **0.00** Killer Hornets

### ANIMAL PLANET
**12.00** Flying Fox Fairytale **13.00** The Natural World **14.00** Wildlife SOS **14.30** Aussie Animal Rescue **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Young and Wild **16.30** That's my Baby **17.00** Monkey Business **17.30** Big Cat Diary **18.00** Flying Fox Fairytale **19.00** The Natural World **20.00** Venom ER **21.00** The Natural World **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Animal Doctor **23.30** Emergency Vets **0.00** Flying Fox Fairytale **1.00** The Natural World

### DISCOVERY
**12.00** Mummy Autopsy **13.00** Gladiators of World War II **14.00** Extreme Machines **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** John Wilson's Fishing Safari **16.00** Buildings, Bridges and Tunnels **17.00** Wheeler Dealers **18.00** Mythbusters **19.00** Tutenkhamun a Murder Mystery **21.00** FBI Files **22.00** Forensic Detectives **23.00** Extreme Machines **0.00** Dambusters

### MTV
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** The Base Chart **18.00** Pimp My Ride **18.30** Damage Control **19.00** Boiling Points **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Dirty Sanchez **22.00** Superock **23.00** Just See MTV

### VH1
**15.00** So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Pink Rise & Rise Of **20.00** Best of Pink **20.30** Miami Fabulous Life Of **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** VH1 Hits

### CLUB
**12.35** Crime Stories **13.30** What Men Want **14.00** Cheaters **14.45** Fashion House **15.10** The Review **15.35** Paradise Seekers **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Crime Stories **17.45** The Review **18.15** Paradise Seekers **18.40** The Roseanne Show **19.25** Cheaters **20.10** Hotter Sex **21.00** Sex Tips for Girls **21.30** Men on Women **21.55** Sextacy **22.45** Entertaining With James **23.10** Come! See! Buy! **23.40** Cheaters **0.25** City Hospital

### E! ENTERTAINMENT
**13.00** The E! True Hollywood Story **15.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **17.00** The E! True Hollywood Story **18.00** E! News **18.30** Behind the Scenes **19.00** E! Entertainment Specials **20.00** Life is Great with Brooke Burke **20.30** Fashion Police **21.00** Scream Play **22.00** 101 Most Starlicious Makeovers **23.00** Life is Great with Brooke Burke

### CARTOON NETWORK
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Dexter's Laboratory **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Tom and Jerry **16.55** Looney Tunes **17.20** The Cramp Twins **17.45** Ed, Edd n Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

### JETIX
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

### MGM
**13.55** Man With the Gun **15.20** The Adventures of Buckaroo Banzai **17.00** Safari 3000 **18.30** Rebecca's Daughter **20.05** Willy Milly **21.30** He's My Girl **23.15** Shadows on the Wall **0.50** The Program **2.45** Raiders of the Seven Seas





BYRJAR 4. APRÍL
Tímar þriðjud. og fimmtud.
kl. 10.00 – 11.15
Lótus Jógasetur Borgartúni 20
4. hæð
Tímar mánud. og miðvikud.
kl. 16.00 – 17.15 og
kl. 17.25 – 18.40

Rólegir og mjúkir tímar - hentar vel einstaklingum með vefjagigt og síþreytu.

Með fullkominni jógaöndun dýpkar svefninn sem leiðir til bættrar heilsu.

Saga Heilsa og Spa
Nýbýlavegi 24 Kópavogi
Upplýsingar í síma 821 7482,
netfang: yogamedmaggy@simnet.is
Heimasíða: lotusjogasetur.is

JANSPORT®



Hliðartöskur - Tölvutöskur - Bakpokar
Frábært úrval - Frábær gæði - Frábært verð
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Opið kl. 10-18 - Laugardaga 11-15



Stigahúsateppi
Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
STRÖND EHF.
www.simnet.is/strond




Fæðubótarefni
Persónuleg ráðgjöf varðandi mataræði og hreyfingu.
MULTIPOWER RED Kick
Æðri orka...
RED KICK
33 skammtar
Kr. 1.995,-
MULTIPOWER FIT ACTIVE
FIT ACTIVE
20 skammtar
Kr. 1.350,-
MULTIPOWER
HREINT KREATIN
500 gr.
Kr. 2.200,-
Eitt mesta úrval landsins af fæðubótarefnum - Áratuga reynsla
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Opið kl. 10-18 - Laugardaga 11-15
netverslun: www.hreysti.is

Opið hús hjá SVFR
Föstudaginn 1. apríl

- Fréttir af opnun sjóbirtingsveiða 1. apríl
- Veiðistaðalýsing - Óli í Intersport kynnir Sogið
- Glænýjir veiðistaðir í Myndagetrauninni
- Happahylurinn sívinsæli verður í boði Útivist og veiði
- Leynigestur segir veiðisögur frá liðnum sumrum
- Eiríkur St. Eiríksson kynnir efni Stangaveiðihandbókin 4

Veitingar á vægu verði og heitt á könnunni.
Húsið opnar klukkan 20.00

Nýju „stelpurnar“ í skemmtinefndinni

SVFR
ÚTIVIST OG VEIÐI

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**THE RING** *Stöð 2 bíó* **kl. 22.00 & 4.00**

*Einkunn á imdb.com: 7,4.*

### Manndrepandi myndband

Hér er á ferð endurgerð af japönsku kvikmyndinni Ringu, en framhaldið af þessari bandarísku mynd er einmitt sýnt í bíóhúsum landsins um þessar mundir. Hér er á ferð hrollvekja um dularfullt myndband en allir sem horfa á það deyja innnan sjö daga. En öll fórnarlömbin eiga það sammerkt að hafa fengið símtal með tilkynningu um yfirvofandi dauða. Fréttakonan Rachel Keller rannsakar málið en þorir hún að horfa á myndbandið og storka örlögunum? Aðalhlutverk leika Naomi Watts, Martin Henderson og David Dorfman.



NAOMI WATTS.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„There's something I've always wanted to tell you. You smell like horseshit."**

**Svar:** Alice Baring úr kvikmyndinni Hush frá árinu 1998.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Góðan dag með Róbert Marshall. **9.03** Dagmál Odds Ástráðssonar og Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson og Sigurjón M. Egilsson. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson.

**14.03** Birta – Umsjón: Ritstjórn Birtu. **15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Grískar þjóðsögur og ævintýri **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.50** Auðlind **13.05** Gylltir fjötrar **14.03** Útvarpssagan: Karlotta Lövenskjöld **14.30** Tíminn eirir engu **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.27** Tónlistarkvöld Útvarpsins **21.00** Ævintýri H.C.Andersens **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsleikhúsið: Brúni pakkinn **23.10** Hlaupanótan

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Útvarp Samfés **21.00** Konsert með Leaves **22.10** Óskalög sjúklinga

**0.10** Glefsur **1.03** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Halli Kristins

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurflutningur frá deginum áður) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR **15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurfl. frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**20.30** *Íþróttir*

**Þú ert í beinni! Íþróttaumræðuþáttur í umsjón Valtýs Björns Valtýssonar.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**17.45** David Letterman

**18.30** **The World Football Show** (Fótbolti um víða veröld)
**19.00** **Bandaríska mótaröðin í golfi**
**20.00** **Inside the US PGA Tour 2005** (Bandaríska mótaröðin í golfi) Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt.
**20.30** **Þú ert í beinni!** Beinskeyttur umræðuþáttur um allt það sem efst á baugi í íþróttaheiminum hverju sinni.
**21.30** **Fifth Gear** (Í fimmta gír)Breskur bílaþáttur af bestu gerð. Hér er fjallað jafnt um nýja sem notað bíla en ökutæki af nánast öllum stærðum og gerðum koma við sögu. Greint erfrá nýjustu tíðindum úr bílaiðnaðinum og víða leitað fangað. Á meðal umsjónarmanna er Quentin Wilson, einn þekktasti bílablaðamaður Breta.
**22.00** **Olíssport**
**22.30** **David Letterman**

**23.15** Þú ert í beinni!

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið **19.00** Íslenski popp listinn **21.30** I Bet You Will **22.03** Jing Jang **22.40** Kenny vs. Spenny **23.10** Sjáðu (e)

**TCM**

**19.00** Wild Rovers **21.10** Cannery Row **23.10** Rogue Cop **0.40** The Adventures of Quentin Durward **2.20** Damon and Pythias

**HALLMARK**

**12.45** Gracie's Choice **14.15** Skylark **16.00** Touched By An Angel II **17.00** MacShayne: Final Roll of the Dice **18.30** Jessica **20.15** Taggart: Knife Edge **22.30** Jessica **0.15** MacShayne: Final Roll of the Dice **1.45** Taggart **4.00** Pals **5.30** Picture Perfect

**BBC FOOD**

**12.00** Dinner in a Box **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Soul Food **13.30** Grigson **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Friends for Dinner **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Jamie Oliver's Pukka Tukka **16.30** Nigel Slater's Real Food **17.00** Big Kevin Little Kevin **17.30** James Martin: Yorkshire's Finest **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Soul Food **19.30** Galley Slaves **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Antonio Carluccio's Italian Feast **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**

**12.00** Mercedes over grænsen **12.30** Pianolærerinden **12.50** Rabatten **13.20** Hvad er det værd? **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Boogie **15.00** Barracuda **15.30** Kim Possible **16.00** Fandango – med Chapper **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Nyhedsmagasinet **17.30** Lægens bord **18.00** Kender du typen? **18.30** Konsum **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Det ægte par **20.30** Humorakademiet – Hvor blev de af? **21.00** Negermagasinet **21.30** Drabsafdelingen **22.20** Boogie

**SV1**

**13.00** Wild Kids **14.00** Rapport **14.05** Djursjukhuset **14.35** Perspektiv **15.05** Anslagstavlan **15.10** Karamelli **15.45** Pi **16.00** BoliBompa **16.01** Piggley Winks äventyr **16.25** Barnen på Lilla Akademin **16.45** Lilla Aktuellt **17.00** Raggadish **17.30** Rapport **18.00** Antikrundan **19.00** Naturfilm – Det vilda Afrika **20.00** Dokument utifrån: Kidnappad – Ingrid Betancourt **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Uppdrag Granskning **22.20** Orka! Orka! **23.05** Sändningar från SVT24











**Hvíta línan frá Hollandi komin aftur**

Opið virka daga 10–18, laugardaga 11–16 og sunnudaga 13–16

mira art HÚSGÖGN

BÆJARLIND 6
KÓPAVOGI
SÍMI 554 6300
WWW.MIRAART.IS







Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



## HRÓSIÐ

*...fær Ragnhildur Gísladóttir, sem hefur skemmt okkur með Stuðmönnum um áratugaskeið. Ragga ætlar nú að róa á ný mið og kveður Stuðmenn í bili.*

## AÐ MÍNU SKAPI

**DAGBJÖRT ÁSBJÖRNSDÓTTIR, VERKEFNISSTJÓRI HJÁ ÍTR OG LISTAKONA Í LJÓSBERAHÓPNUM**

# *Samræður við Guð, Trinidad og Mark Eitzel*

**TÓNLISTIN** Safndiskurinn *American Music Club* og svo *Music for the Patriot* -diskurinn þar sem samankomnir eru margir af mínum uppáhaldstónlistarmönnum eftir dágóða pásu. *Mark Eitzel* er í sínu besta formi og yljar manni um hjartarætur með kaldhæðnislegri sjálfsvorkunn sinni og sterkum pólitískum skoðunum.

**BÓKIN** *Conversation with God* eftir Neale Donald Walsch. Mér finnst þessi bók mjög skemmtileg, hún er stútfull af heilbrigðri skynsemi en fær mann líka til að hugsa út fyrir rammann um tilgang lífsins og hvar maður finnur svörin.

**BÍÓMYNDIN** *Sideways*. Ég sá hana um páskana og var yfir mig hrifin. Þetta er heilnæm mynd með boðskapinn um að lífið er akkúrat núna og einu hindranir sem eru til staðar eru þær sem bærast innra með okkur sjálfum.

**BORGIN** Trinidad á Kúbu. Ég flakkaði um Kúbu árið 2000 með tveimur vinum og við enduðum í þessari litlu, sætu borg sem algjörlega heillaði mig upp úr skónum. Við bjuggum heima hjá skemmtilegu fólki sem gaf manni góða innsýn í kúbverskt samfélag. Ég sé hana enn í hyllingum, þessa litlu strangkaþólsku borg.

**BÚÐIN** Gust á Laugaveginum. Ég fíla þessa búð, hún er með ákveðinn stíl og ég kann vel við að þarna fær maður sérhönnuð föt.

**VERKEFNIÐ** Helst er að nefna nýjasta afrekið okkar í Ljósberahópnum; *Hratt og hömlulaust: raunveruleiki íslensku fjölskyldunnar?* sem er verið að sýna í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Ljósberahópurinn er eitt þeim verkefnum sem gerir svo frábært að vinna í grasrótinni, hópur áhugasamra kvenna sem hristir upp í fólki með sínum hugsjónum. Af öðru er það endurreisn Kynfræðifélags Íslands sem vill standa fyrir faglegri umræðu um kynlíf og kynheilbrigði fólks.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Lárétt:** **2** ílát, **6** sláturfélag, **8** flýtir, **9** fiskifæða, **11** tveir eins, **12** beisku, **14** sára, **16** listamaður, **17** eins um d, **18** líkamshluta, **20** tónn, **21** óhrædd.
**Lóðrétt:** **1** heil, **3** íþr. fél., **4** iðka, **5** farfa, **7** brothættir, **10** leiða, **13** grip, **15** svara, **16** nögl, **19** dýramál.

**Lausn.**

**Lárétt:** **2** skál, **6** ss, **8** asi, **9** áta, **11** tt, **12** römmu, **14** kauna, 16 kk, **17** ndn, **18** lim, **20** as, **21** órög.
**Lóðrétt:** **1** ósár, **3** ka, **4** ástunda, **5** lit, **7** stökkir, **10** ama, **13** mun, **15** ansa, **16** kló, **19** mö.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

Svör við spurningum á bls. 8

1. Ragnhildur Gísladóttir.
2. Kojo.
3. Sigrún Guðjónsdóttir.

ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
á hverju fimmtudagskvöldi
kl. 19.30 til 22.00 í síma 5511012.
ORATOR,
félag laganema við Háskóla Íslands.

JÓN GNARR: FÉKK NAFNIÐ SITT SAMÞYKKT

# Gnarr var skírður Gunnar

Mannanafnanefnd samþykkti nýverið að millinafnið Gnarr uppfyllti ákvæði laga um mannanöfn. Grínistinn og listamaðurinn Jón Gnarr sótti um að fá nafnið samþykkt og varð að ósk sinni í fyrstu atrennu.

„Þetta er fín viðurkenning af því að þetta er sniðugt nafn," segir Jón. „Það á sér reyndar fordæmi og er til forníslensku. Mig minnir að það þýði stormur á hafi úti. Það er líka þekkt úr fornensku og þýsku. Á ensku þýðir það að urra og á þýsku þýðir það marr í hurð."

Á meðal fleiri nafna sem voru samþykkt af mannanafnanefnd voru eiginnöfnin Tímoteus, Estefan og Andrá og millinafnið Hofland. Aftur á móti var nöfnunum Anndrá, Hávarr, Sven, Blær (kvenmannsnafn) og Tímótheus hafnað.

Jón var skírður Jón Gunnar en sem unglingur felldi hann niður millinafnið Gunnar og tók upphafsstafinn G. Síðan þá hefur hann alltaf skráð sig sem Gnarr, einn Íslendinga. Hann segist vera mjög þakklátur mannanafnanefnd fyrir að hafa komist að þessari niðurstöðu og vonast til að með tíð og tíma verði Gnarr að ættarnafni og að eftir 500 ár muni afkomendur hans hafa mynd af sér uppi á vegg.

Þrátt fyrir að hafa fengið samþykki fyrir nafninu Gnarr segir Jón að mannanafnalögin á Íslandi hafi alltaf verið í hálfgerðum ólestri.

Eitt hefur mátt og síðan sé það bannað á morgun. „Nöfn sem voru harðbönnuð fyrir nokkrum árum eru leyfð í dag. Það er mín persónulega skoðun að fólk eigi að fá að ráða þessu sjálft," segir hann. „Mér finnst að þú eigir að geta skírt son þinn Hótel Volkswagen ef þú vilt en kannski ekki ef þú ætlar að skíra hann Adolf Hitler, það verða að vera einhver mörk. En mér finnst þetta mannanafnarugl vera hlutur sem smátt og smátt muni fjara út og deyja."

freyr@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**JÓN GNARR** Jón fékk nafnið sitt Gnarr samþykkt hjá mannanafnanefnd í fyrstu atrennu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær ætlar **Ragnhildur Gísladóttir** ekki að syngja með Stuðmönnum á næstunni og ekki er vitað hvenær hún snýr aftur. Mikil dulúð hvílir hins vegar yfir því hver muni fylla skarð hennar. Margar eru tilkallaðar en fáar útvaldar en nokkur nöfn hafa þó heyrst í þessu samhengi. **Andrea Gylfadóttir** þykir koma mjög sterk inn enda hefur hún allt til þess að bera að geta komið í stað Ragnhildar. Þá hætti **Ragnheiður Gröndal** í Ske vegna anna en spurning er hvort þær annir séu ekki hreinlega Stuðmenn. Þá gæti dóttir Jakobs og Ragnhildar, **Bryndís Jakobsdóttir**, farið létt með þetta ábyrgðarfulla hlutverk og fengið dýrmæta reynslu áður en stökkið stóra yrði tekið út í hinn stóra heim. Þá er líka spurning hvort einhver þessara söngkvenna sé tilbúin að hella sér út í það að vera eingöngu Stuðmaður.



Sjónvarpsmaðurinn eldhressi **Sveppi** mun leika **Kalla á þakinu** í samnefndu fjölskylduleikriti sem verður sýnt í Borgarleikhúsinu í sumar. Frumsýningardagurinn færist óðum nær og æfingar verða að sama skapi tíðari og stífari. Það má því gera ráð fyrir að Sveppi verði önnum kafinn næstu vikur og mánuði og að Kalli muni óhjákvæmilega koma niður á þátttöku hans í hinum vinsælu þáttum Strákarnir á Stöð 2. Þættirnir eru sendir út alla virka daga og taka sinn tíma í framleiðslu en aðdáendur Strákanna bíða nú spenntir eftir því að það skýrist hvort Sveppi muni standa vaktina áfram eða fara í frí. Fari Sveppi í frí þurfa þeir **Auðunn Blöndal** og **Pétur Jóhann Sigfússon** að gera upp við sig hvort þeir treysti sér til að halda þættinum úti Sveppalausir eða hvort leitað verði að afleysingu en það er líklega á fárra færi að fylla skarð Sveppa.










# Fisher eins og stórstígur bóndi

Óttar Felix Hauksson, útgefandi hjá Zonet, var nýverið kjörinn formaður Taflfélags Reykjavíkur, TR.

Óttar hefur mikla reynslu úr taflheiminum því hann hefur undanfarin ár verið í stjórn TR og var á árum áður í stjórn Skáksambands Íslands.

Mikill skákáhugi hefur jafnframt verið í föðurætt Óttars. Hann varð sjálfur Íslandsmeistari í opnum flokki árið 1979, auk þess sem faðir hans, Haukur Sveinsson, tefldi í landsliðsflokki frá 1958 til 1963. Sveinn Rúnar, eldri bróðir Óttars, varð einnig fyrsti unglingameistari Íslands í skák árið 1962 og afi þeirra, Sveinn, var þekktur skákdæmahöfundur.

„Ég er mjög spenntur fyrir þessu og það er ýmislegt á döfinni, þar á meðal Evrópukepppni skáksveita seinna á árinu á Ítalíu," segir Óttar um formannsstarfið. „TR er elsta og virðulegasta taflfélag landsins og þarna er mikið unglingastarf og uppbyggingarstarf í gangi."

Óttar hitti Bobby Fischer á Hótel Loftleiðum eftir að hann var búinn í viðtali á Stöð 2. „Við hinkruðum á meðan þessi vitleysa stóð yfir. Sæmi kynnti mig sem formann TR og ég tók í höndina á honum og sagði að það væri heiður að fá hann í heimsókn og bauð hann hjartanlega velkominn," segir Óttar. „Hann var órakaður og óklipptur en virtist vera í fínu jafnvægi og ekkert þreytilegur eins og maður hélt. Hann var mjög skýrlegur til augnanna og greindarlegur en ívið lægri heldur en í minningunni. Ég hafði séð hann á sviðinu 1972 í Laugardalshöll og hann virkaði hávaxinn í minningunni en er það ekki. Göngulagið er samt alveg það sama. Hann er stórstígur eins og bóndi sem er að ganga yfir þúfur á móti vindi." ■



**STJÓRN TAFLFÉLAGS REYKJAVÍKUR** Sitjandi frá vinstri: Ríkharður Sveinsson ritari, Torfi Leósson varaformaður, Óttar Felix Hauksson formaður og Gunnlaugur Karlsson gjaldkeri. Efri röð frá vinstri: Ólafur Kjartansson, Sigurlaug Friðþjófsdóttir, Ólafur Ásgrímsson, Benedikt Jónasson og Þorfinnur Björnsson. Á myndina vantar Kristínu Sigurðardóttur og Ásgeir Tryggvason.

# UPPGÖTVAÐU
# MARBERT




Með kaupum á einu **MARBERT** 30 ml kremi:
- Moisturizing Cream – *Rakakrem fyrir allar húðgerðir*
- Comfort Cream – *Rakakrem fyrir viðkvæma húð með rósroða*
- Profutura 2000 – *Styrkjandi og stinnandi rakakrem*

Færðu að gjöf:
- Soft Cleansing Emulsion 50 ml – *Hreinsimjólk fyrir allar húðgerðir*
- Peach & Honey mask 30 ml – *Raka- og næringarmaski fyrir allar húðgerðir*

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

Marbert ráðgjafi verður í snyrtivörudeildum Hagkaupa fimmtudag, föstudag og laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000






BAKÞANKAR
JÓNS GNARR

# ÓLÁN

Mér finnst alltaf verið að hvetja fólk til að taka lán. Það þykir einföld og þægileg leið til að eignast eitthvað. Þó maður eigi náttúrlega aldrei það sem maður er með í láni. Eða hvað? Ég hef slæma reynslu af lánum. Ég hef tekið mikið af þeim í gegnum tíðina. Ég hef gert óraunhæfar áætlanir og lent í greiðsluerfiðleikum og vanskilum. Og oftar en ekki hef ég greitt lánin upp í gegnum lögfræðinga og þurft að borga margfalt meira en til stóð. Allir tala með lánum, fáir gegn þeim.

**ÉG FÓR** á heimasíðu eins bankans í gær og reiknaði út, í gamni, hvað það kostaði að taka 100% íbúðarlán. Ég miðaði við upphæðina 20 milljónir, til 40 ára. Verðbólga í dag er um 3,5%. Það sem ég hefði borgað þegar upp er staðið væru alls 88.465.995. Ef verðbólgan aftur á móti yrði 5% þá yrði heildarupphæðin 127.252.329 kr. Ef verðbólgan mundi hækka upp í 10% þá mundi heildarupphæðin hækka upp í 477.368.981. Vá!

**AUÐVITAÐ** er oft nauðsynlegt að taka lán. En ungt fólk þarf að vera meira vakandi gagnvart lánum, vöxtum og kostnaði samfara lántöku. Það er svo auðvelt að steypa sér í skuldafangelsi. (Ég gerði það með aðra hendi fyrir aftan bak og bundið fyrir augu.) Lán er ekki eign, langt í frá. Það er skuld, sem verður innheimt með öllum tiltækum ráðum; innheimtuvöxtum, nauðungarsölum og gjaldþrotum.

**AUGLÝSINGAR** fjármálafyrirtækjanna og bankanna eru fullar af blekkingum. Það á að vera svo auðvelt og þægilegt að taka lán. Og öll lán eru hagstæð. Hvað er eiginlega hagstætt lán? Fyrir hvern er það hagstætt? Fyrir mér er hagstætt lán, lán sem tekur mið af greiðslugetu lánþegans og breytilegum aðstæðum hans. Verðtryggt lán finnst mér ekki hagstætt, sérstaklega vegna þess að launin mín eru ekki verðtryggð. Að taka verðtryggt lán er eins og að spila rússneska rúllettu.

**ÉG HELD** að lán hafi farið alveg jafnilla með heilsu Íslendinga og reykingar. Kannski þarf að stofna Lánavarnaráð og setja feitletruð viðvörunarorð á víxileyðublöð og lánsumsóknir eins og gert er við sígarettupakka.

**Á ÍSLENSKU** er lán tengt heppni. Og sumir eru lánsamari en aðrir. En lán verður auðveldlega að óláni. Lán er skuld.




